



Flugmálastjórn Íslands

# Flugslysaæfing



# Eyjar 2003





## Inngangsorð.

Þann 26. mars 1998 var haldin flugslysaæfing á Vestmannaeyjaflugvelli. Sú æfing var liður í lotu flugslysaæfinga sem Flugmálastjórn Íslands hefur staðið fyrir á stærri áætlunarflugvöllum undanfarin sjö ár. Tekin var saman skýrsla að æfingunni lokinni með helstu lærdómsatriðum og send öllum hluteigandi aðilum. Allt var þetta liður í því að efla og bæta viðbragðskerfið í Vestmannaeyjum með það fyrir augum að gera það enn hæfara að takast á við stóraföll líkt og flugslys.

Síðan að æfingin 1998 var haldin hefur mikið vatn runnið til sjávar á sviði viðbragðsmála í Vestmannaeyjum. Þar ber helst að nefna:

Æfinguna Samvörð 2002 sem er án efa langstærsta æfing á sviði neyðarviðbúnaðarmála sem Eyjamenn hafa tekist á við. Það mun vera mál manna að æfingin hafi fært Eyjamönnum haldgóðan lærdóm á sviði viðbragðsmála.

Þá var í júlí árið 2003 gefin út Flugslysaáætlun fyrir Vestmannaeyjaflugvöll. Áætlunin er sett upp samkvæmt verkþáttaskipulaginu SÁBF sem viðbragðsaðilar víða um land hafa tileinkað sér með góðum árangri, en skipulag þetta er hugsað til heildarskipulagningar neyðaraðgerða af hverjum toga. Flugslysaáætlunin hefur að geyma upplýsingar um heildarskipulag aðgerða vegna flugslysa, þar sem hlutverk þeirra sem hafa verkskyldum að gegna, eru skilgreind.

Þegar vinna við gerð flugslysaáætlunarinnar hófst voru menn sammála um að af útgáfu lokinni yrði haldin allsherjar æfing til að sannreyna virkni áætlunarinnar. Sú æfing var haldin dagana 30. október til 2. nóvember 2003.

Markmið æfingarinnar kristallast í eftirfarandi atriðum:

- sannreyna virkni flugslysaáætlunarinnar
- tryggja fræðslu á sviði viðbúnaðar og viðbrögðum við hópslysum
- reyna á samstarf og samþættingu viðbragðsaðila
- draga fram lærdóm sem nýtast megi við frekari undirbúning vegna flugslysa eða annarra hópslysa.


Æfingar líkt og EYJAR 2003 kalla á mikla vinnu fjölda aðila og hleypur beinn- og óbeinn kostnaður á milljónum króna. Hér er því um að ræða mikilsvert framlag fjölda aðila, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana sem miðar að því að tefla fram vel þjálfuðum og samhæfðum mannskap ef til stórafalla kemur.

Skýrslu þessari er ætlað að draga saman helstu upplýsingar um undirbúning, framkvæmd og niðurstöður æfingarinnar. Rétt er að benda sérstaklega á kafla 4 þar sem teknar eru saman helstu tillögur til úrbóta.

Það er von þeirra sem unnu með Eyjamönnum að æfingunni, að þessi lærdómur megi koma að gagni í áframhaldandi uppbyggingu viðbragðsmála í Vestmannaeyjum.

Árni Birgisson  
æfingarstjóri





### Efnisyfirlit.

<b>Bls.</b>	
3	Inngangsorð
5	Efnisyfirlit
7	Kafl 1 - Undirbúningsvinna æfingarinnar
10	Kafl 2 - Þátttaka í æfingunni
11	Kafl 3 - Almenn um framgang æfingarinnar
13	Kafl 4 - Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta
21	Kafl 5 - Skýrslur hópa / hópstjóra
23	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjálfboðaliðar</li></ul>
27	<ul style="list-style-type: none"><li>• Aðgerðarstjórn / Boðun</li></ul>
33	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vettvangsstjórn / Lögregla</li></ul>
43	<ul style="list-style-type: none"><li>• Slökkvilið</li></ul>
47	<ul style="list-style-type: none"><li>• Heilbrigðisþjónusta</li></ul>
61	<ul style="list-style-type: none"><li>• Björgunarsveitir</li></ul>
65	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjöldahjálp</li></ul>
75	<ul style="list-style-type: none"><li>• Flugvallarstarfsmenn</li></ul>
83	<ul style="list-style-type: none"><li>• Rannsókn og skráning</li></ul>
87	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjarskipti</li></ul>
93	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjölmiðlar</li></ul>
97	Viðaukar



# KAFLI 1

## Undirbúningsvinna æfingarinnar.

Vorið og sumarið 2003 unnu viðbragðsaðilar í Vestmannaeyjum ásamt Flugmálastjórn Íslands og embætti ríkislögreglustjóra, að gerð flugslysaáætlunar fyrir Vestmannaeyjar. Þegar sú vinna hófst sammæltust menn um að lokahnykkurinn eða stór áfangi við þá vinnu skildi vera flugslysaæfing þar sem reynt væri á virkni áætlunarinnar.

Formlegur undirbúningur hófst 10. september 2003 þegar boðað var til fundar með fulltrúum allra hlutaðeigandi starfseininga að flugslysaáætluninni. Farið var yfir tilhögun æfingarinnar, undirbúning hennar, framkvæmd og úrvinnslu. Óskað var eftir því að hver starfseining tilnefndi tengilið vegna undirbúningsvinnunnar. Hlutverk þeirra var m.a. að miðla upplýsingum um gang undirbúningsins innan sinnar starfseiningar og stuðla að eigin undirbúningi starfseiningarinnar. Þá tilnefndu Eyjamenn Jóhannes Ólafsson yfirlögregluþjón sem lykil tengilið, en hlutverk hans var að stýra undirbúningsvinnunni í Eyjum og annast tengsl við fulltrúa Flugmálastjórnar og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra sem sáum um heildar undirbúning æfingarinnar af hálfu svonefnds flugslysaáæfinga. Þar er um að ræða hóp einstaklinga sem hefur unnið með heimamönnum að undirbúningi og framkvæmd þeirra flugslysaáæfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár. Flugslysaáæfingarnar skipa fulltrúar Biskupsstofu, Flugmálastjórnar, Landlæknis, Landspítala háskólasjúkrahúss - Fossvogi, Lögreglunnar í Reykjavík, Neyðarlínunnar, Rannsóknarnefndar flugslysa, Rauða kross Íslands, Ríkislögreglustjóra, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Slökkviliðs Akureyrar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Fram að æfingunni fór fram ýmis undirbúningur, bæði innan einstakra starfseininga og milli starfseininga. Liður í því var námskeið sem Víðir Reynisson frá almannavarnadeild RLS í stjórn og störf á vettvangi sem fram fór lau. 25. október.

Loka þáttur undirbúningsins fór svo fram dagana 30. október - 1. nóvember, en þá voru fulltrúar flugslysaáæfingarinnar mættir til Eyja til þess að vinna með heimamönnum að lokaundirbúning og samhæfingu. Dagskrá þessara daga byggðist upp á fræðsluerindum, störfum vinnuhópa, undirbúningi starfseininga og stöðufundum. Sjá nánar meðfylgjandi dagskrá

Myndaðir voru vinnuhópar til að vinna að undirbúningi ákveðinna verkefna og verkþátta. Umfang vinnuhópanna var mjög misjafnt, þannig gat einn og sami maðurinn verið í fleiri en einum vinnuhóp. Vinnuhóparnir reyndust mikilvægur vettvangur til að samhæfa störf, margra viðbragðsaðila, á ákveðnu sviði. Fulltrúar flugslysaáæfingarinnar (að sunnan og frá Akureyri) leiddu vinnunna í vinnuhópnum, en markmiðið var að sem mest af vinnunni væri unnið af heimamönnum. Dagskrár hér að aftan sýna störf einstakra hópa.

## Dagskrá vegna flugslysaæfingarinnar Eyjar 2003

### Flugslysaæfingar Vestmannaeyjar 2003 Almenn dagskrá

Kl.	Fim. 30. okt.	Fös. 31. okt.	Lau. 1. nóv.	Sun. 2. nóv.
08:00 - 09:00		Vinnuhópar að störfum	Vinnuhópar að störfum	
09:00 - 10:00	Setning æfingarinnar og kynning (handrit) Flugslysaáætlunin / verkaskipti		Samræming 08:00- Greiningast. 09:45	
10:00 - 11:00	Ferli og flokkun slasaðra Umgegnni um vettvang með tilliti til rannsóknar	Samræming 10:00- Sjúkramál 10:45		
11:00 - 12:00	Kynning á vinnuhópum		Stöðufundur (hópstjórar og lykil stjórnendur)	
12:00 - 13:00	Matur	Matur		
13:00 - 14:00	Samræming 13:00- Vettvangsstj. 13:30	Vinnuhópar að störfum		Rýnifundur
14:00 - 15:00	Vinnuhópar að störfum	Samræming 14:00- Skráning 14:30	Æfing	
15:00 - 16:00		Samræming 15:00- Vettvangsstj. 15:30		
16:00 - 17:00				
17:00 - 18:00	Stöðufundur (hópstjórar og lykil stjórnendur)	Stöðufundur (hópstjórar og lykil stjórnendur)		
18:00 - 19:00	Matur	Matur	"Sundnámskeið"	
19:00 - 20:00	Flugslysið við Höfn 1998 / Lærdómur tengdur flugslysaáðgerðum	Fjölmíðlar og hópslys		
20:00 - 21:00	Ýmiss undirbúningur / fræðsla	Ýmiss undirbúningur / fræðsla		
21:00 - 22:00			Sameiginlegur matur	
22:00 - 23:00				

Allir að mæta

Ákveðnir aðilar (ákvörðun hópstjóra)

Ákveðnar starfseiningar (SL, RKÍ o.fl.)

Lykil aðilar að mæta

Frjálst (ýmiss erindi)

## Vinnuhópar við undirbúning flugslysaeðingarinnar Eyjar 2003

- ⇒ Hópstjórar koma úr röðum flugslysaþópsins (að sunnan) og eru feitlettraðir í dálk þrjú.  
 ⇒ Tillaga að þátttöku / mönnun heimamanna er að finna í aftasta dálkinum (ATH er als ekki tæmandi listi).

**Mjög mikilvægt er að heimamenn taki virkan þátt í þeim vinnuhópum sem að þeim og þeirra starfseiningum lúta.**

Nr.	Heiti / viðfangsefni	Flugslysaþópurinn (sunnanlið)	Heimamenn (ekki tæmandi!)
1	<b>Skipulag vettvangs</b> (það að búa til slysið)	<b>Jóhann Þ. Jónsson</b> & Ingimar Eydal (SA) Jón F. Jóhannsson & Lárus Petersen (SHS) Bára Benedikts & Jón Baldursson (LSH) Vigdís Agnarsdóttir (RKÍ v. sjálfboðaliða)	Slökkvilið, björgunarsveitir, flugvallarstarfsmenn
2	<b>Sjálfboðaliðar</b> (leikarar)	<b>Vigdís Agnarsdóttir</b> (RKÍ) Heimir M. Pétursson (FMS) (v. fjölmiðla)	Rauða kross deild
3	<b>Keyrslustjórn</b> (handrit og bakskipulag)	<b>Arni Birgisson</b> & Kristján Torfason (FMS)	Ekki heimamenn
4	<b>Aðgerðastjórn</b> (yfirstjórn og boðun)	<b>Gyða Á. Helgadóttir</b> (RLS-AV) Björn M. Jónsson (NL) Jónína S. Sigurðardóttir (FML) (Þorsteinn Þorkelsson) (SL)	Almannavarnanefnd / þeir sem munu manna eða koma að aðgerðastjórn
5	<b>Vettvangsstjórn</b>	<b>Viðir Reynisson</b> (RLS-AV) Jón F. Jóhannsson (SHS) Ágúst Svansson (LR) Friðfinnur F. Guðmundsson (SL) Jónína S. Sigurðardóttir (FML)	Lögreglan, slökkvilið, heilbrigðisstarfsmenn, björgunarsveitir og aðrir sem munu manna eða vinna að vettvangsstjórn
6	<b>Slökkvilið</b>	<b>Jón F. Jóhannsson</b> , Lárus Petersen (SHS) Ingimar Eydal, Jóhann Þ. Jónsson (SA)	Slökkvilið
7	<b>Heilbrigðisþjónustan</b>	<b>Jón Baldursson</b> , Guðbjörg Pálsdóttir, Bára Benediktsdóttir, Margrét Blöndal, Mikael S. Mikaelsson (LSH) Anna S. Vernharðsdóttir (SL) Lárus Petersen (SHS)	Læknar, hjúkrunarfræðingar, prestar, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitir
8	<b>Áfallahjálpar / sálgaesla</b>	<b>Margrét Blöndal</b> (LSH/LL) Jóhann Thorodsen (RKÍ) Carlos Ferrer (BÍ)	Áfallahjálparteymi, heilbrigðisstarfsfólk, prestar rauða kross deild.
9	<b>Lögreglan</b>	<b>Ágúst Svansson</b> (LR)	Lögreglan
10	<b>Björgunarsveitir</b>	<b>Atli M. Markússon</b> , Anna S. Vernharðsdóttir, Friðfinnur F. Guðmundsson, (Þorsteinn Þorkelsson) (SL)	Björgunarsveitir
11	<b>Fjöldahjálpar</b>	<b>Herdís Sigurjónsdóttir</b> , Jóhann Thorodsen, Þórir Guðmundsson (RKÍ)	Rauða kross deildir
12	<b>Flugvallarstarfsmenn</b>	<b>Ingimar Eydal</b> , Jóhann Þ. Jónsson (SA) Bergþór N. Bergþórsson (FMS)	Starfsfólk á flugvelli
13	<b>Rannsókn / skráning</b>	<b>Steinar Steinarrson</b> (RNF) Ágúst Svansson (LR) Viðir Reynisson (RLS-AV) N / N (RLS-KN) Bára Benediktsdóttir (LSH) Herdís Sigurjónsdóttir (RKÍ)	Lögreglan, slökkvilið, rauði kross deild heilbrigðisstarfsmenn, björgunarsveitir, o.fl.
14	<b>Fjarskipti</b>	<b>Jónína S. Sigurjónsdóttir</b> (FMK) Ágúst Svansson (LR) Jón F. Jóhannsson (SHS) Atli M. Markússon (SL)	Lögreglan, björgunarsveitir, slökkvilið
15	<b>Fjölmiðlar</b>	<b>Heimir M. Pétursson</b> (FMS) Þórir Guðmundsson (RKÍ)	Staðar fjölmiðlar

## KAFLI 2

### Þátttaka í æfingunni.

Undirbúningur og framkvæmd æfingar líkt og þeir sem hér um ræðir kalla á vinnu fjölda einstaklinga. Ekki nóg með að það þurfi mannskap til þess að "leysa vandamálið" (flugslysið), heldur þarf líka mannskap til þess að "búa til vandamálið". Þannig má í raun segja að þátttakendur í æfingunni hafi verið að tvennum toga: þeir sem settu upp og léku vandamálið og þeir sem að leistu vandamálið.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum má ljóst vera að þátttakendur í æfingunni hafi verið 240 manns. Þar af voru um 196 heimamenn og 44 aðkomumenn. Heildarfjöldi viðbragðsaðila sem vann að "lausn vandans" voru um 146. *Sjá nánar lista yfir þátttakendur.*

#### Listi yfir þátttakendur

Starfseining	Fjöldi
Almannavarnanefnd Vestmannaeyja / aðgerðastjórn	10
Björgunarfélag Vestmannaeyja	35
Flugfélag Íslands í Eyjum	2
Flugfélag Vestmannaeyja	5
Flugmálastjórn Vestmannaeyjum	5
Flugmálastjórn Bakka	2
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	30
Lögreglan í Vestmannaeyjum (með sjúkrabíl)	11
Rauða kross deild Vestmannaeyja	17
Slökkvilið Vestmannaeyja	29
Leikarar (sem léku sjúklinga og aðstandendur)	50
Flugslusahópurinn "ofan af landi"	32
Gestir "ofan af landi"	12
<b>Samtals</b>	<b>240</b>

# KAFLI 3

## Almennt um framgang æfingarinnar.

Fyrirkomulag æfingarinnar var með þeim hætti að "allir máttu vita allt". Þannig var æfingin ekki hugsuð sem úttekt eða próf, þar sem búið væri til slys sem enginn fengi að vita neitt um þar til á hólminn væri komið. Þannig var æfingin fremur hugsuð sem heildstætt þjálfunarferli þar sem viðbrögð starfseininga væru vandlega samhæfði og undirbúin, með hliðsjón af tilteknum aðstæðum. Ein af ástæðum þess að þetta er gert er að með þessum hætti er auðveldara að kafa dýpra ofan í samvinnu og samhæfingarmál viðbragðsaðila, enda má með sanni segja að það sé þungamiðja velheppnaðra aðgerða ef það tekst að samhæfa störf fjölda ólíkra viðbragðseininga.


Eftirfarandi er atburðarlýsing sú sem lagt var upp með á æfingunni:

Heiti æfingar	Eyjar 2003
Staðsetning	Suðurendi flugbrautar 04
Tímasetning	1. nóvember 2003 kl 13:00

Kl. 13:00 tilkynnir flugumferðarstjóri í flugturninum í Vestmannaeyjum um flugslys í Vestmannaeyjum:

*TF-EYB sem er Fokker 50 var í aðflugi inn á braut 04. Á stuttri lokastefnu virðist vélin lenda í kröftugu niðurstreymi og nær ekki inn á brautina. Hún skellur til jarðar við enda brautarinnar og brotnar í nokkra hluta sem dreifast við brautarendann og að einhverju leyti inn á brautina. Miklir eldar loga. Um borð eru 50 farþegar og 3 í áhöfn. Afleiðingarnar eru þær að 26 slasast, 14 slasast ekki og 13 láta lífið.*

Við undirbúning æfingarinnar var slysstaðurinn skipulagður skv. neðangreindri mynd.



**Vettvangsuppráttur**

Æfingin hófst svo með þeim hætti að þegar allt var tilbúið á vettvangi voru eldar kveiktir. Til þess að tryggja að nægilegur hiti næði að myndast var flugumferðastjóri í flugturninum á Vestmannaeyjaflugvelli tilkynnt af æfingastjóra hvenær slysið ætti sér stað, þannig að hann gæti hafið virkjun aðgerðarinnar.

Þegar æfingastjóri tilkynnti síðan flugumferðarstjóranum að slysið hafi átt sér stað (c.a. 3-4 mínútum eftir að eldar voru kveiktir), hringdi hann í Neyðarlínuna (112) og óskaði eftir boðun vegna flugslys á Vestmannaeyjaflugvelli. Sumir viðbragðsaðilar voru heimavið eða fjarri sínum starfsaðstöðum og mættu líkt og um raunverulegt tilfelli væri að ræða. Aðrir viðbragðsaðilar voru í sínum starfsaðstöðum þegar að kallið kom, en biðu áætlaðan viðbragðstíma áður en haldið var á vettvang. Með þeim hætti ætti innkoma viðbragðsaðila að hafa verið með sem raunhæfustum hætti.

Æfingunni var slitið þegar að allir höfuð verið fluttir af vettvangi og störf í fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda var lokið og / eða vel á veg komin.

Það er óhætt að segja að á heildina litið hafi æfingin gengið mjög vel og ánægjulegt að sjá góða og áhugasama þátttöku frá hinum ýmsu viðbragðseiningum. Að öðru leiti er vísað í kafla 5 um niðurstöður æfingarinnar.

# KAFLI 4

## Helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta.

Hér að aftan eru skýrslur frá helstu starfshópum sem unnu að undirbúningi og framkvæmd æfingarinnar. Skýrslurnar eru unnar af fulltrúum flugslysahópsins (sunnanmenn og Akureyringar), sem á æfingunni höfðu það hlutverk að fylgjast með framgangi æfingarinnar. Í viðauka er að finna skýrslur sem bást frá heimamönnum og fundargerð rýnifundar sem haldinn var í kjölfar æfingarinnar.

Rétt er að menn hafi það í huga að þegar dregin er lærdómur af æfingum skiptir mjög miklu máli að menn geri sér grein fyrir því á hverju lærdómurinn (góður eða slæmur) byggist. Er það vegna æfingarlegs atriðis, sem ekki myndi gerast í raunveruleikanum dæmi: sjúklingur sýndi ekki rétt einkenni við tilteknum áverka; eða eru þau framkvæmdarlegum / raunverulegum toga, sem allt eins gæti gerst í raunveruleikanum, dæmi: fjarskipti frá vettvangsstjóra til söfnunarsvæðis slasaðra voru ófullnægjandi. Það er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum atriðum þegar menn hyggjast nýta lærdóminn til frekari vinnslu, svo sem við gerð eða endurskoðun flugslysaáætlunar eða verksskipulags einstakra starfseininga.

### Helstu tillögur til úrbóta:

Þessar tillögur til úrbóta eru dregnar úr skýrslum hópstjóra (sjá kafla 5)

Hópur	Tillögur til úrbóta
Skipulag vettvangs	Engar tillögur
Sjálfbóðaliðar	Illa gekk í undirbúningi að fá nógu marga sjúklinga og aðstandendur í leikhlutverk. Það má sennilega kenna því um að mikið var um að vera í Vestmannaeyjum þennan dag. Leiksýning, lúðrasveitatónleikar, handboltaleikur og fleira. Þetta bjargaðist þó með samstilltu átaki. Til úrbóta mætti reyna að auglýsa eftir leikurum í bæjarblöðum með góðum fyrirvara.
Sjálfbóðaliðar	Varðandi staðsetningu sjúklinga á vettvangi þá verðum við Jóhann Þór að vinna það betur fyrirfram svo styttri tíma taki að koma öllum fyrir.
Sjálfbóðaliðar	Björgunarmenn verða að gæta sín betur við klippuvinnu og verja leikara vel. 3 leikarar fengu glerbrot í augun, sem tókst þó að fjarlægja á staðnum. Spurning um að nota hlífðargleraugu á leikarana þegar verið er að klippa.
Sjálfbóðaliðar	Einn leikari var ofkældur við komu á sjúkrahús þar sem hann var meðhöndlaður. Mörgum öðrum varð verulega kalt. Erfitt er að ráða við þess háttar uppákomur þegar búið er að brýna fyrir fólki að koma vel klætt til leiks. Það er spurning hversu langt á að ganga í að hafa vit fyrir fólki/leikurum.
Sjálfbóðaliðar	Í framtíðinni mætti hugsa fyrir því að þátttakendum sé boðin hressing í lokin eins og aðgerðastjórn gerði á þessari æfingu. Sérstaklega ef veður er mjög kalt og/eða blautt.
Keyrslustjórn	Engar tillögur
Aðgerðarstjórn	Hugmyndir komu upp að senda myndir til Aðgerðarstjórnar af vettvangi, þetta mætti t.d. gera með því að senda aðila úr Aðgerðastjórn á staðinn og taka stafrænar myndir sem sýna mætti svo á miðstöð Aðgerðastjórnar.
Aðgerðarstjórn	Til að samræma tímaskráningu var lagt til að klukka væri á vegg aðgerðarstjórnar. Þetta ætti við um hvenær atburðir væru tilkynntir

	og hvenær og hvernig væri brugðist við þeim.
Aðgerðarstjórn	Lagt er til að skipuð verði aðgerðastjórn til framtíðar fyrir ýmiss verkefni sem gætu komið upp.
Vettvangsstjórn/lögregla Atriði við undirbúning æfingarinnar	Þáttur keyrslustjórnar: Skila þarf dagskrá vegna hópavinnu fyrir.
Vettvangsstjórn/lögregla Atriði við undirbúning æfingarinnar	Þáttur heimamanna: Ekki voru fulltrúar frá heilbrigðisstarfsfólki á undirbúningsnámskeiðinu.
Vettvangsstjórn/lögregla	<b>Vettvangsstjórn</b> Það kom fyrir að upplýsingar sem bárust varðandi talningu og það skilaði sér ekki rétt í bókunir. Skráningarmaður heyrði ekki allt sem fram fór í fjarskiptum og átti því erfitt með að bóka allt. Vettvangsstjóri hefði mátt fara og hitta aðhlyningarstjóra fyrir þegar upplýsingar bárust ekki frá SSS og ljóst að eitthvað var að. Ekki var mikið hugað að áætlunarmálum (Áætlanir ekki virkar). Þrátt fyrir að líklega væri ekki nóg að björgunarfólki á vettvangi fór VS ekki í að láta kanna hvort hægt væri að fá aðstoð og þegar tilboð um slíkt barst var ekki tekin um það ákvörðun (Bjargir ekki virkar).
Vettvangsstjórn/lögregla	<b>Björgunarstjóri</b> Þjálfar þarf fleiri af stjórnendum slökkviliðs til að sinna hlutverki björgunarstjóra, eins og það er sett fram í gildandi flugslysaáætlun.
Vettvangsstjórn/lögregla	<b>Gæslustjóri</b> Illa gekk fyrir Gæslustjóra að ná í vettvangsstjórn vegna vandamála með fjarskipti. Notaði síma til að koma áriðandi upplýsingum frá sér.
Vettvangsstjórn/lögregla	<b>Flutningastjóri</b> Ekki var öllum ljóst að búnaður var til á biðsvæði búnaðar og því var verið að leita að búnaði annarstaðar, þetta er atviki sem lagast með frekar þjálfun.
Vettvangsstjórn/lögregla	Í Vestmannaeyjum verði til vel þjálfaðir vettvangsstjórnar og aðrir aðilar til að starfa í vettvangsstjórn.
Vettvangsstjórn/lögregla	Þjálfaðir verði verkþáttastjórnar
Vettvangsstjórn/lögregla	SÁBF kerfið verði kynnt vel og menn temji sér notkun þess til að tryggja að öllum verkefnum sé sinnt.
Vettvangsstjórn/lögregla	Notuð verði eyðublöð til skráningar upplýsinga.
Vettvangsstjórn/lögregla	Skráningarmaður í vettvangsstjórnarbíl hafi hlustun á fjarskipti
Vettvangsstjórn/lögregla	Aðilar sem koma að stjórn aðgerða á vettvangi fái reglulega tækifæri á að halda við sinni þekkingu.
Vettvangsstjórn/lögregla	Sett verði inn í áætlunina að aðgerðarstjórn hefji strax boðun flutningstækja.
Vettvangsstjórn/lögregla	Lögreglumenn verði boðaðir út af Neyðarlínunni
Slökkvilið	Skortur er á þekkingu slökkviliðsmanna á umönnun sjúkra og slasaðra. Eins og allir vita þá eru sjúkraflutningar í höndum lögreglu á staðnum og aðeins einn sjúkrabíll á staðnum. Ekki er ég alveg viss á hversu margir hafa menntun sjúkraflutningsmanna hjá lögreglunni en eitt er víst að í svona slysi hefur lögregla í nógu öðru að snúast. Þau úrræði til úrbóta er við sáum er að slökkviliðið taki yfir sjúkraflutninga og mennti stærri hóp manna en nú er til að sinna þessu mikilvæga hlutverki.
Slökkvilið	Það kom upp vangaveltur hjá okkur þegar að ljóst var að langan tíma tæki að klippa slasað fólk úr flakinu hvort Björgunarstjóri hefði ekki átt að kalla sérhæfða læknaaðstoð á staðinn aftur til aðhlyningar. Við heyrðum aldrei hvort þess var óskað. Það er þó ljóst að þarna voru mikið slasaðir einstaklingar og í svona stöðu getur verið erfitt að forgangsraða.

Slökkvilið	Það má segja að vegna þessa þá var að því okkur fannst of lítið frumkvæði að hálfu slökkviliðsmanna í að sinna sjúklingunum, það var eins og þínulítill hræðsla í að taka af skarið. Samvinna björgunarfélagsins og slökkviliðsins þ.e. að blanda aðeins upp hópunum eins og varð síðan í restina hefði verið góð fyrir í æfingunni.
Slökkvilið	Ekki er hægt að láta ónefnt hvernig fjarskiptamálum er háttað í Eyjum hjá öllum útkallsaðilum. Það var eitthvað sem allir aðilar eru búnir að lýsa yfir að þurfi að laga og samræma á tækniöld.
Heilbrigðisþjónusta <b>Sunnanmenn:</b>	Fylgja þarf eftir við landlækni og heilbrigðisyfirvöld tillögum starfshóps um heildarskipulag vegna slysa (trauma system), sérstaklega þeim hluta, sem fjallar um þjálfun og búnað heilbrigðisstarfsmanna og annarra viðbragðsaðila.
Heilbrigðisþjónusta <b>Sunnanmenn:</b>	Mælst er til að Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórans endurskoði orðalag á SÁBF-kerfinu fyrir vettvangsstjórn og geri breytingar til samræmis við reynslu og þróun allra síðustu ára. Í stað “frumgreiningar” komi “bráðaflokkun”, verkþættir sjúkrahjálpar verði <i>áverkamat, meðferð, flutningssákvarðanir</i> og <i>skráning</i> . Stjórnandi sjúkrahjálpar verði nefndur “sjúkrahjálparstjóri” en ekki “aðhlyningarstjóri” til samræmis við aðra meginverkþætti framkvæmda í skipuritinu.
Heilbrigðisþjónusta <b>Sunnanmenn:</b>	Áveða þarf framtíðarfyrirkomulag merkinga sjúklinga við hópslys. Lagt er til að eingöngu verði notuð spjöld en borðar lagðir til hliðar og er það liður í sama heildarskipulagi og getið er um í a-lið.
Heilbrigðisþjónusta <b>Sunnanmenn:</b>	Ljúka þarf vinnslu skráningareyðublaða í ljósi reynslunnar af þessari æfingu. Vonir hafa vaknað um, að nýtt skráningarfyrirkomulag verði tekið upp sem hluti af daglegu starfi sjúkraflutninga og muni vandinn þá leysast að mestu leyti þar sem völ verði á skrásetjurum, sem eru vanir fyrirkomulaginu. Hópstjóri tekur að sér að safna saman og koma á framfæri við skráningarhóp ýmsum góðum ábendingum, sem borist hafa um þessi atriði.
Heilbrigðisþjónusta <b>Sunnanmenn:</b>	Í framtíðinni þarf að fá meiri þátttöku utanaðkomandi aðila til að gera æfingarnar raunhæfari, s.s. að fá greiningarsveit LSH á staðinn á rauntíma og helst að flytja hana með þyrlu Landhelgisgæslunnar til að æfa saman alla aðila.
Heilbrigðisþjónusta <b>Sunnanmenn:</b>	Feril “óslasaðra” þarf að skilgreina á raunhæfari hátt en gert hefur verið á æfingum undanfarinna ára. Staðreyndin er sú, að allir, sem verið hafa um borð í flugvél, sem brotlendir eða hugsanlega hafa orðið fyrir öðrum álíka háorkuáverka, þurfa að fara í gegnum bráðaflokkun og áverkamat strax á vettvangi. Þótt litlir áverkar finnist við fyrstu athugun, er farsælast að sleppa ekki strax hendinni af þessum sjúklingum, heldur hafa þá þar sem hægt er að líta eftir þeim a.m.k. fyrstu klukkustundirnar.
Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	Koma verður á formlegra og reglubundnara samstarfi milli HV, sjúkraflutninga lögreglunnar og Björgunarfélagsins. Ítrekuð er fyrri tillaga frá 1998 um sameiginlegar æfingar. Þær ætti að halda árlega eða oftár og samráðsfundi mun oftár.
Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	Stjórnandi sjúkrahjálpar verður að vera þjálfaður til þess starfs. Eðlilegt er að ætla, að hann sé skipaður af HV rétt eins og vettvangsstjóri er skipaður af lögreglu. Hafa ber í huga, að þetta þýðir ekki nauðsynlega að viðkomandi sé starfsmaður HV. Björgunarfélagið hefur t.d. innan sinna vébanda leiðbeinendur í fyrstu hjálp, sem þjálfaðir hafa verið til þessara starfa. Samráð skv. a-lið mun leysa úr þessu eins og fleiru.
Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	Vaktlæknar HV þurfa allir að sækja námskeið í bráðalækningum utan sjúkrahúsa. Allir aðrir starfsmenn, sem þurfa hugsanlega að starfa í greiningarsveit vinna önnur störf á vettvangi eða við sjúkraflutninga, verða að fá til þess lágmarksþjálfun.

Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	HV vantar tilfinnanlega margvíslegan búnað, svo sem hlífðarfatnað og merkingar fyrir vaktlækna til starfa á vettvangi, talstöð fyrir stofnunina og vaktlækninn, nýjan og betri búnað vaktlæknis og greiningarsveitar til að þjónusta sjúklinga á vettvangi o.s.frv.
Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	Lagt er til að Neyðarlínan kalli út vaktlækni HV beint en ekki lögreglan.
Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	Nauðsynlegt er að þjálfa fleiri sjúkraflutningamenn til starfa í Vestmannaeyjum þannig að eingöngu verði þjálfað fólk með réttindi við þau störf í framtíðinni.
Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	Auka þarf sjúkraflutningagetu í Vestmannaeyjum og útbúa varaflutningstæki að lágmarki með festingum fyrir sjúkrabörur.
Heilbrigðisþjónusta <b>Heimamenn:</b>	Endurskoða þarf staðsetningu SSS í ljósi reynslunnar af þessari æfingu, bæði í Vestmannaeyjum og líklega á landsvísu. Flugstöðvarbyggingin mundi veita slösuðum mun betra húsaskjól og eðlilegt að þeir gangi fyrir um það umfram ómeidda. Finna þarf leið til að rýma bygginguna og koma aðstandendum og öðrum úr byggingunni á annan stað. E.t.v. má virkja suma þeirra til hjálparstarfsins vegna slyssins.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Hópstjóri áfallahjálpar/sálgæslu lagði ekki nógu mikla áherslu á mikilvægi þess að allir sem taka þátt í æfingunni mættu á fræðsluna sem í boði var fyrir æfinguna þ.e. um skipulag neyðarviðbragða SÁBF. Sérstaklega er fræðslan sem lýtur að vinnu á vettvangi mikilvæg.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Teyminu fannst dagskráin sem gefin var út fyrir æfinguna illskiljanleg. Erfitt að lesa út úr hvað var opið fyrir alla að mæta á eða hvað ekki og upplýsingar um staðsetningar fundanna/fræðslunnar vantaði oft. Þar að auki breyttist dagskráin fram á síðustu stundu sem varð til þess að ýmsar útgáfur voru í gangi.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Hópurinn áfallahjálp/sálgæsla þarf að hafa fræðsluna mánuði fyrir æfingu og fá þar skýrt fram með formlegum hætti hvort og hverjir ætli að taka þátt í æfingunni. Gera þarf könnun á því hvaða tímar henta fyrir fræðslu þannig að sem flestir geti mætt. Hugsanlega mætti lesa inn einhverja fyrirlestra á “power point” og senda heimamönnum svo þeir geti undirbúið sig þegar þeim hentar. Þannig væri hægt, dagana tvo fyrir æfingu að leggja meiri áherslu á undirbúning hagnýtra atriða í æfingunni.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Fram kom í viðrun leikara að þeim fannst hinn langi tími eftir að þeir komu inn á söfnunarsvæði slasaðra mjög erfiður. Þeim var kalt, voru “svektir” á hvað þeim var seint sinnt þrátt fyrir að eiga að vera með “alvarlega áverka” og voru mörg löngu hætt að leika. Gæta þarf að álagi á leikara sérstaklega þegar þeir eru svo ungir að árum sem raun bar vitni.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Spurning er hvort æfing með færri farþega hefði nýst betur fyrir fagfólkið þannig að leikarar á SSS hefðu frekar haldið út í hlutverkum sínum og aðstæður orðið trúverðugri.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Tveir “bréfprestar” voru settir um borð í “bréfaflugvél” sem síðan var sett til hliðar og ekki endurvakin. Upplýsingar bárust ekki um hvað af þeim varð.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Fylgja þarf eftir við heilbrigðisyfirvöld og landlækni “skipulagi áfallahjálpar á neyðartímum” sem samþykkt var í janúar s.l.

Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Áfallahjálparteymi HV þarf að fá faglega og stjórnunarlega ábyrgð.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis:</b>	Tryggja þarf fjárhagslegan grundvöll þannig að meðlimir teymis sem ekki vinna á sjúkrahúsinu fái greitt fyrir útköll. Aðgangur þarf að vera að bíl, gsm síma og hugsanlega að stjórnandi hafi einnig talstöð.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Heimanenn:</b>	Teymið hafði ekki tekið formlega ákvörðun um að taka þátt í æfingunni og hópstjóra áfallahjálp/sálgæslu var það ekki ljóst.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Heimanenn:</b>	Tengiliður sjúkrahúss var jafnframt tengiliður teymis við sjúkrahóp. Eðlilegra að starfsmanni teymis væri falið að vera tengiliður við hópstjóra áfallahjálp/sálgæsla til að fækka milliliðum í undirbúningi. Einhver misskilningur virðist hafa komið upp eftir að skipt var um tengilið í Eyjum en hópstjóri (MB) hefði samt átt að fylgja því eftir
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Heimanenn:</b>	Teyminu fannst mikil þörf á sálrænni skyndihjálpi á SSS fyrst eftir slysið þar sem þeir slösuðu sáu margt "ljótt". Mikilvægt er að koma óslösuðum frá því sem getur verið meira ógnvekjandi en orðið er. Greining og meðferð slasaðra þarf samt <b>að ganga fyrir</b> á SSS og mikilvægt <b>að lúta þar stjórnanda lækni</b> . Eftir háorkuáverka eiga sjúklingar að vera undir eftirliti heilbrigðisstarfsmanna eins lengi og stjórnandi læknir ákveður. Með frekari æfingum og fræðslu skýrast þessir þættir og það að öllum finnst allt taka langan tíma í svona aðstæðum.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Heimanenn:</b>	Ganga hefði mátt betur frá því hvernig leikenda var aflað til að leika sjúklinga og aðstandendur. Eins hefði þurft að gera könnun meðal sjálfboðaliða RKÍ mun fyrir um hverjir gætu tekið þátt í æfingunni og hverjir ekki. Þá var ekki ljóst hjá Rk deild hver væri fulltrúi/tengiliður RKÍ í áfallahjálparteyminu eða hvort sá aðili væri til. Það kom berlega í ljós að sjálfboðaliðar RKÍ inni á SSA voru undirmannaðir á æfingunni
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis. Hlutverk starfsaðila:</b>	Rauða kross deild er ekki að vinna að áfallahjálparmálum með áfallahjálparteyminu. Áriðandi er að koma á slíkri samvinnu því fjöldahjálpin er á ábyrgð Rauða krossins og teymið þarf að vinna innan vébanda fjöldahjálparstöðva (og á SSA) og lúta þar stjórn RKÍ.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Stjórnun:</b>	Skortur var á haldbærum upplýsingum um fórnarlömb eins og kom fram í viðrun leikara sem léku aðstandendur. Einu upplýsingarnar sem bárust inn á SSA var fjöldi óslasaðra og slasaðra en engin nöfn. Kl. 15:30 var leikurinn blásinn af en þá voru ekki komin neinar upplýsingar um nöfn. Gera má þó ráð fyrir að svona geti þetta verið í raun en setja þarf inn í skipulag að upplýsingar berist til aðstandenda <b>áður</b> en þær koma fram í fjölmiðlum eins og raunin varð á æfingunni.
Heilbrigðisþjónusta Áfallahjálp/sálgæsla <b>Stjórnun:</b>	Fréttamenn fengu að fara inn í safnaðarheimili og taka viðtöl og myndir. Þetta hefði mátt fyrirbyggja því haldinn var fyrirlestur um fjölmiðla fyrir æfinguna þar sem farið var yfir samstarf við fjölmiðla.
Björgunarsveitir	Sveitin var nokkuð lömuð vegna þess að annan bíl hennar vantaði en sveitin á Ford Econoline sem að á meðan æfingin fór fram stóð sallarólegur á hafnarbakka í Bandaríkjunum. Að öllu jöfnu eru því fleiri bílar í Eyjum sem geta tekið sjúkrabörur og fest þær í bílinn

Björgunarsveitir <b>Bráðaflokkun og áverkamat.</b>	Það kom greinilega í ljós að mun auðveldara var að sjá bráðaflokkun hjá þeim sjúklingum sem voru með nýju bráðaflokkunarspjöldin en hjá þeim sem voru með frumgreiningarborðana. Þetta auðveldar því björgunarmönnum sem sjá um flutning af vettvangi að sjá hver er í hvaða forgangi.
Björgunarsveitir <b>Bráðaflokkun og áverkamat.</b>	Þeim sem unnu við bráðaflokkun á æfingunni þótti hins vegar meira mál að taka nýju greiningarspjöldin úr vasanaum til að brjóta þau í réttan forgang en að velja réttan lit af frumgreiningarborðum. Til að auðvelda vinnu þeirra sem sjá um bráðaflokkun væri hægt að geyma ákveðinn fjölda spjaldanna brotin fyrir F1, ákveðinn fjölda fyrir F2 og ákveðinn fjölda fyrir F3.
Björgunarsveitir <b>Bráðaflokkun og áverkamat.</b>	Við skráningu flutningastjóra út af vettvangi á æfingunni kom í ljós að það er til mikilla þæginda að hafa eitt númer til að skrá út af vettvangi og það númer verði einnig notað til að skrá inn og út af SSS því það auðveldar afstemmingu á skráningu í lok aðgerðar. <b>Við viljum því leggja til að frumgreinarborðar verði teknir úr notkun og númer verði forprentuð á nýju greiningarspjöldin. Þá verður bara eitt númer í gangi Mikilvægt er að númerið sé prentað á allar síður nýja spjaldsins til að ekki þurfi að taka það úr plastinu til að sjá númerið t.d. þegar skrá á út af vettvangi.</b>
Björgunarsveitir <b>Bráðaflokkun og áverkamat.</b>	Pappír og skriffæri. Það er mikill galli að það þurfi sérstaka penna til að skrifa á spjöldin. Á neyðarstundu er mikilvægt að geta notað einfalda hluti sem auðvelt er að nálgast. Það eru verulegar líkur á því að pennar verði uppþornaðir á neyðarstundu þrátt fyrir góðan ásetning um að yfirfara búnað reglulega. Á undanförunum árum höfum við brýnt fyrir björgunarsveitamönnum að vera með blýanta á sér sem skriffæri því það er það skriffæri sem síst bílar og hægt að nota við erfiðar aðstæður s.s. í vondu veðri. Við höfum einnig brýnt fyrir okkar fólki að vera með skrifblokkir sem þola bleytu (vatnsheldur pappír). <b>Við leggjum til að spjöldin verði einnota, prentuð á vatnsheldan pappír og hægt að skrifa á þau með penna eða blýanti. Blaðið mun því fylgja sjúklingi inn á sjúkrahús og verða hluti af sjúkraskrá hans þar.</b>
Björgunarsveitir <b>Bráðaflokkun og áverkamat.</b>	Við teljum mikilvægt að notuð séu íslensk orð þegar því verður komið við til að auðvelda björgunarsveitamönnum að skilja spjöldin. Orð sem mætti íslenska eru Radial púls, Carotis púls og Systoliskur BP.
Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar: Sunnanmenn:</b>	Ekki var næg eftirfylgni með undirbúningi vegna æfingarinnar.
Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar: Sunnanmenn:</b>	Þurft hefði að mæta á staðinn og fara betur yfir verkefni fjöldahjálpar með undirbúningsaðilum á fyrstu stigum til að hægt sé að afla sjálfboðaliða og undirbúa verkþætti betur.
Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar: Heimamenn:</b>	Þurft hefði að gera könnun meðal sjálfboðaliða í tíma og virkja fleiri sjálfboðaliða til starfa strax í upphafi undirbúningstímans.
Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar: Heimamenn:</b>	Að hefja virkan undirbúning fyrir flugslysaæfinguna fyrr og nýta tilboð undirbúningsaðila frá landsskrifstofu um að virkja sjálfboðaliða.
Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar: Heimamenn:</b>	Örlítið óöryggi í verkefnum fjöldahjálpar og undirbúningi æfingar.

Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar:</b> <b>Heimamenn:</b>	Virkari samskipti við undirbúningsaðila landsskrifstofu varðandi æfinguna.
Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar:</b> <b>Heimamenn:</b>	Að virkja betur það þjálfaða fjöldahjálparfólk sem er á staðnum. Úrlausn>að stofna neyðarvarnanefnd sem sér um neyðarvarnastarf deildarinnar og virkja alla þjálfaða fjöldahjálparstjóra í neyðarvarnastarf deildarinnar.
Fjöldahjálp <b>Atriði við undirbúning æfingarinnar:</b> <b>Heimamenn:</b>	Ekki var ljóst hver væri fulltrúi/tengiliður Rauða kross deildar í áfallahjálparteyminu fyrr en á æfingunni.
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Skýra þarf verkaskiptingu milli Rauða kross deildar, presta og áfallahjálparteymis í aðgerðum.
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Tryggja að upplýsingar berist fyrr til aðstandenda til að forðast að þær berist með öðrum leiðum t.d. í fjölmiðlum eins og gerðist á æfingunni.
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Fréttamenn fóru óheftir inn í safnaðarheimili og tóku viðtöl og myndir. Þetta hefði mátt fyrirbyggja eða stýra betur.
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Tengiliður Rauða krossins við áfallhjálparteymið tók að sér stjórn aðhlyningar á SSA og mæddi mikið á þeim starfsmanni vegna undirmönnunar.

Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Fara þarf yfir staðsetningu á SSA og samstarf við presta og áfallahjálparteymi um vinnuna á svæðinu.
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Aukna þarf samvinnu milli Rauða kross deildar og áfallahjálparteymis HV.
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Auka þarf þekkingu á fyrsta stigs áfallahjálp/sálrænni skyndihjálp hjá sjálfboðaliðum Rauða krossins. <b>Úrlausn&gt; Að halda sérhæft námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir fjöldahjálparstjóra og stuðningslið í neyðarvörnum.</b>
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Þar sem aðeins er ein lína inn í stjórnstöð neyðarnefndar í Arnardrangi sem nýtist fyrir bæði fax og síma var mikið álag á síma neyðarnefndar.
Fjöldahjálp <b>Atriði við framkvæmd æfingarinnar:</b>	Rauða kross deild á engar talstöðvar og þarf að kanna með kaup á talstöðvum.
Flugvallarstarfsmenn	Engar tillögur
Rannsókn / skráning <b>Sunnanmenn:</b>	Það væri kostur vegna rannsóknarþáttarins að merkja eða að láta það koma fram á uppdrætti hvaða hlutar flugvélarflaksins væru til staðar í æfingunni.
Rannsókn / skráning <b>Sunnanmenn:</b>	Skráning skjólstaðinga í hópslysi er stór þáttur í úrvinnslu og samræming milli viðbragðsaðila lykilatriði til þess að hún gangi upp. Númeraðir frumgreiningarborðar (plastböndin) voru notaðir á skaðasvæði ásamt ónúmeruðum áverkamatsspöldum og voru því skjólstaðingar forgangsraðaðir með tvennum hætti. Með nýju áverkamatsspöldum virðumst við vera komin á beinu brautina og getum notað spöldin sem samnefnara til þess að einfalda kerfi sem er staðnað og hefur ekki náð nægjanlegri útbreiðslu í daglegri notkun. Nauðsynlegt er þó að númera áverkamatsspöldin þar sem sama númer komi fram á lituðum hliðum spjaldsins til þess að auðvelda skráningarmanni starfið. Samræma þarf skráningarblað nýju spöldunum og jafnvel að prenta leiðbeiningar aftan á eyðublaðið. Heildarsamræming þarf að eiga sér stað milli

	Landlæknisembættis og Ríkislögreglustjóra varðandi þessi atriði og í reynd þolir það litla bið. Því er brýnt að settur sé saman vinnuhópur til þess að klára samræmingarferlið og koma með tillögum um hvernig best sé að dreifa boðskapnum.
Rannsókn / skráning <b>Heimamenn:</b>	Langan tíma tók að faxeskráningablöð í fjöldahjálparstöð og til aðgerðarstjórnar. Annað sem úrskæðis fór í skráningu má segja að sé afleiðing af kerfi sem er ekki fullmótað.
Fjarskipti	Nauðsynlegt er að fara yfir allan búnaðinn og endurnýja hann eins og kostur er. Þarf að samræma forritun hans og sjá til þess að hver viðbragðsaðili fyrir sig, hafi allir sinn búnað eins forritaðann. Einnig þurfa allar stöðvar hjá öllum aðilum að vera með almannavarnarásirnar inni, auk þess að hafa sameiginlegar rásir sem þeir geta allir unnið á, við sameiginlega vinnu sína á vettvangi.
Fjarskipti	Þarf að finna leiðir til að koma á viðræðum við stjórnvöld til að fjármagn fái til þess að koma þessum málum til betri vegar, því miðað við þann búnað sem er fyrir hendi í dag, þá geta viðbragðsaðilar í Vestmanneyjum ekki sinnt störfum sínum fullkomlega vegna vanbúnaðar á fjarskiptabúnaði.
Fjölmiðlar	Þetta var í fyrsta skipti sem þáttur fjölmiðla var æfður eins ýtarlega og sýndi æfingin að það er full þörf á því. Ekki var æfður sá hluti að senda út fréttatilkynningar og mætti bæta þeim hluta við á seinni æfingum.

## **KAFLI 5**

# **Skýrslur hópa / hópstjóra**

Sjálfboðaliðar  
Keyrslustjórn  
Aðgerðarstjórn / Boðun  
Vettvangsstjórn/Lögregla  
Slökkvilið  
Heilbrigðisþjónusta  
Björgunarsveitir  
Fjöldahjálp  
Flugvallarstarfsmenn  
Rannsókn og skráning  
Fjarskipti  
Fjölmiðlar



# **Sjálfböðaliðar**



# Flugslysæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Sjálfboðaliðar**

**Hópstjóri: Vigdís Agnarsdóttir**

## Skýrsla hópstjóra vegna leikara/sjálfboðaliða

1. Undirrituð stýrði hóp 2 “Leikarar og förðun”.

Með mér störfuðu Jóhann Thoroddsen sem sá um að koma aðstandendum í hlutverk, Heimir Már Pétursson og Þórir Guðmundsson fjölmiðlamenn sem tóku að sér að fá leikara til að vera með fjölmiðlapressu á æfingunni. Einnig Ólafur Lárusson í björgunarfélagi Vestmannaeyja sem sá um að afla leikara fyrir æfinguna.

2. Á æfingunni var ég stödd á slysavettvangi og fylgdist með velferð leikaranna (sjúklinganna) Einnig þurfti að koma sjúklingunum fyrir á sínum stöðum og það var gert í samráði við þá vettvangsmenn Jóhann Þór og Ingimar Eydal. Ég fylgdi síðan síðustu sjúklingum af vettvangi á SSS.

3. Helstu tímasetningar voru eftirfarandi.

Kl. 08.30 Undirbúningur leikara og förðun hefst.

Kl. 11.30 Leikarar fengu að borða á vegum Vestmanneyjabæjar.

Kl. 12.40 Allir leikarar tilbúnir.

Kl. 12.50 Leikurum ekið á vettvang og þeim komið fyrir á réttum stöðum.

Kl. 13.10 Æfing hefst.

Kl. 17.30 Leikarar búnir að skila sér í gegnum söfnunarsvæði aðstandenda þar sem viðrun fyrir þá fór fram.

Þar sem aðrir eru örugglega með aðrar tímasetningar á hreinu þá læt ég þeim það eftir, enda lánaði ég Jónínu úrið mitt og vissi því ekki alveg hvað tímanum leið.

4. Leikarakynning var haldin á fimmtudagskvöldi kl. 20.00 í Arnardrangi, húsnæði Vestmannaeyjajadeildar Rauða krossins. Þar mættu aðeins 18 leikarar. Á föstudag fór því mikill tími í að útvega fleiri leikara. Meðal annars var gengið í stofur í framhaldsskólanum og nemendur beðnir um að aðstoða við þetta verkefni. Þetta tókst ágætlega og á föstudagskvöldi voru komnir 50 leikarar.

Ólafur hafði einnig samband við konur úr Slysavarnadeildinni Eykyndli sem voru tilbúnar til að koma og sjá um förðun sjúklinganna. Námskeið var haldið fyrir þær á föstudagskvöldi kl. 21.00

Förðun sjúklinga hófst um kl. 08.30 í Arnardrangi og gekk vel að úthluta áverkum og hlutverkum. Ég fór yfir áverkalýsingar fyrir æfinguna með Brynjólfi Mogensen lækni þar sem verið var að prófa nýtt greiningarkerfi á æfingunni. Töluverðar breytingar þurfti að gera svo að þetta gengi nú allt upp.

Farþegalisti taldi 51 mann, 48 farþega og 3 í áhöfn. Við vorum með 38 leikara og 13 brúður. Þar af voru þrjár brúður í barnastærð í hlutverki barna og voru þær láttnar vera með lífsmörk og áverka. Einnig var ákveðið að láta sumar stóru brúðurnar vera með lífmörk svo að menn gangi ekki út frá því vísu að brúður séu fyrirfram ákveðin lík.

Veður var kalt og hvasst, sem kom niður á þeim leikurum sem voru ekki nógu vel búnir. Umönnun leikara var nokkuð góð og öllum virtist umhugað að verja leikarana fyrir kuldnum sem var mikill. Þó voru nokkrir leikarar teknir úr hlutverkum og láttnir ganga upp í bíl og þannig ekið með þá í SSS. Leikarar kvörtuðu ekki yfir slæmri meðferð og sögðu alla aðila hafa verið nærgætna og umhyggjusama.

Sem öryggisatriði eru allir þeir sem leika sjúklinga láttnir fylla út upplýsingablað þannig að hægt sé að ná í nánasta aðstandanda ef eitthvað fer úrskeiðis í raunveruleikanum. (Slys eða óvænt veikindi) Allir sjúklingar bera á sér númerað spjald sem gefur til kynna að þeir séu leikarar. (Role Player spjald) Hópstjóri er síðan með upplýsingablöðin þannig að fljótlegt er að fá upplýsingar um leikara ef á þarf að halda.

5. Það sem vel fór á æfingunni var:

- Förðun leikaranna á laugardeginum, konurnar stóðu sig eins og hetjur að klára 40 leikara fyrir æfinguna. Þær höfðu aldrei komið nálægt slysaförðun áður.
- Leikarar stóðu sig margir mjög vel þrátt fyrir mikinn kulda og langan biðtíma.
- Mikið hrós til aðgerðastjórnar fyrir að senda kaffi, kex og þess háttar á SSS og að sjá til þess að allir sem enduðu leik sinn í flugstöðinni gætu fengið súpu og brauð eftir að leik var lokið. (samkv. Frosta Gíslasyni hjá bæjarskrifstofu Vestmannaeyjabæjar)
- Allir leikarar sem luku leik á sjúkrahúsinu fengu hressingu þar og góða aðhlyningu. Einnig hlutu þeir góðan viðgjörning sem luku leik í fjöldahjálparstöð Rauða krossins.

6. Það sem betur má fara/ tillögur til úrbóta:

- Illa gekk í undirbúningi að fá nógu marga sjúklinga og aðstandendur í leikhlutverk. Það má sennilega kenna því um að mikið var um að vera í Vestmannaeyjum þennan dag. Leiksýning, lúðrasveitátónleikar, handboltaleikur og fleira. Þetta bjargaðist þó með samstilltu átaki. Til úrbóta mætti reyna að auglýsa eftir leikurum í bæjarblöðum með góðum fyrirvara.
- Varðandi staðsetningu sjúklinga á vettvangi þá verðum við Jóhann Þór að vinna það betur fyrirfram svo styttri tíma taki að koma öllum fyrir.
- Björgunarmenn verða að gæta sín betur við klippuvinnu og verja leikara vel. 3 leikarar fengu glerbrot í augun, sem tókst þó að fjarlægja á staðnum. Spurning um að nota hlífðargleraugu á leikarana þegar verið er að klippa.
- Einn leikari var ofkældur við komu á sjúkrahús þar sem hann var meðhöndlaður. Mörgum öðrum varð verulega kalt. Erfitt er að ráða við þess háttar uppákomur þegar búið er að brýna fyrir fólki að koma vel klætt til leiks. Það er spurning hversu langt á að ganga í að hafa vit fyrir fólki/leikurum.
- Í framtíðinni mætti hugsa fyrir því að þátttakendum sé boðin hressing í lokin eins og aðgerðastjórn gerði á þessari æfingu. sérstaklega ef veður er mjög kalt og/eða blautt.

#### Niðurstaða:

Góð æfing er æfing þar sem margt gengur vel auk þess sem margt fer úr skorðum því þá læra menn af henni. Það á við alla aðila sem að æfingunni standa.

Takk fyrir gott samstarf.

Hópstjóri.

Vigdís Agnarsdóttir, verkefnisstjóri í skyndihjálpi.

Rauða krossi Íslands.

# **Aðgerðastjórn / Boðun**



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

<b>Aðgerðarstjórn</b>	<b>Frosti Gíslason</b>
-----------------------	------------------------

Vinna hjá aðgerðastjórn gekk nokkuð vel. Starfsmenn notuðu öll þau samskiptatæki sem voru fáanleg. Símar á stjórnstöð voru notaðir, faxtæki, gsm símar, tölvupóst samskipti, og MSN messenger samskipti milli Aðgerðastjórnar og sjúkrahúss og talastöðvarsamband við vettvangsstjórn.

Stjórnstöðin hafði verið undirbúin deginum áður, búið að redda töflum, tússum, prentara og auka tölvum. Þetta hefði ekki átt að vera ef kanna hefði átt búnað sem er til staðar. Búið var að ganga frá matarinnkaupum fyrir sjúklinga og þá sem komu að björguninni.

Samskipti gengu vel símleiðis, samskipti í gegnum MSN messenger voru skráð sjálfkrafa, það kerfi datt út í c.a. 15 mínútur og telst ekki alveg stöðugt fyrir neyðaraðgerðir en kerfið virkaði mjög vel að öðru leyti. Gott þótti að senda mann á vettvang til þess að kanna aðstæður. Tillögur til úrbóta: Hugmyndir komu upp að senda myndir til Aðgerðarstjórnar af vettvangi, þetta mætti t.d. gera með því að senda aðila úr Aðgerðastjórn á staðinn og taka stafrænar myndir sem sýna mætti svo á miðstöð Aðgerðastjórnar.

Til að samræma tímaskráningu var lagt til að klukka væri á vegg aðgerðarstjórnar. Þetta ætti við um hvenær atburðir væru tilkynntir og hvenær og hvernig væri brugðist við þeim. Lagt er til að skipuð verði aðgerðastjórn til framtíðar fyrir ýmiss verkefni sem gætu komið upp.

# Flugslysaæfingin Eyjar 2003

Neyðarlínan

Björn Már Jónsson

## Boðun vegna æfingar í Vestmannaeyjum 1 nóvember

Hér tilgreini ég hvernig boðun var háttað frá neyðarlínu, er búinn að senda alla boðunina á Kristján en eftirfarandi ferill og athugasemdir eru um boðunina.

Flugturn í Vestmannaeyjum tilkynnti að æfingin væri hafinn kl 13:12:01 svarað 13:12:04, símtali lokið. 13:12:33. SMS skeyti sent út kl 13:13:02

Hvenær þátttakendur samkvæmt flugslysaáætlun fengu boð.

Aðgerðastjórn fékk SMS.

Almannavarnir hópur 1 og 2 fékk SMS.

Ríkislögreglustjóri almannavarnadeild vakt sími fékk SMS og hringt kl 13:12:44.

Björgunarfélag Vestmannaeyja fékk SMS.

Flugstjórnamiðstöðin í Rvík hringt kl 13:17:52.

Flugturn í Vestmannaeyjum tilkynning kom frá þeim.

Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja hringt kl 13:18:05.

Landhelgisgæsla hringt kl 13:16:41.

Landspítali Fossvogi hringt kl 13:19:56.

Lögreglan í Vestmannaeyjum hringt kl 13:13:48.

Rannsóknanefnd flugslysa fékk SMS og hringt kl. 13:17:16.

Rauðakross deild Vestmannaeyja fékk SMS.

Slökkvilið Vestmannaeyja fékk SMS.

Starfsmenn Flugmálastjórnar í Vestmannaeyjum fékk SMS.

Starfsmenn Flugfélag Vestmannaeyja fékk SMS.

Starfsmenn Flugfélag Íslands (Þjónusta Íslandsflug) SMS.

Flugfélag Íslands vakt sími hringt 13:22:12.

Einnig var sent á Boða og var fyrst sent á neyðarstig Sjór 13:13:09 en allir aðilar þar eru einnig á lista yfir neyðarstig Land. Reynt strax á neyðarstig Land en þá sendi það ekki út frá sama borði. Síðan sent frá öðru borði neyðarstig Land kl 13:23:22.

Lögregla í Vestmannaeyjum svaraði ekki fyrstu hringingu og þurfti að hringja í þá aftur, smá tafir út af því.

Hringt í Heilbrigðisstofun Vestmannaeyjar kl 13:18:05 en samkvæmt verkferlum hjá neyðarlínu á lögregla í Vestmannaeyjum að boða út lækni og sjúkrabíl. Það tafðist eða var ekki gert. Reyndar var sjúkrabífreið staðsett hjá lögreglu.

Lögregla bað um að allir starfsmenn hjá sér væru kallaðir út með SMS skilaboðum. Beðið um þetta á föstudegi fyrir æfingu. Ekki var tími til að setja þá í gagnagrunn hjá NL. Reynt að búa til grúppu (tímabundna) sem síðan tæknilega var ekki framkvæmanlegt. Eins á þetta um nokkra starfsmenn hjá flugmálastjórn.

Aðgerðastjórn fékk ekki öll boðin því að nýjir menn voru settir inn á fimmtudegi. Þeir sem fengu ekki boð voru starfsmenn bæjarins.

## **Tillögur að úrbótum.**

Setja alla lögreglumenn inn í gagnagrunn NL bæði heimasíma og gsm síma. Verið að vinna að því og verður það búið fyrir næsta fund.

Fá uppgæfið vaktsíma hjá læknum í Vestmannaeyjum og og jafnvel hjá starfsfólki spítala svo hægt sé að boða með SMS/Boða. Þessi vinna er rétt að hefjast.

Fá upplýsingar um hverjir eiga að vera í aðgerðastjórn/Almannavarnanefnd Vestmannaeyja. Þessi vinna er líka að hefjast.

Fá uppgæfið frá flugmálastjórn hverja vantar inn í grunninn, þeir eru með málið hjá sér ætla að senda til okkar upplýsingar.



# **Vettvangsstjórn / Lögregla**



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Vettvangsstjórn**

**Hópstjóri: Víðir Reynisson**

## Skýrsla hópstjóra Vettvangsstjórnar/Lögreglu

### 1. Í vettvangsstjórnar hópnun voru:

- a) Halldór Sveinsson, Jóhannes Ólafsson, Bjarni Ólafur Magnússon, Ásgeir Lýðsson, Tryggvi Kr. Ólafsson og Pétur Steingrímsson frá lögreglunni í Vestmannaeyjum. Steingrímur Benidiktsson frá Slökkviliði Vestmannaeyja, og Adolf Þórssón frá Björgunarfélagi Vestmannaeyja
- b) Með heimamönnum störfuðu Víðir Reynisson frá almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, Ágúst Svansson frá lögreglunni í Reykjavík og Jónína Sigurðardóttir frá Fjarskiptamiðstöð lögreglu.

### 2. Eftirlit með vettvangsstjórn á æfingunni:

- a) Slysstaður: Víðir Reynisson, Ágúst Svansson, Jónína Sigurðardóttir og Jón Friðrik Jóhannsson.

### 3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi).

- 13:12 Æfing hefst
- 13:14 Flugvallarslökkvilið komið á vettvang
- 13:14 Vettvangsstjórnarbíll kemur á staðin með sjúkrabúnað
- 13:15 Vettvangsstjórnarbíll fer aftur eftir tæmingu
- 13:21 Lögreglan komin á vettvang
- 13:22 Slökkvilið kemur á vettvang
- 13:24 Sjúkrabíll kemur
- 13:24 Innri lokun sett upp
- 13:28 Vettvangur opnaður fyrir bráðflokun og aðhlyningu slasaðra
- 13:28 Læknirinn komin
- 13:29 Vettvangsstjórnarbíll kemur með vettvangsstjóra og hann ræðir við verkþáttastjóra öll vettvangsstjórnin mætt í bílinn
- 13:29 Björgunarfélagið mætt
- 13:31 Vettvangsstjórnarbíll komin á hæðina við flugturninn
- 13:33 Rannsókn byrjar
- 13:34 Vettvangsstjóri tilkynnir að hann sé tekin til starfa
- 13:46 Upplýsingar berast VS að flugvél sé tilbúin á vellinum til að flytja 2
- 13:48 Fyrstu tölur frá VS 51 í vél 19 karlmenn, 26 konur, 2 börn, 1 ungabarn.(stemmir ekki) staðfest 7 slasaðir
- 13:55 Fyrsta ferð sjúkrabíls frá slysstað, lögreglubíll hafði áður farið einhverjar ferðir
- 14:01 VS fær upplýsingar um tiltækt sjúkraflug
- 14:04 Flugvöllur opnaður aftur fyrir flug
- 14:11 Búið að flytja 5 slasaða og 7 óslaðir
- 14:31 VS tekur stöðuna, gengur ágætlega en vantar mannskap
- 14:36 21 slasaður, 11 óslasaðir fluttir af slysstað
- 14:53 VS gefur aðhlyningarstjóra upp fjölda þeirra sem í slysinu lentu og hvað marga er búið er að flytja af slysstað
- 15:06 RNF komin á staðinn
- 15:08 tilkynnt að búið sé að flytja 41 af slysstað
- 15:08 Tilkynnt að RNF taki við stjórn á slysstað
- 15:12 43 á söfnunarsvæði slasaðra (VS skráir 42)
- 15:18 Talning gengur upp (51 í heild, 43 lifandi og 8 látnir)
- 15:28 fær AS upplýsingar frá VS um fjölda
- 16:10 VS fer í aðgerðarstjórnstöð

4. Hvernig þótti vettvangsstjórnun ganga á æfingunni almennt?

5. Það sem **vel tókst til** við vettvangsstjórn.

a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:

- Þáttur sunnanmanna.

Undirbúningur gekk ágætlega, haldið var undirbúningsnámskeið fyrir verkþáttastjóra helgina fyrir æfinguna og gekk það vel. Dagarnir fyrir æfinguna voru vel nýttir og gekk samstarf við aðra vinnuhópa mjög vel. Samræmingarfundir sem settir voru á eru nauðsynlegir.

- Þáttur heimamanna.

Allir sem komu að starfi vettvangsstjórnar- og lögregluhópsins skiluðu sínu hlutverki með stakri þryði og var mikill áhugi innan hópsins að vanda til undirbúnings.

b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:

- **Vettvangsstjórn**

Vettvangsstjórn vann vel heilt á litið unnið og sannaði sig sú ákvörðun að hafa fulltrúa frá aðilum á vettvangi í vettvangsstjórninni. Upptaka var í gangi í bílnum og er það gott.

- **Björgunarstjóri**

Björgunarstjórinn setti sig strax í samband við flugvallarstarfsmenn og fékk upplýsingar við komu á staðinn eins var með samskipti vettvangsstjóra og björgunarstjóra. Björgunarstjóri skannaði staðinn með hlauparanum sínum en var sjálfur alltaf á sama stað þannig að allir vissu hvar hann væri að finna. Því ekki var alltaf hægt að treysta á fjarskipti og eins voru tækin til þess af skornum skammti. Ekki var annað að sjá en að verkaskipting og úthlutun verkefna frá Björgunarstjóra séð hafi gengið vel.

- **Gæslustjóri**

Var ákveðinn, vann skipulega, var í góðu sambandi við aðra verkþáttastjóra, tryggði gott umferðaskipulag við innri lokun.

Var mjög hreyfanlegur og í góðu sambandi við Björgunarstjóra og aðra þá lögreglumenn sem störfuðu við slysstaðinn.

- **Flutningastjóri**

Verkaskipting hjá flutningastjóra var skýr og góð. Settir voru menn í skráningar þar sem það þurfti og gott rennsli var á flutningstækjum, ekki reynt mikið á biðsvæði önnur en biðsvæði búnaðar sem var stjórnað af röggsemi.

- **Aðhlyningarstjóri** (stjórnandi sjúkrahjálpar)

Fulltrúar heilbrigðisgeirans eru best fallnir til að skrifa um störf þessa verkþáttastjóra

6. Það sem **betur mátti fara** og **tillögur til úrbóta**.

Flest þeirra atriða sem miður fóru eru æfingalegs eðlis og því ekki alveg marktæk.

a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:

- Þáttur sunnanmanna.

Skila þarf dagskrá vegna hópavinnu fyrr.

- Þáttur heimamanna.

Ekki voru fulltrúar frá heilbrigðisstarfsfólki á undirbúningsnámskeiðinu.

b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:

- **Vettvangsstjórn**

Það kom fyrir að upplýsingar sem bárust varðandi talningu og það skilaði sér ekki rétt í bókanir. Skráningarmaður heyrði ekki allt sem fram fór í fjarskiptum og átti því erfitt með að bóka allt. Vettvangsstjóri hefði mátt fara og hitta aðhlyningarstjóra fyrr þegar upplýsingar bárust ekki frá SSS og ljóst að eitthvað var að. Ekki var mikið hugað að áætlunarmálum (Áætlanir ekki virkar).

Þrátt fyrir að líklega væri ekki nóg að björgunarfólki á vettvangi fór VS ekki í að láta kanna hvort hægt væri að fá aðstoð og þegar tilboð um slíkt barst var ekki tekin um það ákvörðun (Bjargir ekki virkar).

- **Björgunarstjóri**  
Þjálfar þarf fleiri af stjórnendum slökkviliðs til að sinna hlutverki björgunarstjóra, eins og það er sett fram í gildandi flugslysaáætlun.
- **Gæslustjóri**  
Illa gekk fyrir Gæslustjóra að ná í vettvangsstjórn vegna vandamála með fjarskipti. Notaði síma til að koma áriðandi upplýsingum frá sér.
- **Flutningastjóri**  
Ekki var öllum ljóst að búnaður var til á biðsvæði búnaðar og því var verið að leita að búnaði annarstaðar, þetta er atryði sem lagast með frekar þjálfun.
- **Aðhlyningarstjóri** (stjórnandi sjúkrahjálpar)  
Fjallað er um störf aðhlyningarstjóra í skýrslu heilbrigðishóps.

**Tillögur okkar til úrbóta eru eftirfarandi:**

- Að í Vestmannaeyjum verði til vel þjálfaðir vettvangsstjórar og aðrir aðilar til að starfa í vettvangsstjórn.
- Þjálfaðir verði verkþáttastjórar
- SÁBF kerfið verði kynnt vel og menn temji sér notkun þess til að tryggja að öllum verkefnum sé sinnt
- Notuð verði eyðublöð til skráningar upplýsinga.
- Skráningarmaður í vettvangsstjórnarbíl hafi hlustun á fjarskipti
- Aðilar sem koma að stjórn aðgerða á vettvangi fái reglulega tækifæri á að halda við sinni þekkingu.
- Sett verði inn í áætlunina að aðgerðarstjórn hefji strax boðun flutningstækja.
- Lögreglumenn verði boðaðir út af Neyðarlínunni

# Flugslysæfingin Eyjar 2003

Vettvangsstjórn

Halldór Sveinsson

## DAGBÓK VETTVANGSSTJÓRNAR

### TÍMASKRÁNINGA SAMKVÆMT SKRÁNINGU RITAR OG SAMKVÆMT HLJÓÐUPPTÖKU.

Kl.13:16	barst tilkynning frá Neyðarlínunni um flugslys á norður/suðurbraut flugvallar. Jafnframt tilkynnt um að bóúð sé að ræsa út Björgunarfélag Vestmannaeyja, slökkvilið, starfsfólk heilsugæslu og Almannavarnarnefnd Vestmannaeyja.
Kl.13:17	fara lögr.m. á vakt á vettvang og allir lögreglumenn ræstir út.
Kl.13:28	Vettvangsstjórn mætt í vettvangsbifreið og tekin við stjórn á vettvangi. Búíð að kanna slysavettvang. Allar björgunarsveitir mættar á vettvang.
Kl.13:36	Vettvangsstjórn tilkynnir Aðgerðarstjórn að hún sé tekin til starfa og óskar eftir því við að Rannsóknarnefnd flugslysa og ID-nefnd verði ræstar út.
Kl.13:36	Flutningsstóri óskar eftir flutningstækjum á vettvang til að flytja slasaða í greiningarstöð.
Kl.13:46	beiðninni komið til K.G.H. í Aðgerðarstjórn.
Kl. 13:37	Flugturn gaf upplýsingar um fjölda farþega í flugvélinni, 19 karlar 26 konur, 2. börn, 1. ungabarn og 3 í áhöfn. Sagði að farþegalista hafi verið komið til Aðgerðarstjórnar.
Kl.13:38	Vettvangsstjórn óskar eftir því við Aðgerðarstjórn að fá farþegalista og farmskrá flugvélarinnar.
Kl.13:41	Aðgerðarstjórn gefið stöðuyfirlit.
Kl.13:43	Aðhlyningarstjóri tilkynnir um að hann sé kominn með talstöð.
Kl.13:44	Björgunarstjóri tilkynnir að vettvangur sé tryggur. Vettvangsstjórn óskar eftir að björgunarahópur við greiningarstöð fari á vettvang.
Kl.13:45	Aðhlyningarstjóri óskar eftir neyðarblóði til Eyja.
Kl.13:52	beiðninni komið til Aðgerðarstjórnar.
Kl.13:45	Vettvangsstjórn fær tilkynningu um að flugvél sé tilbúin til sjúkraflugs.
Kl.13:45	Aðgerðarstjórn tilkynnti um að einn björgunarmanna á vettvangi, Guðni Georgsson eigi dóttur í flugvélinni.
Kl.13:53	Björgunarstjóra Stefáni Erni Jónssyni tilkynnt um dóttur Guðna Georgssonar slökkviliðsmanns og hann beiðinn að bregðast við því.
Kl.13:46	Óskað eftir því að Aðgerðarstjórn útvegi farþegalista og farmskrá og hafi samband við Kennslanefnd og Rannsóknarnefnd flugslysa.
Kl.13:50	Björgunarstjóri tilkynnir að svæðið sé tryggt til flutnings.
Kl.13:51	Vettvangsstjórn fær upplýsingar um fjölda farþega í vélinni. Staðfest tala farþega með vélinni 19 karlar, 26 konur, 2. börn, 1. kornabarn, og 3 í áhöfn samtals 51.
Kl.13:54	Beiðni til Aðgerðarstjórnar um að útvega alla neyðar blóðgjafa í Vestmannaeyjum.
Kl.13:57	Flutningsstjóri tilkynnir um að gæslustjóri hafi útvegað bifreiðastjóra á sendibifreið sem staðsett var á flugvallarsvæðinu og fari umrædd bifreið strax í það að flytja slasaða í greiningarstöð.
Kl.13:58	Aðhlyningastjóra tilkynnt að flugvél sé tilbúin til flutnings með tvo sjúklinga.
Kl.14:00	Vettvangsstjórn tilkynnt um að sex sendibifreiðar séu nú komnar á vettvang og fari strax í að flytja slasaða í greiningarstöð.
Kl.14:02	Aðhlyningastjóri óskar eftir upplýsingum um fjölda þeirra sem í flugvélinni voru og fékk þær.
Kl.14:03	Vettvangsstjórn tilkynnt um að umræddur björgunarmaður sé kominn í hendur á áfallahjálparhóps .
Kl.14:04	Aðgerðarstjórn óskar eftir því að fá dyravörð á slysadeild vegna ágangs aðstandenda.
Kl.14:05	Vettvangsstjórn tilkynnt um að fjórar sendibifreiðar í viðbót séu mættar á vettvang.
Kl. 14.05	Gæslustjóri gefur stöðuyfirlit í gegnum síma þar sem fjarskipti hans virka ekki og óskar eftir faratækjum til flutnings slasaða.

Kl.14:06	Vettvangsstjórn tilkynnt um að slökkvibifreið flugvallarins hafi lokið störfum á vettvangi.
Kl.14:10	Flutningsstjóri óskar eftir meiri mannskap á vettvang til að flytja hina slösuðu.
Kl. 14:15	Björgunarstjóri látinn vita um að mannskapur sé ekki til.
Kl.14:10	Aðgerðarstjórn tilkynnti um að tollvörður hafi verið ræstur út í dyravörslu á sjúkrahúsið.
Kl.14:14	Aðgerðarstjórn tilkynnir til Vettvangsstjórnar um að tvær þyrslur Landhelgisgæslunnar séu á leiðinni til Eyja með sex sjúkrabörur, ein Fokker-50 vél með tólf sjúkrabörur. Aðhlyningarfólk úr Reykjavík sé með í þessum vélum. Einnig var tilkynnt um að vél Flugfélags Vestmannaeyja sé klár og geti flutt slasaða á tveimur sjúkrabörum.
Kl.14:17	Flutningsstjóri óskar enn eftir mannskap til að flytja hina slösuðu af vettvangi.
Kl.14:20	Flutningsstjóra tilkynnt að mannskapur sé ekki til á svæðinu.
Kl.14:18	Björgunarstjóri óskar eftir manni til að greina á vettvangi. Kl. 14:26 Björgunarstjóra tilkynnt að hann sé ekki til.
Kl. 14:25	Vettvangsstjórn sendir aðgerðarstjórn, stöðuyfirlit.
Kl. 14:28	Aðhlyningarstjóri óskar eftir sjúkrabifreið á greiningarstöð til að flytja slasaða á sjúkrahús.
Kl.14:29	Sjúkrabifreið send í verkefnið.
Kl. 14:30	Aðhlyningarstjóri tilkynnir um að tveir slasaðir séu tilbúnir í sjúkraflug.
Kl. 14:30	Vettvangsstjórn fær tilkynningu um að fyrsta flug frá brautinni sé tilbúið.
Kl. 14:32	Annað flug í loftið.
Kl. 14:36	Flutningsstjóri tilkynnir um að 21 slasaður og 11 óslasaðir hafi verið fluttir af vettvangi.
Kl. 14:36	Aðgerðarstjórn óskar eftir bifreið frá vettvangi til að flytja aðstandendur frá sjúkrahúsi í safnaðarheimili.
Kl.14:37	Beiðninni synjað, bifreið ekki laus á vettvangi.
Kl. 14:38	Flugturn tilkynnir um að fyrsta sjúkravélin frá Reykjavík sé lent í Eyjum. TF-Líf og kom með þyrlunni 20 einingar af neyðarblóði.
Kl. 14:38	Aðgerðarstjórn óskar eftir sjúkrabifreið í flutning frá sjúkrahúsi á flugvöll.
Kl.14:39	Beiðni samþykkt.
Kl.14:38	Aðgerðarstjórn spyr hvort óskað sé eftir björgunarsveita fólki af höfuðborgarsvæðinu. Vettvangsstjórn óskaði eftir upplýsingum um þá aðstoð sem borist hefur með þeim flugvélum sem hingað eru komnar og eru á leiðinni til þess að meta þetta og jafnframt að kalla megi út aðstoð til þess að eiga tilbúna ef á þurfi að halda.
Kl .14:39	Vettvangsstjórn tilkynnt um að tvær flugvélar + TF-Líf séu tilbúnar til flugs á flugvélastæði. Sex sjúkrabörur í TF-Líf.
Kl.14:42	Aðgerðarstjórn tilkynnir að flutningsbifreiðar slasaðra eigi að koma að aðgengi, sunnanmegin við sjúkrahúsið.
Kl.14:45	Flugturn tilkynnir um að Fokker-50 sé komin til Eyja.
Kl.14:47	Vettvangsstjórn tilkynnt um að það vanti flutning á aðstandendum frá flugstöð í Arnardrang.
Kl.14:49	beiðninni komið til Flutningsstjóra sem fékk Benóný Gíslason í málið, með sína sendibifreið.
Kl.14:48	Aðgerðarstjórn tilkynnir að engin hættulegur farmur sé í flugvélinni.
Kl.14:54	Flugturn tilkynnir sjúkraflug á loft.
Kl.14:56	Greiningarstöð óskar eftir meir aðstoð í greiningarstöð. Fólk ekki á lausu í bili.
Kl.15:00	Björgunarstjóri tilkynnir um að enginn slasaður eða látinn liggir fyrir utan flugbrautina.
Kl.15:01	Björgunarstjóri tilkynnir um að sex menn frá slökkviliði fari til aðstoðar í greiningarstöð.
Kl.15:02	Vettvangsstjórn fær tilkynningu um að sjúkraflug sé að fara í loftið með slasaða til Reykjavíkur.
Kl.15:03	Björgunarstjóri tilkynnir um að allir slasaðir séu farnir af vettvangi. Aðeins lík eftir.
Kl.15:04	Vettvangsstjórn fær tilkynningu um að þrjár slasaðir frá greiningarstöð verði fluttir á sjúkrahúsið.
Kl.15:05	Vettvangsstjórn fær tilkynningu um að Rannsóknarnefnd flugslysa sé kominn á vettvang.
Kl.15:05	Vettvangsstjórn fær tilkynningu frá Flutningsstjóra um að 41 hafi verið fluttir slasaðir af vettvangi.
Kl.15:08	Vettvangsstjórn tilkynnir öllum björgunarliðum um að Rannsóknarnefnd flugslysa taki yfir alla stjórn á vettvangi.

Kl.15:12	Greiningarstöð tilkynnir um að 42 farþegar séu komnir til greiningar.
Kl.15:15	T.K.Ó. lögreglufulltrúi og rannsóknari á vettvangi tilkynnir vettvangsstjórn um að 8 farþegar séu látnir.
Kl.15:16	Björgunarstjóri tilkynnir Vettvangsstjórn um að slökkvilið hafi lokið störfum á vettvangi.
Kl.15:19	Aðhlyningarstjóri tilkynnir til Vettvangsstjórnar að 43 séu komnir í greiningarstöð.
Kl.15:21	Flutningsstjóri tilkynnir um að hann yfirgefi vettvang.
Kl.15:28	Flutningsstjóri tilkynnir um að af vettvangi hafi verið fluttir: 20 rauðir, 10 grænir, 13 óslasaðir og að 8 séu látnir.
Kl.15:32	T.K.Ó. lögreglufulltrúi óskaði eftir mannskap í líkflutning.
Kl.15:33	Beiðninni komið til Flutningastjóra.
Kl.16:00	Slökkviliðið farið á slökkvistöð.
Kl.16:20	Björgunarfélag Vestmannaeyja yfirgefur flugvallarsvæðið.
Kl.16:35	Vettvangsstjórn af vettvangi.

### Skýrsla Vettvangsstjóra.

Flugslysaæfingin Eyjar 2003 var sett fimmtudaginn 30. október eftir töluverðan undirbúning og var keyrt eftir nýju neyðarskipulagi fyrir Vestmannaeyjaflugvöll.

Æfingin hófst með fræðsluerindum sem stóðu frá morgni til kvölds en þátttakendur völdu þau erindi sem þeim hentaði hverju sinni og þeir gátu sótt. Að mínu mati þá þá voru erindi þau sem ég gat sótt mjög góð og vel farið í fyrirhugaða verklega æfingu, þannig að í hana komu menn vel undirbúnir ef þeir sóttu þá námskeiðin.

Verklega æfingin sjálf hófst 13:16 ( útkall á lögreglustöð ) og var keyrð samkvæmt fyrirfram ákveðnu prógrammi og rann að mér fannst vel og ég held að ég tali fyrir hönd þeirra sem störfuðu í Vettvangsstjórn en þeir voru auk mín Adólf Þórsson, B.V. (frankvæmdir) Steingrímur Benediktsson, slökkviliði Vestm. (bjargir) og Pétur Steingrímsson, lögregluvarðstjóri, Vestm. (ritari).

Vettvangsstjórn starfaði í nýinnréttaðri og tækjum búinni vettvangsstjórabifreið Almannavarna Vestmannaeyja og kom bifreiðin mjög vel út og er Bjarna Sighvatssyni starfsmanni Flugmálastjórnar færðar bestu þakkir fyrir góða vinnu við frágang á tækjum og búnaði í bifreiðina. Þegar maður hefur viðmiðunina frá flugslysaæfingunni 1998 þá sér maður muninn á að hafa þetta góða bifreið til taks og þurfa ekki að taka bifreið frá einhverjum öðrum eins og þá, þegar við lögðum undir okkur í Vettvangsstjórn, bifreið B.V. við litla ánægju þeirra.

#### Niðurstöður:

Undirbúningur fyrir verklega æfingu:

Fræðsluerindi eru mikið til yfir daginn þegar menn eru almennt í vinnu og hér eru flestir viðbragðsaðilar útkallslið og þess vegna í annari vinnu og geta átt erfitt með að fá frí í vinnu til þess að sækja þá fræðslu sem í boði er.

#### Útkall og fyrstu viðbrögð:

Slökkvilið Vestmannaeyja og BV eru kölluð út af Neyðarlínu en lögregla hefur ekki verið þar inni en reynt var að koma henni inn hjá Neyðarlínunni, stuttu fyrir æfinguna en það tókst ekki. Þetta þarf að laga.

Þetta þarf að gerast þannig að í mjög stórum málum geti Neyðarlínan kallað út alla viðbragðsaðila, lögreglu, slökkvilið, Björgunarfélag Vestmannaeyja, Almannavarnanefnd, lækna og sjúkrahús.

Í æfingunni kom upp misskilningur vegna útkalls vakthafandi læknis sem lögregla átti að kalla út en taldi að Neyðarlínan hafi gert það. Allan svona misskilning þarf að koma í veg fyrir. Ég tel reyndar að vakthafandi læknir hefði verið kallaður út í raunveruleikanum en þarna hafi verið ákveðinn misskilningur í gangi.

Ég tel að færa mætti beint til Aðgerðarstjórnar nokkur verkefni sem þeim yrði hvort eða er falin og setja mætti upp hjá þeim gátlista yfir þau verkefni t.d.

1. Hringja út eftir flutningstækjum (bifreiðum með öikumönnum) og boða á biðsvæði.
2. Óska eftir að sjúkraflug yrði gert klárt og fá fólk til aðstoðar í sjúkraflugið.
3. Kalla eftir fólki til björgunar og flutnings á slösuðum sem til Eyja gæti komið.
4. Óska eftir farþegalista og farmskrá.
5. Kalla út Rauðakrossinn.
6. Kalla til prest.
7. Kalla til Rannsóknarnefnd flugslysa.
8. Kalla til ID nefnd.

Haft yrði strax samband við þessa aðila og þeir látnir vita af því hvað væri að gerast og annað hvort fengnir til þess aðkoma strax eða gera sig klára ef aðstoðar þeirra væri þörf síðar. Þetta tel ég að gæti stýtt biðtíma eftir björgum og minnka álagið í upphafi björgunaraðgerða í Vettvangsstjórn.

Eflaust mætti finna fleiri aðila sem haft yrði samband við og þeir settir í viðbragðsstöðu eða kallaðir strax til eftir aðstæðum.

#### Fjarskipti.

Fjarskipti gengu að mestu þokkalega en í einhverjum tilfellum voru þau slæm, eða með þeim hætti að viðbragðsaðili hafi ekki talstöð. Þetta er óviðunandi og þurfa allir viðbragðsaðilar í Vestmannaeyjum að sameinast um að laga þetta. Ég tel að til þess þurfi að fá góðan kunnáttumann til að koma með tillögur til úrbóta.

#### Skráning og greining.

Ég var ekki sjálfur vitni að forgangsgreiningu á vettvangi en skilst að hún hafi gengið þokkalega en þó var verið með tvennslags greiningu bæði númeraðan borða á úlnlið og síðan nýja merkispjaldið. Þetta var víst nokkuð mikill búnaður á hvern greiningamann og líta verður á að þarna var í fyrsta skipti notuð ný greiningaspjöld.

Skráning er einnig mikil og er það spurning að mínu mati hvað á að ganga langt í því að skrá á slysstað og síðan aftur á greiningastöð, sjúkrahúsi, og fjöldahjálparstöð og víða. Á slysstað og í greiningastöð var notuð í þessa skráningu björgunarsveitarfólk sem í raun vantaði til hjálpar á slysstað.

#### Niðurstaða.

Að mínu mati gekk æfingin vel fyrir sig enda búið að fara vel yfir verkefnið fyrirfram, sem ekki gerist í raunveruleikanum. Þetta er til þess að viðbragðsaðilar æfa sig og fara yfir sín mál sem er hið besta mál og læra af þeim mistökum sem gerð eru í æfingunni og reyna að lagfæra þau.

Halldór Sveinsson.  
Vettvangstjóri.

Kl.17:10 Tilkynning um að æfingunni sé lokið.

Vestmannaeyjum 02.11.2003

Pétur Steingrímsson, ritari  
Halldór Sveinsson, Vettvangstjóri.



# Slökkvilið



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Slökkvilið**

**Hópstjóri: Jón Friðrik Jóhannsson**

## Skýrsla hópstjóra slökkviliðs.

1. Undirritaður var skipaður í fjóra vinnuhópa: Skipulag vettvangs, vettvangsstjórn, slökkvilið og fjarskipti þar af var ég hópstjóri í Slökkviliðshópnum.
2. Á æfingunni var ég eingöngu staddur á vettvangi og mitt helsta hlutverk að fylgjast með slökkvistarfi flugvallarvarða og bæjarslökkviliðs ekki síður klippuvinnu og stjórnun á vettvangi, mér til aðstoðar var Árni Ó. Árnason.
3. Helstu tímasetningar: Samkvæmt minni klukku kveiktum við í 13:11 og leyfðum eldinum aðeins að ná sér upp áður en útkall hófst eða um kl. 13:15. Flugvallarverðir komu fyrstir á staðinn innan eðlilegra tímamarka, síðan komu hver útkallseiningin af annarri á staðinn og ég lagði ekki ofuráherslu á að skrá þá tíma en þykist vita að þeir séu til í förum einhverra er á staðnum voru.
4. Að okkar mati er hægt að segja að æfingin hafi tekist vel. Undirbúningur heimamanna þ.e. bæjarslökkviliðs og flugvallarvarða er sinntu slökkvistarfi þótti okkur ágætur. Menn lögðu sig fram um að tala saman og skipuleggja sig og sína vinnu. Má þar nefna að slökkvilið bæjarins og flugvallarverðir hittust vel fyrir æfingu og fóru yfir sín mál. Hugmynd bæjarliðs var að fá sem mest út úr æfingunni og þá helst í klippuvinnu við erfiðar aðstæður og í því sjónarmiði voru þeir búnir að æfa sig sérstaklega. Það kom þó berlega fram að skortur á þekkingu hvað varðar ummönnum sjúklinga er slökkviliðsmönnum til trafala. Allir þekktu þó sitt hlutverk og sinntu því vel.
5. a. Undirbúningur flugslýsaþópsins gagnvart slökkviþættinum var nægur að okkar mati og má í því sambandi nefna að ekki komumst við yfir allt það efni sem við höfðum með okkur út. Á því eru þær skýringar að okkar hópavinna gat ekki hafist fyrr en eftir vinnu hjá mönnum eða kl.17:00. Einnig má nefna að slökkviliðsmenn mættu í stórum stíl á fyrirlestur og verklegar æfingar í greiningu og meðferð slasaðra sem heilbrigðishópurinn hélt. Eins og fram er komið var undirbúningur heimamanna góður allir vissu um æfinguna í tíma og þáttaka var þar af leiðandi mjög góð, en um 25 menn af 30 manna liði mætti á æfinguna og eða undirbúning hennar.  
b. Eins og áður hefur komið fram var gaman að sjá að menn vissu sín hlutverk og til hvers var ætlast af þeim. Allt skipulag eins og það hafði verið lagt upp gekk að mestu leyti upp. Samskipti stjórnenda á milli þ.e. Björgunarstjóra og annarra verkþáttaeininga á staðnum gekk mjög vel. Björgunarstjóri hafði sér til aðstoðar hlaupara eins og ég vill kalla hann.  
Björgunarstjórinn setti sig strax í samband við flugvallarstarfsmenn og fékk upplýsingar við komu á staðinn eins var með samskipti vettvangsstjóra og björgunarstjóra. Björgunarstjóri skannaði staðinn með hlauparanum sínum en var sjálfur alltaf á sama stað þannig að allir vissu hvar hann væri að finna. Því eins og allir vita er ekki alltaf hægt að treysta á fjarskipti og eins voru tækin til þess af skornum skammti. Ekki var annað að sjá en að verkaskipting og úthlutun verkefna frá Björgunarstjóra séð hafi gengið vel að mestu leyti.
6. a. Hvað varðar athugasemdir vegna undirbúnings eða æfingarlegs eðlis þá er fátt sem kemur upp í hugann. Þó má jú tala um þá erfiðleika við að skrapa saman mönnum á vinnutíma en það er eitthvað sem ég held að við verðum að búa við sama hvað okkur þykir.  
b. Ef við förum síðan yfir nokkur atriði sem okkur fannst betur mætti fara þá er þar hellst að nefna skort á þekkingu slökkviliðsmanna á umönnun sjúkra og slasaðra. Eins og allir vita þá eru sjúkraflutningar í höndum lögreglu á staðnum og aðeins einn sjúkrabíll á staðnum. Ekki er

ég alveg viss á hversu margir hafa menntun sjúkraflutningsmanna hjá lögreglunni en eitt er víst að í svona slysi hefur lögregla í nógu öðru að snúast. Þau úrræði til úrbóta er við sáum er að slökkviliðið taki yfir sjúkraflutninga og mennti stærri hóp manna en nú er til að sinna þessu mikilvæga hlutverki.

Það kom upp vangaveltur hjá okkur þegar að ljóst var að langan tíma tæki að klippa slasað fólk úr flakinu hvort Björgunarstjóri hefði ekki átt að kalla sérhæfða læknaaðstoð á staðinn aftur til aðhlynningar. Við heyrðum aldrei hvort þess var óskað. Það er þó ljóst að þarna voru mikið slasaðir einstaklingar og í svona stöðu getur verið erfitt að forgangsraða.

Það má segja að vegna þessa þá var að því okkur fannst of lítið frumkvæði að hálfu slökkviliðsmanna í að sinna sjúklingunum, það var eins og pínulítill hræðsla í að taka af skarið. Samvinna björgunarfélagsins og slökkviliðsins þ.e. að blanda aðeins upp hópunum eins og varð síðan í restina hefði verið góð fyrir í æfingunni.

Ekki er hægt að láta ónefnt hvernig fjarskiptamálum er háttað í Eyjum hjá öllum útkallsaðilum. Það var eitthvað sem allir aðilar eru búnir að lýsa yfir að þurfi að laga og samræma á tækniöld.

Jón Friðrik Jóhannsson  
Sviðsstjóri slökkvisviðs

# Heilbrigðisþjónusta



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Heilbrigðisþjónusta**

**Hópstjóri: Jón Baldursson**

## Skýrsla hópstjóra sjúkrahjálpar

### 1. Sjúkrahjálparhópur

- c) Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja (HV), sjúkraflutningamenn úr lögreglunni í Vestmannaeyjum og félagar úr Björgunarfélagi Vestmannaeyja, sem sinntu fyrstu hjálp á vettvangi.
- d) Frá Slys- og bráðasviði Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH): Jón Baldursson yfirlæknir (hópstjóri) Guðbjörg Pálsdóttir deildarstjóri, Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur, Margrét Blöndal, hjúkrunarfræðingur og hópstjóri í áfallahjálp, Brynjólfur Mogensen sviðsstjóri og Mikael Smári Mikaelsson deildarlæknir.
- e) Við undirbúning æfingarinnar störfuðu einnig með hópnum þau Anna Sigríður Vernharðsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem var fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og Lárus Petersen bráðataknir hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins

### 2. Eftirlit með sjúkrahjálpi á æfingunni:

- b) Slysstaður: Lárus Petersen
- c) Söfnunarsvæði slasaðra (SSS): Bára Benediktsdóttir
- d) Heilbrigðisstofnun: Guðbjörg Pálsdóttir
- e) Flokkun og merking sjúklinga: Brynjólfur Mogensen
- f) Flæði sjúklinga, heildarmynd: Jón Baldursson

### 3. Tímasetningar helstu atburða miðað við klukkur viðkomandi eftirlitsmanna

Kl.	
1310	Æfing hafin
1312	Neyðarlínan fær tilkynningu um flugslys
1314	Flugvallarstarfsmenn á slysstað
1320	Lögreglan kemur á vettvang
1323	Fyrsta hjálp hefst
1324	Fyrsti sjúkrabíll á vettvang
1324	Útkall vaktlæknis (brást)
1324	Uppsetning SSS hefst - Björgunarfélagið
1325	Bráðaflokkun hefst
1328	Vaktlæknir kemur á vettvang
1330	Stjórnandi sjúkrahjálpar tekur til starfa
1342	Greiningarsveit HV kemur á SSS
1345	Fyrstu sjúklingar koma á SSS
?	Beðið um sjúkraflug
1353	Flutningur hefst af slysstað á SSS
1430	Fyrstu sjúklingar fluttir af SSS til Reykjavíkur
1437	Fyrsti sjúklingur kemur á HV
1443	Fyrstu sjúklingar fluttir af SSS á HV
1456	Síðustu sjúklingar fluttir af slysstað á SSS
1520	Síðustu sjúklingar fluttir af SSS
1550	Verkþætti sjúkrahjálpar lokið á vettvangi
1640	Æfingarþætti sjúkrahjálpar lokið á HV

### 4. Verkþáttur sjúkrahjálpar á æfingunni almennt

Í heildina gekk sjúkrahjálpar vel fyrir sig. Sumir þeirra vankanta, sem gerðu vart við sig, voru æfingalegs eðlis og tengdust m.a. nýjungum, sem verið var að prófa í fyrsta sinn á þessari æfingu.

## 5. Einstakir liðir sjúkrahjálpar

### c) Undirbúningur æfingarinnar

- Þáttur sunnanmanna: Undirbúningur var tímanlegur á ferðinni en áður hefur verið. Eins og á flestum fyrri æfingum þurfti að eyða talsverðu púðri í kennslu og fræðslu í undirstöðuatriðum sjúkrahjálpar, sem betra væri að heimamenn hefðu áður verið búnir að ljúka í meira mæli.
- Þáttur heimamanna: Stjórnendur útbjuggu nýja hópslysaáætlun fyrir HV. Sumir af læknum höfðu nýlega farið á námskeið í bráðalækningum utan sjúkrahúsa. Hins vegar skortir annað starfsfólk HV reynslu og æfingu í störfum á vettvangi, svo sem í greiningarsveit. Lögregla og slökkvilið tóku virkan þátt í fræðslu um fyrstu hjálp og nýjungar í flokkun og forgangsröðun. Björgunarfélagið skarar fram úr fyrir góða þjálfun og búnað en einnig búa liðsmenn þess sumir yfir áratuga reynslu í björgunarstörfum.

### d) Framkvæmd æfingarinnar:

- Hlutverk starfsaðila voru yfirleitt vel skilgreind fyrirfram, enda hluti af æfingarhandritinu. Vinnubrögð liðsmanna Björgunarfélagsins voru að flestu leyti yfirveguð, öguð og fagmannleg.
- Stjórnun sjúkrahjálpar á slysaáætlun var röggssamleg og fumlauus og tengdist vel heildarstjórn. Á SSS vantaði nokkuð á að hjálparliðar fylgdu eftir til enda þeim fyrirætlunum, sem gefin voru. Stafar það af skorti á samæfingu með starfslíði HV.
- Samstarf og samvinna var annars yfirleitt til fyrirmyndar á vettvangi. Inni á HV gekk einkar vel að leysa úr verkefnum á legudeild á 2. hæð.
- Innra starf sjúkrahjálpar: Á æfingunni reyndi á nýjar aðferðir og ný hugtök við bráðaflokkun og áverkamat til að auðvelda flokkun og forgangsröðun sjúklinga. Miðað við nýjabrúmið á þessum hlutum verður að teljast hafa tekist mjög vel til, og dýrmætur lærdómur fékkst af æfingunni í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum.
- Úrlausn tæknilegra og faglegra atriða. Skráning hefur ævinlega reynst vandkvæðum bundin á æfingum sem þessari. Að þessu sinni olli hún sérstökum höfuðverk vegna nýjunga í merkingu sjúklinga en skrásetjarar stóðu sig með þryði þrátt fyrir það.
- Þrátt fyrir góðan undirbúning starfsfólks FMS, reyndist vélageymslan ekki að öllu leyti vel sem húsakynni fyrir SSS. Ekki var unnt að koma í veg fyrir kulda í húsinu og erfitt að skilja sjúklingahópa nægilega vel að.
- Undir lokin safnaðist fjöldi hjálparfólks inn á SSS í “kaffi” og olli talsverðri truflun á starfinu þar. Í framtíðinni þarf að tryggja, að biðsvæði hjálparliðs taki við þeim, sem lokið hafa sínu hlutverki á æfingunni og það svæði sé staðsett annars staðar en SSS.

## 6. Úrbótatillögur. – Sunnanmenn.

- a) Fylgja þarf eftir við landlækni og heilbrigðisyfirvöld tillögum starfshóps um heildarskipulag vegna slysa (trauma system), sérstaklega þeim hluta, sem fjallar um þjálfun og búnað heilbrigðisstarfsmanna og annarra viðbragðsaðila.
- b) Mælt er til að Almannavarnadeild Ríkislögreglustjórans endurskoði orðalag á SÁBF-kerfinu fyrir vettvangsstjórn og geri breytingar til samræmis við reynslu og þróun allra síðustu ára. Í stað “frumgreiningar” komi “bráðaflokkun”, verkþættir sjúkrahjálpar verði *áverkamat, meðferð, flutningsákvæðanir og skráning*. Stjórnandi sjúkrahjálpar verði nefndur “sjúkrahjálparstjóri” en ekki “aðhlyningarstjóri” til samræmis við aðra meginverkþætti framkvæmda í skipuritinu.
- c) Áveða þarf framtíðarfyrirkomulag merkinga sjúklinga við hópslys. Lagt er til að eingöngu verði notuð spjöld en borðar lagðir til hliðar og er það liður í sama heildarskipulagi og getið er um í a-lið.
- d) Ljúka þarf vinnslu skráningareyðublaða í ljósi reynslunnar af þessari æfingu. Vonir hafa vaknað um, að nýtt skráningarfyrirkomulag verði tekið upp sem hluti af daglegu starfi sjúkraflutninga og muni vandinn þá leysast að mestu leyti þar sem völ verði á skrásetjum, sem eru vanir fyrirkomulaginu. Hópstjóri tekur að sér að safna saman og koma á framfæri við skráningarhóp ýmsum góðum ábendingum, sem borist hafa um þessi atriði.
- e) Í framtíðinni þarf að fá meiri þátttöku utanaðkomandi aðila til að gera æfingarnar raunhæfari, s.s. að fá greiningarsveit LSH á staðinn á rauntíma og helst að flytja hana með þyrllu Landhelgisgæslunnar til að æfa saman alla aðila.
- f) Feril “óslasaðra” þarf að skilgreina á raunhæfari hátt en gert hefur verið á æfingum undanfarinna ára. Staðreyndin er sú, að allir, sem verið hafa um borð í flugvél, sem brotlendir eða hugsanlega hafa orðið fyrir öðrum álíka háorkuáverka, þurfa að fara í gegnum bráðaflokkun og áverkamat strax á vettvangi. Þótt litlir áverkar finnast við fyrstu athugun, er farsælast að sleppa ekki strax hendinni af þessum sjúklingum, heldur hafa þá þar sem hægt er að líta eftir þeim a.m.k. fyrstu klukkustundirnar.

## 7. Úrbótatillögur - Heimamenn

- a) Koma verður á formlegra og reglubundnara samstarfi milli HV, sjúkraflutninga lögreglunnar og Björgunarfélagsins. Ítrekuð er fyrri tillaga frá 1998 um sameiginlegar æfingar. Þær ætti að halda árlega eða oftár og samráðsfundi mun oftár.
- b) Stjórnandi sjúkrahjálpar verður að vera þjálfaður til þess starfs. Eðlilegt er að ætla, að hann sé skipaður af HV rétt eins og vettvangsstjóri er skipaður af lögreglu. Hafa ber í huga, að þetta þýðir ekki nauðsynlega að viðkomandi sé starfsmaður HV. Björgunarfélagið hefur t.d. innan sinna vébanda leiðbeinendur í fyrstu hjálp, sem þjálfaðir hafa verið til þessara starfa. Samráð skv. a-lið mun leysa úr þessu eins og fleiru.
- c) Vaktlæknar HV þurfa allir að sækja námskeið í bráðalækningum utan sjúkrahúsa. Allir aðrir starfsmenn, sem þurfa hugsanlega að starfa í greiningarsveit vinna önnur störf á vettvangi eða við sjúkraflutninga, verða að fá til þess lágmarksþjálfun.
- d) HV vantar tilfinnanlega margvíslegan búnað, svo sem hlífðarfatnað og merkingar fyrir vaktlækna til starfa á vettvangi, talstöð fyrir stofnunina og vaktlækninn, nýjan og betri búnað vaktlæknis og greiningarsveitar til að þjónusta sjúklinga á vettvangi o.s.frv.
- e) Lagt er til að Neyðarlínan kalli út vaktlækni HV beint en ekki lögreglan.
- f) Nauðsynlegt er að þjálfar fleiri sjúkraflutningamenn til starfa í Vestmannaeyjum þannig að eingöngu verði þjálfað fólk með réttindi við þau störf í framtíðinni.
- g) Auka þarf sjúkraflutningagetu í Vestmannaeyjum og útbúa varaflutningstæki að lágmarki með festingum fyrir sjúkrabörur.
- h) Endurskoða þarf staðsetningu SSS í ljósi reynslunnar af þessari æfingu, bæði í Vestmannaeyjum og líklega á landsvísu. Flugstöðvarbyggingin mundi veita slösuðum mun betra húsaskjól og eðlilegt að þeir gangi fyrir um það umfram ómeidda. Finna þarf leið til að rýma bygginguna og koma aðstandendum og öðrum úr byggingunni á annan stað. E.t.v. má virkja suma þeirra til hjálparstarfsins vegna slyssins.
- i) Ýmsir minnisþingir um smærri atriði hafa verið teknir saman eftir æfinguna og verða látnir berast hlutaðeigandi.

Þakkir eru færðar öllum samstarfsaðilum í Eyjum og ofan af landi.

F.h. sjúkrahjálparhóps

Jón Baldursson

## Flugslysæfingin Vestmannaeyjar 2003

1. nóvember 2003

### Skýrsla hópstjóra áfallahjálpar/sálgæslu

#### 1. Hópur: áfallahjálpar/sálgæsla

- f) Frá Vestmannaeyjum: Áfallahjálparteymi Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja (HV): Kristín Sólveig Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur, fráfarandi starfsmaður teymisins. Guðný Bjarnadóttir hjfr. og ljósmóðir nýr starfsmaður teymisins. Fjölur Ásbjörnsson og Þorvaldur Víðisson prestar. Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur og Jón Pétursson skólasálfræðingur. Tengiliðir teymisins komu inn á síðari stigum undirbúnings: Ólöf Margrét Magnúsdóttir sérkennari, Bertha I. Johansen námsráðgjafi, Ragnar Þór Baldvinsson slökkviliðsstjóri og Gunnhildur Bjarnadóttir úr stjórn Rauða kross deildar Vestmannaeyja.
- g) Frá Reykjavík: Margrét Blöndal hjúkrunarfræðingur við Miðstöð áfallahjálpar, Slys- og bráðasviði Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH) og tengiliður landlæknis, hópstjóri áfallahjálpar/sálgæslu. Carlos Ferrer prestur frá Biskupsstofu og Jóhann Thoroddsen sálfræðingur og verkefnisstjóri hjá Rauða krossi Íslands.

#### 2. Eftirlit með áfallahjálpar/sálgæslu á æfingunni:

- g) Slysstaður: Söfnunarsvæði óslasaðra (SSÓ): Jóhann Thoroddsen
- h) Fjöldahjálparstöð fyrir óslasaða Arnardrangi Jóhann Thoroddsen
- i) Heilbrigðisstofnun Vestm.: Carlos Ferrer
- j) Fjöldahjálparstöð (SSA) safnaðarheimili JTh/CF
- k) Stjórnandi teymis Guðný Bjarnadóttir: Margrét Blöndal

#### 3. Tímasetningar helstu atburða

Kl.

- 1313 Æfing hafin
- 1320 2 sjálfboðaliðar frá RkÍ sækja aðstandendur á flugvöllum
- 1340 6 aðstandendur komnir á SSA fjöldahjálparstöð, safnaðarheimili – fjöldahjálpar hafin
- 1340 Áfallahjálparteymi kallað út á HV Guðný og Fjölur mæta
- 1348 Guðný Bjarnadóttir stjórnandi teymis felur Fjölni stjórn v. hún var kölluð út á sína deild á HV
- 1350 Fjölur kannar hverjir hafa skilað sér í útkall og ítrekar útkall
- 1353 3 aðstandendur bætast við á fjöldahjálparstöð SSA safnaðarheimili =9
- 1400 Guðný tekur við stjórn aftur, Þorvaldur og Kristín komin
- 1400 Fjölur fer í fjöldahjálparstöð SSA safnaðarheimili
- 1400 Ágengir fréttamenn og ljósmyndarar koma inn á SSA
- 1405 Þorvaldur fer á flugvöllum og inn á vettvang SSS
- 1406 Guðný fær vitneskju um fjölda slasaðra
- 1408 Ólöf tengiliður teymis í Barnaskólanum sett í viðbragðsstöðu – kölluð út kl. ?
- 1410 Aðstandendur á SSA fá fyrstu upplýsingar um slysið
- 1415 Þorvaldur óskar eftir aðstoð inn á SSÓ flugvelli, setur prófast inn í stöðuna og óskar eftir liðsstyrk fleiri presta hjá Guðnýju
- 1420 Kristín fer frá HV með tvo aðstandendur í fjöldahjálparstöð – safnaðarheimili (SSA)
- 1430 Kristín kemur á SSS og fær að flytja óskoðaða á SSÓ á flugvelli
- 1430 Guðný lætur ritara hópslysastjóra HV vita að hún sé farin af HV að kanna stöðu á fjöldahjálparstöð Arnardrang (óslasaðir) og SSA í safnaðarheimili..
- 1430 Guðný óskar eftir til aðgerðarstjórnar að kallaðir verði út túlkar og frekari hjálpar presta og/eða áfallahjálparfólks.
- 1435 Samvinna Guðnýjar við fjöldahjálparstjóra Rk. deildar hefst.
- 1500 1 aðstandandi til viðbótar á SSA =10
- 1508 Þorvaldur kominn í fjöldahjálparstöð / safnaðarheimili SSA

1540	Guðný fer frá Arnardrangi í safnaðarheimilið að kanna stöðu
1545	Æfing með aðstandendum (leikurum) í safnaðarheimili blásin af . Carlos og Jóhann skipuleggja viðrun fyrir leikara sem áfallahjálparteymið sér um.
1550 - 1700	Guðný, Þorvaldur og Fjöltnir stýra viðrun fyrir tvo hópa leikara (aðstandendur og látna) í safnaðarheimili með Fjöltni og Þorvaldi.
1548	Kristín fer í fjöldahjálparstöð fyrir óslasaða í Arnardrangi
1620	Kristín stýrir viðrun fyrir leikara (óslasaða) í Arnardrangi
1705	Guðný, Kristín og Ólöf stýra viðrun fyrir leikara (slasaðra) í safnaðarheimili
1710	Þorvaldur stýrir viðrun lögreglumanna á lögreglustöðinni með CF
1713	Æfing blásin af
1800- 1900	Samantekt og lok áfallahjálparteymis með MB og CF

#### 4. Samantekt um æfinguna almennt.

Æfingin tókst vel enda teymið í góðri þjálfun í að vinna á vettvangi. Mikilvægt er þó að byggja upp samvinnu við tengiliði teymis s.s. skóla, lögreglu, björgunar- og slökkvilið og fór sú vinna vel af stað fyrir æfinguna.

Teyminu sjálfu fannst mjög gagnlegt að taka þátt í svona æfingu og fannst æfingin takast nokkuð vel en hefði getað gagnast enn betur með meiri undirbúningi.

Þrátt fyrir að erfitt væri að fá fólk til að leika „aðstandendur” reyndist sá fámenni hópur sem þó fékkst góð æfing fyrir sjálfboðaliðana inni á SSA.

**Stjórnun** vantar í samvinnu Rauða kross deildar og áfallahjálparteymis HV. Þarf að vera klárt að Rauði krossinn stjórnar fjöldahjálparstöð og hópstjóri áfallahjálpar stjórnar áfallahjálparteymi

**Áætlun:** Skipulag um viðbrögð áfallahjálparteymis er ekki til en er í vinnslu. Sama gildir um skipulag samvinnu teymis við Rauða krossinn. Byggja þarf upp tengsl og samvinnu við Rauða krossinn um vinnu á fjöldahjálparstöðvum, sjúkrahúsinu og annars staðar

**Bjargir:** Fjöldahjálpar Rauða krossins hefur ekki til taks nógu marga hjálparliða til að sinna áfallahjálpar og Rauða kross fólk vantar í áfallahjálparteymið. Teymið vantar gsm síma og talstöðvar.

**Framkvæmd :** Það er eðli atburða af þessu tagi að það taki “langan” tíma að koma á samvinnu, aðila í útkalli og stjórn á stjórnleysi. Í þessari æfingu tók það þó ekki langan tíma.

#### 5. Einstakir liðir áfallahjálpar/sálgæslu sem gengu vel.

a) Undirbúningslegs- eða æfingarlegs eðlis.

Tengt flugslysahópnum

- Undirbúningsfundir voru haldnir með áfallahjálparteymi HV. Góðum tíma var eytt í að fara yfir starfsemi og uppbyggingu teymisins sem mun væntanlega nýtast teyminu í framtíðinni. Þannig var einnig mögulegt að skipuleggja æfinguna því teymið hafði ekki gert ráð fyrir að taka þátt í henni.
- Jóhann hélt undirbúningsfund með fræðslu fyrir Rauða kross fólk í Arnardrangi þar sem þeir fengu upprifjun á því sem þeir kunnu.
- Carlos hafði undirbúið presta og prófast Kjalarness prófastsdæmis (Dr. Gunnar Kristjánsson) fyrir að prófastur yrði í símasambandi og leitað yrði til hans á æfingunni. Þetta er mikilvæg nýlunda sem gagnlegt er að endurtaka á næstu æfingum.
- Mjög gagnlegt var fyrir undirbúningshópinn áfallahjálpar/sálgæsla að sjá hve mikilvæg og nauðsynleg samvinna presta, sjúkrahúss, skóla, lögreglu, björgunar- og slökkviliðs og Rauða kross deildar er. Samvinna þessara aðila er fyrirmynd þess sem ætti að vera á höfuðborgarsvæðinu.

Tengt heimamönnum

- Teyminu fannst gagnlegt að fá fræðslu um áfallahjálpar fyrir æfinguna. Áfallahjálparteymið í Eyjum hefur starfað frá því síðastliðið vor og sinnt útköllum sem var mikill styrkleiki í að vinna á vettvangi og í raun hluti af undirbúningi. Teymið fékk tækifæri til að vinna í hópvinnu og hefja uppbyggingu á vinnu tengiliða frá skólum, lögreglu, björgunar- og slökkviliði.
- Þá var æfingin mikilvæg fyrir Rauða kross fólk til að finna á eigin skinni hvernig það er að vinna við 1. stigs áfallahjálpar við töluvert erfiðar aðstæður.

- Töluvert reyndi á heimamenn við að afla sjálfbóðaliða til að leika farþega og aðstandendur þeirra. Því miður lenti þetta á of fáum en þeir stóðu sig með þryði.
- Mjög gagnlegt var að í útkalli teymis komu upp nokkrir hnöktrar. Tveir meðlimir voru kallaðir út á tvær starfsstöðvar og annar presturinn var ekki kallaður út (vegna misskilnings tengt afskiptum hópstóra MB). Þessir þrír leystu málið mjög vel sérstaklega presturinn sem fylgdi sinni vinnuhefð þegar hann sá slökkviliðið á leið á flugvöllinn.

#### b) Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis.

##### Hlutverk starfsaðila

- Stutt er síðan áfallahjálparteymið komst á laggirnar og starf þess enn í mótun. Miðað við að ekki lá ljóst fyrir með fyrirvara með hvaða hætti það gæti komið að æfingunni stóð teymið sig með afbrigðum vel. Það er vant að vinna á vettvangi í bráðaútköllum en vinnan hefur ekki miðast við almannavarnaástand til þessa. Teymið var strax komið með mikilvæg atriði sem á vantar í skipulagið og var boðið að vera í sambandi við æfingahópinn um framhald vinnu á starfsreglum. Vinna við skipulag eftirfylgdar eftir atburði af þessu tagi er þegar hafin t.d. með stofnun sorgarsamtaka.
- Fjöldahjálparstöð fyrir aðstandendur (SSA) í safnaðarheimili var virkjuð innan 30 mín eftir útkall. Þar tók tengiliður Rauða krossins við áfallahjálparteymið að sér stjórn aðhlyningar. Það mæddi mikið á þeim starfsmanni vegna undirmönnunar.
- Samvinna presta og Rauða kross fólks var góð á SSA. Ró var komin á í safnaðarheimili á innan við klukkustund. Upplýsingar um slysið bárust til ættingja í safnaðarheimili en seint.
- Öll viðrun sem fór fram var skipulögð og framkvæmd af áfallahjálparteymi HV.
- Prestur hafði samband við prófast til að setja inn í málin og óskað var eftir viðbótarprestum til hópstjóra teymisins sem kom beiðni til aðgerðarstjórnar um presta og eða viðbótar áfallahjálparfólk.
- Samvinna kirkju, skóla og heilbrigðisþjónustu gekk vel. Heilbrigðisstarfsmenn á sjúkrahúsinu sinnu sálrænni skyndihjálpar (áfallahjálpar) þar og kölluðu eftir aðstoð teymis þegar á þurfti að halda.
- Fjöldahjálparstöð í Arnardrangi fyrir óslasaða og SSA voru í ágætu sambandi þegar með þurfti.

##### Innra starf starfseiningar

- Stjórnandi áfallahjálparteymis hélt vel um stjórn og sá um að annar tæki stjórn í upphafi þegar óljóst var hvort útkall hennar væri á sjúkradeild eða í áfallahjálparteymi.
- Samvinna innan teymis var góð. Teymisfulltrúar höfðu samband sín á milli og höfðu samstarf um það sem þurfti að gera. Stjórnandi var í stöðugu sambandi við aðra í teyminu og fór á milli sjúkrahúss, fjöldahjálparstöðvar fyrir óslasaða í Arnardrangi og safnaðarheimilis (SSA).
- Inni á SSA skipti Rauða kross fólk með sér verkum og voru ekki að ganga að óþörfu í hvers annars störf.

## 6. Tillögur til úrbóta.

### a) Undirbúningur eða æfingarlegs eðlis

- Hópstjóri áfallahjálpar/salgæslu lagði ekki nógu mikla áherslu á mikilvægi þess að allir sem taka þátt í æfingunni mættu á fræðsluna sem í boði var fyrir æfinguna þ.e. um skipulag neyðarviðbragða SÁBF. Sérstaklega er fræðslan sem lýtur að vinnu á vettvangi mikilvæg.
- Teyminu fannst dagskráin sem gefin var út fyrir æfinguna illskiljanleg. Erfitt að lesa út úr hvað var opið fyrir alla að mæta á eða hvað ekki og upplýsingar um staðsetningar fundanna/fræðslunnar vantaði oft. Þar að auki breyttist dagskráin fram á síðustu stundu sem varð til þess að ýmsar útgáfur voru í gangi.
- Hópurinn áfallahjálpar/salgæsla þarf að hafa fræðsluna mánuði fyrir æfingu og fá þar skýrt fram með formlegum hætti hvort og hverjir ætli að taka þátt í æfingunni. Gera þarf könnun á því hvaða tímar henta fyrir fræðslu þannig að sem flestir geti mætt. Hugsanlega mætti lesa inn einhverja fyrirlestra á "power point" og senda heimamönnum svo þeir geti undirbúið sig þegar þeim hentar. Þannig væri hægt, dagana tvo fyrir æfingu að leggja meiri áherslu á undirbúning hagnýtra atriða í æfingunni.
- Fram kom í viðrun leikara að þeim fannst hinn langi tími eftir að þeir komu inn á söfnunarsvæði slasaðra mjög erfiður. Þeim var kalt, voru "svektir" á hvað þeim var seint sinnt þrátt fyrir að eiga að vera með "alvarlega áverka" og voru mörg löngu hætt að leika. Gæta þarf að álagi á leikara sérstaklega þegar þeir eru svo ungir að árum sem raun bar vitni.

- Spurning er hvort æfing með færri farþega hefði nýst betur fyrir fagfólkið þannig að leikarar á SSS hefðu frekar haldið út í hlutverkum sínum og aðstæður orðið trúverðugri.
- Tveir “bréfprestar” voru settir um borð í “bréfaflugvél” sem síðan var sett til hliðar og ekki endurvakin. Upplýsingar bárust ekki um hvað af þeim varð.
- Fylgja þarf eftir við heilbrigðisyrfirvöld og landlækni “skipulagi áfallahjálpar á neyðartímum” sem samþykkt var í janúar s.l.
- Áfallahjálparteymi HV þarf að fá faglega og stjórnunarlega ábyrgð.
- Tryggja þarf fjárhagslegan grundvöll þannig að meðlimir teymis sem ekki vinna á sjúkrahúsinu fái greitt fyrir útköll. Aðgangur þarf að vera að bíl, gsm síma og hugsanlega að stjórnandi hafi einnig talstöð.

#### Tengt heimamönnum

- Teymið hafði ekki tekið formlega ákvörðun um að taka þátt í æfingunni og hópstjóra áfallahjálpar/sálgæslu var það ekki ljóst.
- Tengiliður sjúkrahúss var jafnframt tengiliður teymis við sjúkrahóp. Eðlilegra að starfsmanni teymis væri falið að vera tengiliður við hópstjóra áfallahjálpar/sálgæslu til að fækka milliliðum í undirbúningi. Einhver misskilningur virðist hafa komið upp eftir að skipt var um tengilið í Eyjum en hópstjóri (MB) hefði samt átt að fylgja því eftir
- Teyminu fannst mikil þörf á sálrænni skyndihjálpar á SSS fyrst eftir slysið þar sem þeir slösuðu sáu margt “ljótt”. Mikilvægt er að koma óslösuðum frá því sem getur verið meira ógnvekjandi en orðið er. Greining og meðferð slasaðra þarf samt **að ganga fyrir** á SSS og mikilvægt **að lúta þar stjórnanda lækni**. Eftir háorkuáverka eiga sjúklingar að vera undir eftirliti heilbrigðisstarfsmanna eins lengi og stjórnandi læknir ákveður. Með frekari æfingum og fræðslu skýrast þessir þættir og það að öllum finnst allt taka langan tíma í svona aðstæðum.
- Ganga hefði mátt betur frá því hvernig leikenda var aflagð til að leika sjúklinga og aðstandendur. Eins hefði þurft að gera könnun meðal sjálfboðaliða RKÍ mun fyrir um hverjir gætu tekið þátt í æfingunni og hverjir ekki. Þá var ekki ljóst hjá Rk deild hver væri fulltrúi/tengiliður RKÍ í áfallahjálparteyminu eða hvort sá aðili væri til. Það kom berlega í ljós að sjálfboðaliðar RKÍ inni á SSA voru undirmannaðir á æfingunni

#### b) Framkvæmdarlegs- eða úrlausnarlegs eðlis.

##### Hlutverk starfsaðila

- Rauða kross deild er ekki að vinna að áfallahjálparmálum með áfallahjálparteyminu. Áriðandi er að koma á slíkri samvinnu því fjöldahjálpin er á ábyrgð Rauða krossins og teymið þarf að vinna innan vébanda fjöldahjálparstöðva (og á SSA) og lúta þar stjórn RKÍ.

##### Stjórnun

- Skortur var á haldbærum upplýsingum um fórnarlömb eins og kom fram í viðrun leikara sem léku aðstandendur. Einu upplýsingarnar sem bárust inn á SSA var fjöldi óslasaðra og slasaðra en engin nöfn. Kl. 15:30 var leikurinn blásinn af en þá voru ekki komin neinar upplýsingar um nöfn. Gera má þó ráð fyrir að svona geti þetta verið í raun en setja þarf inn í skipulag að upplýsingar berist til aðstandenda **áður** en þær koma fram í fjölmiðlum eins og raunin varð á æfingunni.
- Fréttamenn fengu að fara inn í safnaðarheimili og taka viðtöl og myndir. Þetta hefði mátt fyrirbyggja því haldinn var fyrirlestur um fjölmiðla fyrir æfinguna þar sem farið var yfir samstarf við fjölmiðla.

### Samstarf / samvinna starfseininga

- Óljóst var hvernig Rauða kross deildin og áfallahjálparteymið ætluðu að vinna saman enda hefur ekki verið unnið að þeirri samvinnu. Tengiliður Rauða krossins í teyminu var fjöldahjálparstjóri í safnaðarheimilinu. Ef safnaðarheimilið verður aftur fjöldahjálparstöð þarf að vera ljóst hvert verksvið presta er inni á sinni starfsstöð. Lykilatriðið er samvinna sem var til fyrirmyndar á æfingunni.

- Fara þarf yfir starfsemi á SSA með Rauða kross fólki og kynna fyrir áfallahjálparteyminu. Sjá þarf til þess að sú þekking og kunnátta sem fyrir hendi er sé ávallt sú besta sem völ er á.

Innra starf starfseiningar / verkþáttar

- Sjúkrahúsið vildi fá meðlimi úr teymi til að sinna aðstandendum á sjúkrahúsinu. Ljóst er að í upphafi útkalls munu starfsmenn sjúkrahússins þurfa að sinna sálrænni skyndihjálpi enda hluti af öðrum störfum. Gera mætti ráð fyrir að einn aðili úr áfallahjálparteymi væri þar til taks fyrsta kastið til ráðgjafar.

F.h. hóps áfallahjálpar/sálgæslu

Margrét Blöndal

## Athugasemdir HV frá fundi í lok flugslysaeftingar 1. nóvember 2003

- Boðun bregst á vaktlækni
- Greiningaspjöldin voru ekki til á SSS (söfnunarsvæði slasaðra), spjöldin fengust ekki strax -> þar kom skýringin á því hvers vegna sumir sjúklinganna voru með tómspjöld
- Ekki nógu skipulögð móttaka á SSS í byrjun -> björgunarsveitafólk hljóp með sjúklingana inn á börum og út um allt svæðið
- Heilbrigðisstarfsfólk sendi græna frumskoðaða á græna litinn, óskoðað
- Aðhlyningastjóra + flutningsstjóra var erfitt að finna. Voru oft úti til að fá frið við fjarskiptin. Gott væri að hafa þá á einum tilteknum stað
- Takmörkuð flutningsgeta niður á sjúkrahús
- Þurfti markvissari stjórn á burðarmönnum. Vantaði líka fleiri
- Í framtíðinni: hafa spjöldin merkt með númerum fyrirfram og það á öllum hliðum
- Hafa ákveðinn lækni upp á sjúkradeild sem sinnir aðeins henni
- Dreifing of fljót og mikil um heilsugæslu og sjúkradeild
- Vantar skráningu sjúklinga innan sjúkrahúss
- Þarf að láta ritara sem skrá á flæðiblaðið um HV, hver verða afdrif sjúklinga og hvar þeir eru staddir hverju sinni
- MSN virkaði vel við aðgerðarstjórn
- Finna þarf aðra staðsetningu fyrir flæðiblaðið
- Eftirlitsblað HV: Nota það strax og láta fylgja sjúklingi upp á deild
- Svörtu pennarnir detta strax úr umslögunum á SSS
- Of litlir kassar á spjöldunum til að hægt sé að merkja í þá við erfiðar aðstæður
- Vantar aðstandendamóttöku. Gengur ekki að nota matsalinn
- Vantar upplýsingaflæði á milli deildar, þ.e. sjúkradeildar og heilsugæslu
- Vantaði heilbrigðisstarfsfólk og lækna í greiningu. Kaos á slysstað
- Vettvangur gekk vel. Samvinna milli Heiðars og Ragnhildar góð
- Spurning hvort ekki sé verið að "sóa" lækni í stöðu aðhlyningastjóra?
- Vantaði fleiri hendur á SSS
- Ragnhildi vantaði vanan fjarskiptamann með sér



# **Björgunarsveitir**



# Flugslýsaæfingin EYJAR 2003

**Hópur: Björgunarsveitir**

**Hópstjóri: Atli Már Markússon**

## Björgunarsveitir - skýrsla hópstjóra

Undirritaður starfaði með Björgunarfélagi Vestmannaeyja við undirbúning æfingarinnar og satt að segja var sú vinna ekki ýkja mikil þar sem sveitin hafði um þó nokkurt skeið hist nánast á hverju kvöldi og farið yfir sinn þátt í æfingunni. Frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg komu einnig Anna Sigríður Vernharðsdóttir verkefnastjóri í fyrstu hjálp og Friðfinnur Freyr Guðmundsson, starfsmaður og meðlimur í svæðisstjórn á svæði 1. Anna Sigríður kom að fræðslu fyrir björgunarsveitir og upprifjun í meðhöndlun slasaðra og notkun á helstu hjálpartækjum, s.s. hryggbretti, KED vesti, krögum og þess háttar sem ásamt starfsfólki Slys- og bráðamóttöku LSH, Fossvogi. Friðfinnur vann með hópnunum sem sá um aðgerðarstjórnun.

Undirritaður var staddur úti á skaðasvæðinu ásamt Önnu Sigríði sem færði sig einnig inn á SSS þegar líða tók á æfinguna en Friðfinnur sat í aðgerðarstjórn í húsi Björgunarfélagsins.

Að okkar mati tókst æfingin mjög vel og mætti sveitin á vettvang og vann sín verk af miklum aga og fumlaut. Björgunarfélagið er líklega eini viðbragðsaðilinn í Eyjum sem reglulega æfir (svona æfingar) og hjálpar það við að gera vinnubrögð hröð og örugg. Flutningur slasaðra af skaðasvæðinu gekk vel fyrir sig þrátt fyrir að aðeins einn bíll væri til flutninga í byrjun aðgerðarinnar og áður en varði voru komin 6 flutningatæki sem hægt var að setja börur inn í.

### Atriði sem vel fóru:

- Undirbúningur fyrir björgunarsveitir fór að mestu leyti fram á kvöldtíma og er það vel.
- Félagar í sveitinni duglegir að mæta og taka þátt í undirbúningi.
- Skipaðir voru ákveðnir stjórnendur og vissu allir í sveitinni hverjir þeir voru.
- Viðbragðsaðilar í Eyjum eru yfir höfuð fólk sem þekkest og það jafnvel með nafni og með markvissum æfingum getur viðbragðsgeirinn orðið miklu þéttari en hann er nú þegar.
- Eins og áður sagði voru innan Björgunarfélagsins ákveðnir stjórnendur í hópunum sem voru við störf úti á skaðasvæðinu, eins kom flutningastjóri frá Björgunarfélaginu og sinnti hann sínu starfi vel miðað við að vera að keyra eftir nýju kerfi er lýtur að greiningu slasaðra.
- Ánægjulegt var að sjá að meðlimir Björgunarfélagsins lögðu gríðarmikið upp úr öryggi sjúklinga, t.d. að ef verið var að fara með börur upp bratta þá voru þær alltaf tryggðar með línu og björgunarmenn sáust ekki koma að sjúklingi í brattri hlíð beint ofan frá.

### Atriði sem hefðu mátt fara betur:

- **Bílamál.** Sveitin var nokkuð lömuð vegna þess að annan bíl hennar vantaði en sveitin á Ford Econoline sem að á meðan æfingin fór fram stóð sallarólegur á hafnarbakka í Bandaríkjunum. Að öllu jöfnu eru því fleiri bílar í Eyjum sem geta tekið sjúkrabörur og fest þær í bílinn.
- **Bráðaflokkun og áverkamat.** Á æfingunni var prófað nýtt kerfi fyrir bráðaflokkun og áverkamat. Það er einmitt mjög gott að nota tækifæri á svona æfingum til að prófa ný kerfi. Við erum sannfærð um að aðferðir við bráðaflokkun og áverkamat munu taka framförum með þessu nýja kerfi. Það hefði verið mjög gott að hafa skriflegar leiðbeiningar um notkun. Við viljum fagna þessu nýja kerfi en viljum þó nota tækifærið og koma á framfæri mikilvægum punktum um kosti og galla þessa nýja kerfis eins og það kom okkur fyrir sjónir á æfingunni. Við teljum mikilvægt að haft verði samráð við þá aðila sem koma til með að vinna samkvæmt þessu kerfi til að kerfið falli að daglegu umhverfi sem flestra sem að kerfinu koma.
  - Það kom greinilega í ljós að mun auðveldara var að sjá bráðaflokkun hjá þeim sjúklingum sem voru með nýju bráðaflokkunarspjöldin en hjá þeim sem voru með

- frumgreiningarborðana. Þetta auðveldar því björgunarmönnum sem sjá um flutning af vettvangi að sjá hver er í hvaða forgangi.
- Þeim sem unnu við bráðaflokkun á æfingunni þótti hins vegar meira mál að taka nýju greiningarspjöldin úr vasanaum til að brjóta þau í réttan forgang en að velja réttan lit af frumgreiningarborðum. Til að auðvelda vinnu þeirra sem sjá um bráðaflokkun væri hægt að geyma ákveðinn fjölda spjaldanna brotin fyrir F1, ákveðinn fjölda fyrir F2 og ákveðinn fjölda fyrir F3..
  - Við skráningu flutningastjóra út af vettvangi á æfingunni kom í ljós að það er til mikilla þæginda að hafa eitt númer til að skrá út af vettvangi og það númer verði einnig notað til að skrá inn og út af SSS því það auðveldar afstemmingu á skráningu í lok aðgerðar. **Við viljum því leggja til að frumgreinarborðar verði teknir úr notkun og númer verði forprentuð á nýju greiningarspjöldin. Þá verður bara eitt númer í gangi Mikilvægt er að númerið sé prentað á allar síður nýja spjaldsins til að ekki þurfi að taka það úr plastinu til að sjá númerið t.d. þegar skrá á út af vettvangi.**
  - Pappír og skriffæri. Það er mikill galli að það þurfi sérstaka penna til að skrifa á spjöldin. Á neyðarstundu er mikilvægt að geta notað einfalda hluti sem auðvelt er að nálgast. Það eru verulegar líkur á því að pennar verði uppþornaðir á neyðarstundu þrátt fyrir góðan ásetning um að yfirfara búnað reglulega. Á undanförunum árum höfum við brýnt fyrir björgunarsveitamönnum að vera með blýanta á sér sem skriffæri því það er það skriffæri sem síst bílar og hægt að nota við erfiðar aðstæður s.s. í vondu veðri. Við höfum einnig brýnt fyrir okkar fólki að vera með skrifblokkir sem þola bleytu (vatnsheldur pappír). **Við leggjum til að spjöldin verði einnota, prentuð á vatnsheldan pappír og hægt að skrifa á þau með penna eða blýanti. Bláðið mun því fylgja sjúklingi inn á sjúkrahús og verða hluti af sjúkraskrá hans þar.**
  - Við teljum mikilvægt að notuð séu íslensk orð þegar því verður komið við til að auðvelda björgunarsveitamönnum að skilja spjöldin. Orð sem mætti íslenska eru Radial púls, Carotis púls og Systoliskur BÞ.
- **Aðhlyningarstjóri.** Það hefði verið gott að leyfa Björgunarfélaginu að sjá um hlutverk aðhlyningarstjóra en það skal þó tekið fram að sá sem tók að sér hlutverkið í æfingunni stóð sig vel. Aðhlyningarstjóri getur vel komið úr röðum Björgunarfélags Vestmannaeyja því í þeirra röðum er að finna 3 leiðbeinendur í fyrstu hjálp en það fólk hefur verið sérstaklega þjálfað til að gegna þessu hlutverki þó að það hlutverk sé alls ekki eyrnamerkt einum né neinum. Ástæður þess að við viljum vekja athygli á þessu eru aðallega tvær, annars vegar að nýta sem best þann mannskap sem er á staðnum og hins vegar að nýta sem best þá þjálfun sem fólk hefur. Þegar hópshlys verður er ljóst að dagleg sjúkrahjónusta annar ekki álaginu og því verður að fá liðsauka sem að mestu leyti kemur frá björgunarsveitum. Það virðist ekki rökrétt að úthluta lækni svo stóru stjórnunarverkefni þegar ekki er nægur mannskapur til að sinna slösuðum. Það er hins vegar alveg eðlilegt að læknir stjórn sínu fólki sem er við vinnu á vettvangi og á SSS og sé í góðu sambandi við aðhlyningarstjóra.

Niðurstaðan er samt sem áður sú að flestir hafi lært eitthvað nýtt og allir fengið góða upprifjun á æfingunni sjálfri og ekki síður í aðdraganda æfingarinnar.

Með þökk fyrir góða æfingu og ánægjulegar stundir í Eyjum 2003.

Fyrir hönd Slysavarnafélagsins Landsbjargar  
Atli Már Markússon.

# Fjöldahjálp



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Fjöldahjálpar**

**Hópstjóri: Herdís Sigurjónsdóttir**

## Flugslýsaæfingin (Vestmannaeyjar 2003) Skýrsla hópstjóra fjöldahjálpar og félagslegs hjálparstarfs

Á þessari æfingu æfði Rauða kross deildin alla helstu þætti fjöldahjálpar og félagslegs hjálparstarfs eins og opnun fjöldahjálparstöðvar fyrir óslasaða og stjórnun neyðarnefndar. Neyðarnefndin æfði m.a. samskipti við samstarfsaðila og vann úr skráningarupplýsingum. Æfð var opnun og starfræksla á söfnunarsvæði aðstandenda þar sem m.a. voru veittar upplýsingar til aðstandenda og starfræktur var upplýsingasími. Rauða kross fólk veitti flugvallarstarfsmönnum aðstoð við að annast aðstandendur í flugstöð og eins kom Rauða kross fólk að umönnun þeirra sem komu á söfnunarsvæði óslasaðra og fluttu þá í fjöldahjálparstöð.

### 1. Í fjöldahjálparhópi voru:

- a) Sjálfboðaliðar Vestmannaeyjadeildar Rauða kross Íslands sem tóku þátt í fræðslu fyrir æfinguna og í æfingunni sjálfri voru.  
**Úr stjórn Rauða kross deildar:**  
Hermann Einarsson formaður, Ingi Tómas Björnsson tengiliður við æfingarstjórn og fulltrúi í aðgerðastjórn, Gunnhildur Bjarnadóttir, tengiliður við áfallahjálparteymi og fjöldahjálparstjóri á SSA.  
**Fjöldahjálparstjórar og stuðningslið:**  
Drífa Kristjánsdóttir sem var fjöldahjálparstjóri í fjöldahjálparstöð, Hjálmfríður Sveinsdóttir, Dagný Pétursdóttir, Katrín Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Íris Guðmundsdóttir, Jónína Þorvaldsdóttir, Guðlaug Hjelm Björgólfsdóttir, Þórleif Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Hugrún Magnúsdóttir, Þuríður Júlíusdóttir, Guðríður Jónsdóttir, Dagný Pétursdóttir, Deng Guðjónsson og Sólrún Bergþórsdóttir
- b) Með heimamönnum störfuðu Herdís Sigurjónsdóttir neyðarvarnfulltrúi sem jafnframt var hópstjóri fjöldahjálparhópsins, Njörður Helgason svæðisfulltrúi á Suðurlandi, Jóhann Thoroddsen verkefnisstjóri í sálrænni skyndihjálpar og Þórir Guðmundsson upplýsingafulltrúi, öll á vegum landsskrifstofu Rauða kross Íslands.
- c) Ingi Tómas Björnsson stjórnarmaður og tengiliður við æfingarstjórn var fulltrúi Vestmannaeyjadeildar í aðgerðastjórn í Vestmanneyjum og Ingibjörg Eggertsdóttir og Marínó M. Marínósson störfuðu í samhæfingarstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

### 2. Eftirlit með fjöldahjálpar á æfingunni:

- a) Fjöldahjálparstöð/neýðarnefnd: Herdís
- b) Flugstöð/söfnunarsvæði aðstandenda: Jóhann
- c) Söfnunarsvæði óslasaðra: Njörður
- d) Fjölmiðlar: Þórir

### 3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi).

#### Sjá í kafla 4.

#### *Fjöldahjálparstöð /neyðarnefnd*

Söfnunarsvæði aðstandenda

## 4. Hvernig þótti verkþáttur fjöldahjálpar ganga á æfingunni almennt?

### Undirbúningur:

Æfingin Vestmannaeyjar 2003 hafði verið í markvissum undirbúningi í rúma tvo mánuði fyrir æfingardaginn. Rauða kross deildin æfði viðbrögð sín eftir nýútgefinni flugslysaáætlun fyrir Vestmannaeyjaflugvöll sem og nýuppfærðri neyðarvarnaáætlun deildarinnar.

Sjálfbóðaliðar Rauða kross deildarinnar í Vestmannaeyjum fengu fræðslu um fjölmiðlun, skráningu, hlutverk Rauða krossins í neyðarvörnum og sálræna skyndihjálp. Til stóð að vera með skráningaræfingu á miðvikudagskvöldinu en hún féll niður. Fyrir menntaða fjöldahjálparstjóra var fræðslan upprifjun sem veitti þeim aukið öryggi í æfingunni sjálfri. Stuðningsaðilar sem ekki hafa farið á fjöldahjálparstjóranámskeið voru ánægðir með fræðsluna og tækifærið að taka þátt í æfingunni og öðlast aukna þekkingu á fjöldahjálpinni.

Í heild gekk æfingin vel hvað varðar fjöldahjálpinu og var almenn ánægja meðal sjálfbóðaliða með æfinguna og töldu þeir hana leita til aukinnar vitundar á hlutverki þeirra og mikilvægi annarra viðbragðsaðila. Margir kvörtuðu yfir því að hafa ekki fengið að vita um æfinguna fyrir og hefðu mögulega fleiri mætt ef haft hefði verið samband við þá í tíma, en haft var samband við flesta tveimur dögum fyrir æfinguna.

Neyðarnefnd lauk ekki við heildarúrvinnslu skráningar og upplýsingagjöf til aðgerðastjórnar þar sem endanlegar upplýsingar um farþega bárust neyðarnefnd ekki áður en æfingu var hætt. Það hafði áhrif á starf fjöldahjálpar og hefði verið nauðsynlegt að vera með varaplan (að fá upplýsingarnar lesnar upp í síma eða talstöð af vettvangi) eins og reyndin hefði örugglega verið ef um alvöru hefði verið að ræða. Einnig hefði neyðarnefnd haft möguleika á að ljúka við sína vinnu eftir að æfingu annarra lauk með því að fá blöðin en starfið hafði dregist á langinn og því var ákveðið að ljúka æfingunni áður en heildarúrvinnslu var lokið.

Auk stjórnar neyðarnefndar reyndi mest á sálræna skyndihjálp á söfnunarsvæði aðstandenda sem staðsett var í safnaðarheimili Landakirkju. Áfallahjálpin á SSA tókst vel en setti það strik í reikninginn að upplýsingar um farþega (aðstandendur og vini) bárust ekki og því olli það óróleika á SSA. Aðhlyningarfólkið gekk í sín störf og skipti með sér verkefnum, en ljóst er að fleiri hefðu þurft að vera í umönnun. Upplýsingar um skráningar á vettvangi bárust ekki í tíma og því var ekki hægt að æfa upplýsingagjöf til aðstandenda á SSA og í upplýsingasíma. Ekki var um sameiningu aðstandenda að ræða í þessari æfingu. „Aðstandendurnir“ léku hlutverk sín af innlifun en þeir höfðu fengið fyriræli um að leika mismunandi útfærslur af áfallaviðbrögðum.

Skipulag Rauða krossins gerir ráð fyrir að eftir aðgerðir og æfingar sem þessar séu haldnir viðrunarfundir fyrir sjálfbóðaliða. Þeir voru haldnir strax eftir æfinguna og fékk fólk tækifæri til þess að fara í gegnum upplifun sína undir handleiðslu áfallahjálparteymis HV. Það hefur sýnt sig að viðrun er afar góð fyrirbyggjandi aðgerð gagnvart álagi og streitu sem gjarnan myndast við þessar aðstæður.

### **Fjöldahjálparstöð/neýðarnefnd Rauða kross deildar:**

Eftirlit: Herdís Sigurjónsdóttir

Staðsetning: Arnardrangur

Aðrar skipulagðar fjöldahjálparstöðvar eru í Barnaskóla Vestmannaeyja og Hamarsskóla.

Fjöldahjálparstjóri: Drífa Kristjánsdóttir, kl. 16:40 tók Hermann Einarsson við stjórn.

Helstu tímasetningar:

13:13 Útkall barst

13:17 Neyðarnefnd tekur til starfa í stjórnstöð í Arnardrangi

13:17 Fjöldahjálparstöð opnuð í Arnardrangi

13:20 Neyðarnefnd óskar eftir farþegalista frá aðgerðastjórn

13:45 Fulltrúi neyðarnefndar nær í farþegalista til aðgerðastjórnar

14:30 Óskað var eftir liðsauka frá SSÓ

15:15 Fax barst neyðarnefnd af greiningarstöð á flugvelli með fyrstu upplýsingum um farþega (aðeins númer, engin nöfn)

15:15 Óskað var eftir finnskumælandi túlkum frá SSA

16:02 Óslasaðir farþegar komu í fjöldahjálparstöð (allir í einu)

16:20 Óslasaðir hætta æfingu og fá viðrun frá fulltrúa áfallahjálparteymis HV

Síðustu upplýsingar um farþega bárust af vettvangi

17:16 Æfingu hætt

### **Útkall:**

Flugslysaáætlun Vestmannaeyjaflugvallar gerir ráð fyrir útkalli í þrjá aðila sem eru í stjórn deildar og eru þeir í útkalli Neyðarlínunnar. Í æfingunni ætlaði formaður deildar að láta reyna á útkallið og sleppa því að tala við fólk fyrirfram og sjá hverjir kæmu þegar hringt yrði út til þeirra eftir að æfingin byrjaði. Þar sem æfingarplanið gerði ráð fyrir að fólk yrði á staðnum þegar æfingin byrjaði varð að boða alla fyrirfram og fá á staðinn. Þar sem of stuttur fyrirvari var til að koma fólki á útkallslista Neyðarlínunnar var gripið til þess ráðs að kalla út neyðarnefndir og stuðningsaðila með SMS útkalli án Neyðarlínunnar. Útkallið var æft daginn fyrir æfinguna og tækifærið nýtt til að minna fólk á fræðsluna í Arnardrangi um kvöldið.

-Eðlilegt er að gera ráð fyrir að kalla til neyðarnefndarmenn í fyrsta útkalli í umfangsmikilli aðgerð eins og flugslysi og því þarf að breyta boðun deildar í flugslysaáætlun.

### ***Neyðarnefnd í Arnardrangi***

Vinna neyðarnefndar gekk vel í heild sinni og strax í upphafi náði fjöldahjálparstjóri tökum á aðgerðinni. Góðu yfirliti var haldið yfir stöðu mála á starfsstöðum fjöldahjálparinnar og var stöðugu sambandi haldið við þá sem unnu bæði á flugvelli og eins á söfnunarsvæði aðstandenda.

Fjöldahjálparstjóri veitti sjálfbóðaliðum góðan stuðning við þeirra störf. Samvinna við samstarfsaðila gekk vel og greiðlega gekk að koma á sambandi við fulltrúa Rauða kross deildar í aðgerðastjórn og fulltrúa Rauða krossins í samhæfingarstöð og var haldið á góðu sambandi í báðar áttir. Fljótlega kom í ljós að óhentugt var að hafa aðeins einn síma sem faxið var einnig á og fyrr en varði voru bæði fjöldahjálparstjóri og samstarfsaðilar í neyðarnefnd byrjaðir að nota sína eigin GSM síma til samskipta. -Nauðsynlegt hefði verið að hafa faxið á sér númeri í Arnardrangi til að hægt væri að nota símann sem er í neyðarvarnaáætlun samskiptaleið neyðarnefndar og einnig upplýsingasími til aðstandenda. Deildin á engar talstöðvar og er ljóst að ef neyðarnefnd hefði verið í talstöðvasambandi hefði verið betri yfirsýn yfir heildaraðgerðina og eins hefði verið minna álag á sínum.

Þegar farþegalisti barst á faxi var hann ógreinilegur og því fór einn neyðarnefndarmaður til aðgerðastjórnar og náði í listann. Hann var sleginn inn í tölvu til að auðvelda úrvinnslu skráningar. Upplýsingar um farþega bárust seint af vettvangi og því náðist ekki að ljúka við úrvinnslu skráningar. -Hægt hefði verið að fá upplýsingar um afdrif farþega lesnar upp í síma eins og örugglega hefði verið gert í raunveruleikanum. Þá hefði verið hægt að æfa úrvinnslu skráningar, upplýsagjöf til aðstandenda og sameiningu fjölskyldna.

Neyðarnefnd útvegaði aðföng skv. neyðarvarnaáætlun og eins voru kallaðir til túlkar eftir að beiðni barst frá söfnunarsvæði aðstandenda um finnskumælandi túlka vegna aðstandenda sem þar voru.

Þegar óslasaðir komu í fjöldahjálparstöðina var tekið á móti þeim og þeir skráðir inn. Umönnun gekk vel og fengu þeir veitingar. Fljótlega var æfingu hætt og kl.16:20 hélt Kristín sem er fulltrúi í áfallahjálparteymi HV viðrunarfund með leikurunum.

Herdís Sigurjónsdóttir

## Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Jóhann Thoroddsen var með eftirlit í flugstöð úti á flugvelli og á söfnunarsvæði aðstandenda.

Í flugslysaáætlun er gert ráð fyrir söfnunarsvæði aðstandenda í Arnardrangi en á þessari æfingu var SSA í safnaðarheimili Landakirkju.

Fjöldahjálparstjóri og tengiliður Rauða kross deildar við áfallahjálparteymi var Gunnhildur Bjarnadóttir stjórnarmaður Rauða kross deildar Vestmannaeyja.

### Helstu tímasetningar

13:13 æfing hefst

13:20 tveir sjálfboðaliðar RKÍ komu út á flugvöll til að bjóða aðstandendum að fara yfir á SSA,

13:40 6 aðstandendur koma inn á SSA,

13:55 3 aðstandendur bætast við inn á SSA,

14:00 ágengir fréttamenn og ljósmyndarar mæta inn á SSA,

14:10 aðstandendur fá upplýsingar í gegnum GSM síma um að það hafi verið fjallað um flugslysið í fréttatíma útvarpsins

15:00 1 aðstandandi til viðbótar kemur inn á SSA

15:30 æfingin í SSA blásin af

1545 æfing með aðstandendum (leikurum) í safnaðarheimili blásin af

17:05 Guðný, Kristín og Ólöf stýra viðrun fyrir leikara (slasaðra) í safnaðarheimili

1713 æfingu hætt

Jóhann var með fræðslu fyrir starfsmenn flugvallarins um viðbrögð fólks við áföllum og við hvers konar viðbrögðum starfsmenn gætu átt von á frá „aðstandendum“ sem mögulega væru komnir út á flugvöll.

Þeir sjálfboðaliðar RKÍ sem mættu á undirbúning fengu góða upprifjun á því sem þeir kunnu og nýttist það vel í æfingunni. Þá var æfingin mikilvæg fyrir þá til að finna á eigin skinni hvernig það er að vinna við 1. stigs áfallahjálp við töluvert erfiðar aðstæður. Inni á SSA skiptu sjálfboðaliðarnir með sér verkum og voru ekki að ganga að óþörfu í hvors annars störf. Leikur aðstandenda var góður og reyndist góð æfing fyrir sjálfboðaliðana sem unnu á SSA.

Nokkur óróleiki var meðal aðstandenda inn á SSA sökum skorts á upplýsingum. Þeir voru í farsímasambandi við ættingja sína sem voru að hlusta á útvarpið og fengu í raun meiri upplýsingar þá leiðina en frá því Rauða kross fólki sem var að starfa inn á SSA. Þegar æfingu var hætt voru aðeins komnar upplýsingar um fjöldi óslasaðra og slasaðra en engin nöfn.

Fjölmiðlar náðu að komast óheftir inn á SSA sem hefði átt að forðast. Hægt hefði veirið að nýta sér þá þekkingu sem kennd var á fyrirlestri um fjölmiðla fyrir æfinguna til að vinna með fjölmiðlafólki, en þar var farið yfir samstarf við fjölmiðla og hefði nýst við aðstæður sem þessar.

Einhver miskilningur var með veitingar á SSA og var lengi beðið eftir súpu sem talað var um að aðgerðastjórn ætti að skaffa. Einnig var þarna sykursjúkur einstaklingur sem vantaði veitingar fyrir. Það kom berlega í ljós að sjálfboðaliðar RKÍ inni á SSA voru undirmannaðir á æfingunni og hefði mátt gera könnun fyrir meðal sjálfboðaliða um það hverjir gætu tekið þátt í æfingunni og hverjir ekki.

-Fara verður betur yfir starfsemi á SSA með þeim sjálfboðaliðum deildarinnar sem gætu þurft að vinna á SSA til að tryggja sem besta umönnun þeirra aðstandenda sem þangað leita.

Á undirbúningsferlinum var ákveðið að færa SSA úr Arnardrangi þar sem fjöldahjálparstöðin var og yfir í safnaðarheimili Landakirkju. Sú ákvörðun var m.a. tekin vegna góðrar reynslu slíks fyrirkomulags frá öðrum æfingum þar sem upplýsingasími fyrir aðstandendur og SSA er sameinaður á einn og sama staðinn. Aðeins er einn sími í Arnardrangi og hefði því neyðarnefnd orðið að veita upplýsingar til aðstandenda auk samskipta við samstarfsaðila. Formaður Rauða kross deildar hefur gagnrýnt þessa ákvörðun tengiliðs Rauða kross deildar og þeirra sem voru deildarfólki til aðstoðar.

- Það er því nauðsynleg að fara yfir þá starfsemi sem fram fer á SSA m.a. til þess að kanna hvort sú staðsetning sem er í flugslýsaáætlun sé heppileg. Umsjón með söfnunarsvæði aðstandenda er á hendi Rauða kross deilda og hvort sem safnaðarheimili Landakirkju verður aftur nýtt sem söfnunarsvæði aðstandenda eða Arnardrangur þarf að ganga frá samstarfi við presta og áfallahjálparteymi til að fara yfir verksvið hvers og eins á SSA. Mikilvægt er þar sem SSA er nýtt í skipulaginu að fara yfir starfseminu á svæðinu með deildarfólki sem þar starfa og kynna vel fyrir samstarfsaðilum.

## **Söfnunarsvæði óslasaðra SSÓ**

Eftirlit: Njörður Helgason

Staðsetning SSÓ er í Arnardrangi ef um SJÓ-aðgerð er að ræða, en á lofti í vélargeymslu á flugvallarsvæði í LAND-aðgerð. Inngangurinn þangað var við hlið skoðunarborða í vélargeymslunni.

kl. 13:21 -Sjálfbóðaliðar Rauða krossins fóru frá fjöldahjálparstöð

kl. 13:25 -Sjálfbóðaliðar komnir í vélargeymsluna

kl. 13:55 -Fyrsta óslasaða fórnarlambið kom í SSÓ (kom í fyrsta bílnum frá slysinu).

Það fékk því þá skoðun sem þörf var á en eftir það voru þeir sem samkvæmt frumgreiningu voru merktir grænir settir á biðsvæði í flugstöðinni. Þar biðu þeir á meðan allir sem voru gulir og rauðir voru skoðaðir og sendir áfram á sjúkrahús og í flug. Þetta var gert samkvæmt verklagsreglum áætlunarinnar og greiningarsveitarinnar. Á engan hátt er hægt að setja út á það fyrirkomulag. En finna má að því hvort rétt sé að hafa þetta biðsvæði á sama gólfi og fólk er tekið inn til skoðunar misjafnlega slasað og á sig komið eftir flugslys.

Um kl.15:30 fékk Rauða kross fólk að fara með leikarana upp á SSÓ til að bíða endanlegrar skoðunar læknis. Er læknar höfðu lokið greiningu meira slasaðra fórnarlamba komu þeir á SSÓ.

kl. 15:54 lauk skoðun óslasaðra. Einn sem var á SSÓ fór á sjúkrahús vegna áverka á höfði og blæðinga úr eyra og er spurning hvort ekki sé villandi að tala um söfnunarsvæði óslasaðra í skipulaginu. Þegar skoðun lækna á SSÓ í vélargeymslu var lokið fóru sjálfbóðaliðar með óslasaða í fjöldahjálparstöð í Arnardrangi.

kl. 15:56 var farið var með óslasaða frá vélargeymslu

kl 16:02 var komið með óslasaða í fjöldahjálparstöð í Arnardrangi.

Þrátt fyrir að aðeins einn væri komin á SSÓ, voru sjálfbóðaliðar RKÍ sem voru í vélargeymslunni ekki í stöðu til að fara á biðsvæði grænna og gátu því lítið sinnt þeim sem þar biðu.

Ef Rauða kross fólk á að sjá um umönnun á biðsvæði grænna verður að gera ráð fyrir mönnun á biðsvæðið í áætlun deildarinnar.

Sem áhorfandi sá ég að nauðsynlegt er að skoða hvort hægt sé að taka upp fljótverkara kerfi við skráninguna af slysavettvanginum og koma upplýsingum fyrir til neyðarnefndar til úrvinnslu skráningarinnar. E.t.v. mætti hugsa sér, ef áfram verða notaðir frumgreiningaborðar á slysavæðinu, að þeir verði með strikamerkjum sem hægt væri að lesa inn á skanna og að í því tæki yrði möguleiki á að slá inn nafn viðkomandi eða grunnupplýsingar.

### **Athugasemdir er varða æfinguna:**

Sú staða kom upp í vélargeymslunni að Rauða kross fólk var farið að sinna leikurum í hlutverkum óslasaðra, slasaðra og látinna vegna þess hvað þeim var kalt. Eitt sem er athugunarvert fyrir skipulag vélargeymslunnar og staðsetningu greiningarsvæðisins er að það verði ekki haft beint inn af opinni hurð. Sjúkrabörur voru settar á gólfið í dyragættinni þegar þær voru teknar úr sjúkrabílunum. Þar hélt leikurunum áfram að kólna. Þó að kalt hafi verið á æfingardegnum getur orðið mun verra veður á flugvellinum í raunverulegum aðgerðum og ef úti væri krapi, frost og rok. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins kölluðu eftir liðsinni frá neyðarnefnd Rauða kross deilda í Arnardrangi. Tveir sjálfbóðaliðar komu á SSÓ um kl.15:00 og aðstoðuðu við að hlúa að leikurum á gólfi vélageymslunnar.

### Til umhugsunar.

Spurning er um móttökuna í vélargeymslunni á flugvellinum. Núverandi skipulagning þar inni er að mínu áliti áhyggjuefni. Þar blandast óþarflega mikið saman óslasaðir og slasaðir sem komið er með þangað. Mín hugmynd er að skoðunarborðin verði færð lengra frá hurðinni jafnvel í hinn enda hússins, svo að ef til þess kemur að þurfi að nota húsið í raunveruleikanum verði ekki farið með óslasaða fram hjá skoðunarborðunum inn á SSÓ. Það að upplifa slys og aðgerðir á vettvangi er nóg og óþarft að fara með fólk framhjá skoðunarborðum og fólk á börum í alls konar ástandi á leið út úr vélargeymslunni. Ekki á það síður við fólk sem safnast fyrir á biðsvæði á meðan beðið er með að skoða það. Það þarf þá ekki að fara framhjá SSS á leiðinni inn á SSÓ. Biðsvæðið getur þá verið við dyrnar upp á SSÓ og aðgerðasvæði SSS í hinum endanum, jafnvel er þá hægt að eiga skilrúm sem stúkar SSS af.

Njörður Helgason

## 5. Það sem vel tókst til við fjöldahjálp.

### a) Atriði við undirbúning æfingarinnar eða æfinguna sjálfa:

Þáttur sunnanmanna.

- Þjálfun sjálfboðaliða fyrir æfinguna.
- Boðun á sjálfboðaliðum.

Þáttur heimamanna.

- Aukinn áhugi á áfallahjálp meðal sjálfboðaliða Rauða kross deildar.
- Reynsla fengin á neyðarvarnaáætlun Rauða kross deildar.

### b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:

Hlutverk Rauða kross deildar í æfingunni:

- opnun fjöldahjálparstöðvar þar sem neyðarnefnd var staðsett (Arnardrangur).
- opnun og starfræksla á söfnunarsvæði aðstandenda (safnaðarheimili).
- skráningar og úrvinnsla skráningar (ekki lokið á þessari æfingu).
- upplýsingagjöf til aðstandenda (aðeins að litlu leyti á þessari æfingu).
- upplýsingasími (SSA)
- sameining fjölskyldna (ekki á þessari æfingu).
- aðstoð við flugvallarstarfsmenn í flugstöð.
- vinna á SSÓ og flutningur á óslösuðum af SSÓ í fjöldahjálparstöð.

Stjórnun innan fjöldahjálpar og sem hluti af heildarstjórn.

- Úrvinnsla skráningar gekk vel hjá neyðarnefnd, svo langt sem hún náði.
- Gott utnumhald um skrá yfir þá sem leituðu upplýsinga um ástvinu á SSA
- Góð samvinna milli neyðarnefndar, áfallahjálparteymis og presta á SSA
- Samskipti við samstarfsaðila
- Mikill styrkur var að hafa virka aðgerðastjórn í samvinnu við neyðarnefnd
- Búið var að opna söfnunarsvæði aðstandenda (SSA) í safnaðarheimili á innan við 30 mín eftir útkall.
- Ró var komin á í safnaðarheimili á innan við klukkustund.

Samstarf og samvinna.

- Neyðarnefnd var í góðu sambandi við aðgerðastjórn og samhæfingarstöð.
- Búið var að koma upp tengilið við sjúkrahús til að auðvelda samstarf.
- Samvinna presta og Rauða kross fólks var góð á SSA.
- Kominn er tengiliður Rauða kross deildar í áfallahjálparteyminu sem ætti að auðvelda samstarf milli starfseininganna.

Innra starf fjöldahjálpar.

- Aukin vitund sjálfboðaliða um verkefni fjöldahjálpar og samstarfsaðila.

- Góð æfing fyrir Rauða kross fólk til að finna á eigin skinni hvernig það er að vinna við 1. stigs áfallahjálpar við töluvert erfiðar aðstæður.
- Vinnan í heild sinni á söfnunarsvæði aðstandenda og skipti fólk með sér verkum og var ekki að ganga að óþörfu í hvers annars störf.
- Vel gafst að hafa presta á SSA, var það mál manna að það hefði virkað róandi á þá aðila sem þar voru. Gott utanumhald um hvaða aðstandendur voru á SSA.

## 6. Það sem betur mátti fara og tillögur til úrbóta.

### a) Atriði við undirbúning æfingarinnar:

#### Þáttur sunnanmanna.

- Ekki var næg eftirfylgni með undirbúningi vegna æfingarinnar.
- Þurft hefði að mæta á staðinn og fara betur yfir verkefni fjöldahjálpar með undirbúningsaðilum á fyrstu stigum til að hægt sé að afla sjálfbóðaliða og undirbúa verkþætti betur.

#### Þáttur heimamanna.

- Þurft hefði að gera könnun meðal sjálfbóðaliða í tíma og virkja fleiri sjálfbóðaliða til starfa strax í upphafi undirbúningstímans.
- *Að hefja virkan undirbúning fyrir flugslysæfinguna fyrir og nýta tilboð undirbúningsaðila frá landsskrifstofu um að virkja sjálfbóðaliða.*
- Örlítið óöryggi í verkefnum fjöldahjálpar og undirbúningi æfingar.
- Virkari samskipti við undirbúningsaðila landsskrifstofu varðandi æfinguna.
- Að virkja betur það þjálfaða fjöldahjálparfólk sem er á staðnum.  
Úrlausn>að stofna neyðarvarnanefnd sem sér um neyðarvarnastarf deildarinnar og virkja alla þjálfaða fjöldahjálparstjóra í neyðarvarnastarf deildarinnar.
- Ekki var ljóst hver væri fulltrúi/tengiliður Rauða kross deildar í áfallahjálparteyminu fyrir en á æfingunni.

### b) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:

#### Hlutverk starfsaðila.

- Skýra þarf verkaskiptingu milli Rauða kross deildar, presta og áfallahjálparteymis í aðgerðum.
- Tryggja að upplýsingar berist fyrir til aðstandenda til að forðast að þær berist með öðrum leiðum t.d. í fjölmiðlum eins og gerðist á æfingunni.
- Fréttamenn fóru óheftir inn í safnaðarheimili og tóku viðtöl og myndir. Þetta hefði mátt fyrirbyggja eða stýra betur.

#### Stjórnun innan fjöldahjálpar og sem hluti af heildarstjórn.

- Tengiliður Rauða krossins við áfallhjálpateymið tók að sér stjórn aðhlyningar á SSA og mæddi mikið á þeim starfsmanni vegna undirmönnunar.

#### Samstarf og samvinna.

- Fara þarf yfir staðsetningu á SSA og samstarf við presta og áfallahjálparteymi um vinnuna á svæðinu.
- Aukna þarf samvinnu milli Rauða kross deildar og áfallahjálparteymis HV.

#### Innra starf fjöldahjálpar.

- Auka þarf þekkingu á fyrsta stigs áfallahjálpar/sálrænni skyndihjálpar hjá sjálfbóðaliðum Rauða krossins.

## Úrlausn> Að halda sérhæft námskeið í sálrænni skyndihjálpar fyrir fjöldahjálparstjóra og stuðningslið í neyðarvörnum.

Úrlausn tæknilegra og faglegra atriða.

- Þar sem aðeins er ein lína inn í stjórnstöð neyðarnefndar í Arnardrangi sem nýtist fyrir bæði fax og síma var mikið álag á síma neyðarnefndar.
- Rauða kross deild á engar talstöðvar og þarf að kanna með kaup á talstöðvum.

## 7. Verkefni framundan og lærdómur:

### **Vestmannaeyjadeild Rauða kross Íslands**

- Endurskoða neyðarvarnaáætlun.
- Ljúka við útkallslista deildarinnar til Neyðarlínu vegna flugslysaáætlunar fyrir Vestmannaeyjaflugvöll.
- Taka þátt í vinnu áfallahjálparteymis á svæðinu
- Athuga með staðsetningu á SSA og samstarf við presta og áfallahjálparteymi um vinnuna á svæðinu.
- Deildin þarf að kanna með kaup á talstöðvum í samstarfi við samstarfsaðila.
- Kanna með staðsetningu fjöldahjálparstöðvar/ neyðarnefndar í séráætlun deildar vegna flugslyss eða hafa sérstakt símanúmer fyrir upplýsingar til aðstandenda og faxið til að auðvelda starf neyðarnefndar í aðgerðum.
- Deildin þarf að kanna með kaup á talstöðvum í samstarfi við samstarfsaðila.
- Athuga með stofnun neyðarvarnarnefndar sem sér um neyðarvarnastarf deildarinnar og að virkja alla þjálfaða fjöldahjálparstjóra og áhugasama á svæðinu í neyðarvarnastarf deildarinnar.
- Endurmenntun fyrir fjöldahjálparstjóra 2004 og halda sérhæft námskeið í sálrænni skyndihjálparstjóra og stuðningslið í neyðarvörnum.

### **Fyrir undirbúningsaðila landsskrifstofu Rauða kross Íslands**

- Að bjóða upp á námskeið í almennri og sálrænni skyndihjálparstjóra og stuðningslið fyrir æfingar.
- Að vera með fræðslu fyrir sjálfboðaliða a.m.k. mánuði fyrir æfingu.
- Að taka þátt í vinnu varðandi mótun heildarskipulags varðandi meðferð skráningarupplýsinga og upplýsingagjafar.
- Að ljúka vinnu landsfélags Rauða kross Íslands varðandi upplýsingasíma Rauða krossins.
- Að tryggja að í tíma sé búið að ganga frá útkallslistum fyrir alla viðbragðsaðila.
- Að gera ráð fyrir fjölmiðlaáreiti í æfingarskipulagi, bæði í fjöldahjálparstöð, á söfnunarsvæði aðstandenda og í upplýsingasíma.

# **Flugvallarstarfsmenn**



# Flugslysæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Flugvallarstarfsmenn**

**Hópstjóri: Ingimar Eydal**

## Skýrsla hópstjóra

### Hópur 12. Flugvallarstarfsmenn.

#### Hverjir:

2 flugvallarverðir, Ingibergur Einarsson og Bjarni Sighvatsson

3 starfsmenn í turni, Einar, Bjarni og Hildur. (Aðeins Einar og Bjarni tóku þátt í æfingunni)

Starfsmenn í kaffiteríu og starfsmenn Flugfélags Vestmannaeyja og Flugfélags Íslands. (ótilgreindur fjöldi).

Undirritaður, Ingimar Eydal, stjórnaði hópnum. Til aðstoðar var Jóhann Þór Jónsson. Hópurinn starfaði í nánu samstarfi við hóp 1 (uppsetning vettvangs) og hóp 6 (Slökkvilið Vestmannaeyja). Ennfremur var samstarf við hóp 2 (sjálfboðaliðar) og hóp 11 (fjöldahjálp).

#### Undirbúningur.

Þar sem Slökkvilið Akureyrar (SA) hefur sinnt þjálfun og fræðslu fyrir flugvallarverði í Eyjum um 3. ára skeið þá lá nokkuð vel fyrir hvað búið var að fara í og hvaða grunn flugvallarverðir höfðu. Þó var ákveðið að skerpa á þekkingu þeirra varðandi aðkomu, sérstakar hættur og slökkvitækni (sjá fyrirlestra).

#### Æfingin.

Hvað varðar æfinguna sjálfa þá gekk hún í öllum meginatriðum vel. Það sem snýr að flugvallarvörðum sérstaklega gekk mjög vel, þeir fóru báðir á staðinn og unnu með því hugarfari að læra meira frekar en að vinna verkið á sem stystum tíma. Þó tók það mjög stuttan tíma að ráða niðurlögum þess elds sem var þeirra að slökkva. Eldvettvangar voru þrír, sá fyrsti var uppi á braut, hann samanstóð af tveimur bílflökum, 2 hálfum olíutunnum með vel af olíu í auk eins bakka sem settur var olía í. Auk þess var sett vel af dekkjum í báða bílanna. Nokkrar 2 l gosflöskur með bensíni voru settar í bílanna.

Annar eldvettvangur var vestan við brautina, þar var einnig um tvo bíla að ræða með olíutunnu, mikið af olíufylltum dekkjum og 2 l bensínflöskum.

Þriðji eldvettvangur samanstóð eingöngu af dekkjum, einu litlu rafmagnskefli og fleira drasli eins og gúmmíbobbingum.

Ekki var kveikt í þessu öllu í einu því vindur stóð af vestri upp á eina 12-18 m á sek og var því eldsmatur fljótur að brenna.

Kveikt var í fyrsta vettvang um kl. 12:15, ég hef ekki tímann á því hvenær æfing var formlega ræst. Um 12:20 var kveikt í vettvang 2 og 2-3 mínútum síðar í vettvang 3. Vegna vinnu undirritaðs við að kveikja í þeim og staðsetja sjúklinga nærri þeim þá missti ég að fyrstu mínútum slökkvistarfs flugvallarvarða en Árni Ómar hjá SHS fylgdist betur með því. Eftir því sem ég sá síðar á myndbandi notuðu þeir byssu á þaki (monitor) aðeins í takmarkaðan tíma en notuðu síðan handlínur. Slökkvistarf þeirra gekk bæði hratt og vel fyrir sig. Slökkvilið Vestmannaeyja kom á vettvang um 12:27. Þeir lögðu við jaðar svæðisins og ákváðu að leggja lagnir um 40-50 m að vettvang 2 og 3. Þá þegar hafði flugvallarslökkvilið slökkt í vettvang 1. Búið var að leggja að vettvang 2 og 3 um 12:33 en þá liðu um 2 mínútur þar til stútmenn fengu vatn á lögnina. Þegar það var komið gekk slökkvistarf vel og voru þeir um 1 mínútu að ráða niðurlögum eldsins. Þá hafði að vísu brunnið nánast allur eldsmatur, ekkert var eftir af þeim 30 dekkjum sem höfðu verið sett í bílanna, meira að segja stór traktorsdekk voru brunnnin upp. Þar má segja að akkilesarhællinn hafi verið tími sem fór í að leggja lagnir og koma vatni á stút, það tók einfaldlega of langan tíma m.v. þann tíma sem menn hafa í flugvallareldum. Eftir að hafa slökkt þessa elda fóru liðsmenn Slökkviliðs Vestmannaeyja í önnur störf, stór hluti þeirra sinnti

klippuvinnu en aðrir fóru í umönnun slasaðra. Þar vantaði talsvert á að umönnun væri sem skyldi, menn virtust vera feimnir að sinna hinum slösuðu. Reikna má þó frekar með því að þar sé um æfingaleysi í æfingum um að ræða, líklega myndu hinir sömu bregðast öðruvísi við aðstæðum í raunveruleikanum.

Eftir að flugvallarslökkvilið hafði lokið störfum var þeirra hlutverk einkum fólgið í að tryggja frekar vettvanginn en síðar (vantar tímasetningu) fóru þeir í að gera bílinn kláran og sinna brautarskoðun vegna sjúkraflugs (og þess flugs sem fór fram meðan á æfingu stóð). Síðan voru störf þeirra að mestu bundin við söfnunarsvæði slasaðra en í hvort þeir ættu frekar að koma aftur á vettvang væri ákvörðun vettvangsstjóra og miðaðist við aðstæður hverju sinni.

## Dagskrá hópur 12

### Fimmtudagur

Kl. 13-15

Skipulag, hver gerir hvað, (flugvallarsl.lið fyrirlestur IE)

15-17

Aðkoma og fyrstu aðgerðir, slökkvitækni, (flugvallarsl.lið fyrirlestur JÞJ)

17-19

Aðkoma að flugvélum og fleira (f. slökkvil. & flugvallarv.) (ÁÓÁ).

20-22

Klippuvinna & slökkvistörf, (f. slökkvil.& flugvallav.)(JFJ,ÁÓÁ)

### Föstudagur

Kl. 8-9

Umræður

9-10

Aðkoma frh. sérstakar hættur (fyrirlestur JÞJ)

10-12

Fyrirlestur og fundur með starfsfólki í flugstöð (IE+ RKÍ)

13-15

Undirbúningur og uppsetning vettvangs. (IE-JÞJ-BS-IE-GÞJ)

15-17

Lokaundirbúningur flugvallarslökkviliðs og yfirferð búnaðar (JÞJ-IE- BS-IE-GÞJ)

17-19

Fyrirlestur um aðkomu með Slökkviliði Vestmannaeyja.

20-22

Fræðsla og yfirferð búnaðar fyrir slökkvilið (JFJ, ÁÓÁ)

### Laugardagur

8-12

Undirbúningur og uppsetning vettvangs. (IE-JÞJ-BS-IE-GÞJ-JFJ-AÓÁ)

13-16:30

ÆFING

16:30-18:00

Frágangur

## Lokaorð og tillögur til úrbóta

Flugvallarverðir í Vestmannaeyjum eru klárlega starfi sínu vaxnir. Þeir hafa til að bera þekkingu, mikinn áhuga og ábyrgð á störfum sínum. Þeir hafa mikinn metnað til að hafa búnað í sem bestu ásigkomulagi og eru stöðugt að leita leiða til að bæta skipulag og skilvirkni búnaðar. Þeir sýndu það á þessari æfingu að þekking þeirra og geta er vel umfram það sem hægt er ætlast til. Frá mínum sjónarhól væri óeðlilegt að fara fram á meira af þessum mönnum.

Tækjabúnaður virkaði eins og til er ætlast en þó komu í ljós bilanir á búnaði sem þó bitnaði ekki á notkun hans á æfingunni. Þar kom sér vel að hafa aðgang að Gunnari Þór Jónssyni, starfsmanni FMS á verkstæði í Reykjavík sem leysti Ingaberg og Bjarna af meðan á öllu þessu stóð. Gunnar er einstaklega úrræðagóður, laghentur en ekki síst einstakt ljúfmenni í allri umgengni. Nautblóð eða próteinfroða var notuð á æfingunni en héðan í frá verður aðeins léttvatn á bílnum.

Kosturinn við aðkomu Slökkviliðs Akureyrar að þjálfun flugvallarvarða er sá að það gefst tækifæri til að fara í gegnum þessa hluti oftari en bara á æfingum. Við heimsækjum þá tvisvar á ári og því oftari hægt að ræða og æfa þessa hluti.

**Akureyri 24. nóv. 03**

---

Ingimar Eydal  
Aðstoðarslökkviliðsstjóri

## Flugslysaæfing á Vestmannaeyjaflugvelli 1. nóv. 2003

Undirritaður fylgdist með úr flugturninum þegar æfingin átti sér stað. Boðun úr flugturninum gekk mjög vel og var hringt út samkvæmt Flugslysaáætlun Vestmannaeyjaflugvallar, Neyðarstig. Reynt var að leika slysið á sem eðlilegasta máta og eftir 8 mín. var annar starfsmaður kominn til aðstoðar. Ákvörðun hafði verið tekin um að láta Flugstjórn ekki vera með í æfingunni, en eftir á að hyggja, hefði það verið skynsamlegra að aðalvarðstjóri þar kæmi af krafti inn í æfinguna og léki með. Til dæmis reyndi ekki á samskipti hans við yfirmenn Flugmálastjórnar né upplýsingafulltrúann. Í staðinn vísaði hann þeim sem hringdu inn á ???

Reynt var að leika loftbrúna eins eðlilega og unnt var með aðstoð starfsfólks í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. “Pappírflug h/f” var í sambandi við flugturninn og flaug eins og um raunverulegt flug væri að ræða.

Góð fjarskipti voru við flugturninn sem gerði það að verkum að hægt var að leyfa flugumferð um völlinn þrátt fyrir að mikil bílaumferð var frá flugstöð yfir flugbraut í notkun og suður á slysavettvang. Mjög vel reyndist að hafa flugbrautarverði sitthvoru megin við braut í notkun og tryggðu að ekki væri ekið út á flugbraut nema með leyfi flugumferðarstjórnanna. Ekki reyndist unnt að nota TETRA samskipti í flugturni vegna þess að það truflaði VHF talstöðvarviðskiptin.

Flugumferðarstjórnarnir unnu sýna vinnu af stakri þryði en þeir kvörtuðu undan því að hafa ekki uppfærða gátlista. Þeir ætla að vinna þessa gátlista sjálfir, því þar eru nöfn og símanúmer sem þeir þekkja en aðrir ekki. Vinnuborð þeirra er hannað með það í huga að einn sé við vinnu í einu, en með smá hagræðingu er hægt að breyta aðstöðunni þannig að þægilegt verði fyrir tvo að vinna saman við borðið. Einungis tveir af þremur flugumferðarstjórum gátu tekið þátt í æfingunni, þar sem þriðji flugumferðarstjórinn var að missa föður sinn og var löglega afsakaður af þeim sökum.

**Kveðja,  
Bergþór N. Bergþórsson**



# Rannsókn og skráning



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Rannsókn og skráning**

**Hópstjóri: Steinar Steinarsson**

## Skýrsla hópstjóra rannsóknar og skráningar

Rannsóknarþættinum var gert skil á æfingunni að nokkru leiti. Skoðuð voru þrjú sýnishorn af gerð uppdráttu af vettvangi flugslýsa úr handbók rannsakanda flugslýsa sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) gefur út. Gátlisti fyrir lögregluna v/rannsókn flugslýss á léttu loftfari var kynntur. Áhersla var lögð á verndun vettvangs með tilliti til rannsóknar og í því sambengi haldið erindi um umgengni um flugslýsavettvang með tilliti til rannsóknar.

Boðun rannsakenda gegnum Neyðarlínu var hluti af æfingunni. Boðun til Rannsóknarnefndar flugslýsa (RNF) kom um 2 mínútum eftir að neyðarlínan fékk tilkynningu um að æfingin væri hafin og í framhaldi af því náðist í 4 af 5 nefndarmönnum.

Boðun Tryggva Ólafssonar rannsóknarlögreglumanns kom frá vakthafandi lögreglumanni á lögreglustöð.

Notuð voru ný áverkamatsspjöld að Breskri fyrirmynd sem hafa verið þýdd og staðfærð í stað gömlu METTAG spjaldanna.

### 1. Í skráningarhópi voru:

- h) Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, Björgunarfélags Vestmannaeyja og Rauðakrossdeildar Vestmannaeyja.
- i) Með heimamönnum starfaði Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur, á vegum Slýsa- og bráðadeildar LSH, Herdís Sigurjónsdóttir RKÍ, Víðir Reynisson RLS-AV og undirritaður.
- j) Við skráningu á söfnunarsvæðum (SSÓ og SSS) störfuðu Eiríkur Þorsteinsson og Þorsteinn Þorsteinsson frá Björgunarfélagi Vestmannaeyja og Hugrún Magnúsdóttir frá RKÍ. Í fjöldahjálparstöð sá Drífa Kristjánsdóttir um skráningu.

### 2. Eftirlit með rannsóknarþætti og skráningu á æfingunni:

- l) Steinar Steinarsson

### 3. Tímasetningar helstu atburða (miðað við klukkur viðkomandi).

Kl.	
13:10	Æfing hafin
13:12:01	Neyðarlínan skráir flugslýs
13:13	Slökkvibíll FMS á vettvang (skaðasvæði)
13:14	Neyðarlínan tilkynnir RNF
13:20	Fyrsti lögreglubíll á vettvang (skaðasvæði)
13:22	Slökkvibíll úr bænum á vettvang (skaðasvæði)
13:25	Sjúkrabíll á vettvang (skaðasvæði)
13:28	Læknir á vettvang (skaðasvæði)
13:53	Flutningur hefst frá skaðasvæði að SSÓ og SSS
14:45	Bakland aðgerðarstjórnar tilkynnir að engin hættuleg efni séu um borð samkvæmt farmskrá
14:56	Síðustu skjólstæðingar frá skaðasvæði
15:15	Vettvangsstjóri afhendir vettvang rannsóknaraðilum
15:45	Rannsókn á vettvangi lokið ( eingöngu helstu þættir skoðaðir)

### 4. Hvernig þótti verkþáttur skráningar ganga á æfingunni almennt?

Vel að öðru leiti en því að samræmingu skráningar var ekki lokið og þar af leiðandi ekki vitað á hvaða stofnanir skjólstæðingarnir í slysinu voru sendir. Skráningin gekk að öðru leiti upp þar sem allir 51 skjólstæðingar í slysinu voru skráðir.

### 5. Það sem **vel tókst til** við skráningu.

- e) Atriði við framkvæmd æfingarinnar:
- Starfsaðilar skiluðu vel sínum hlutverkum.
  - Allir skjólstæðingar skiluðu sér í skráningunni.

**6. Það sem betur mátti fara og tillögur til úrbóta.**

- c) Atriði við undirbúning æfingarinnar:

Þáttur sunnamanna.

- Það væri kostur vegna rannsóknarþáttarins að merkja eða að láta það koma fram á upprætti hvaða hlutar flugvélarflaksins væru til staðar í æfingunni.
- Skráning skjólstæðinga í hópslysi er stór þáttur í úrvinnslu og samræming milli viðbragðsaðila lykilatriði til þess að hún gangi upp. Númeraðir frumgreiningarborðar (plastböndin) voru notaðir á skaðasvæði ásamt ónúmeruðum áverkamatsspöldum og voru því skjólstæðingar forgangsraðaðir með tvennum hætti. Með nýju áverkamatsspöldum virðumst við vera komin á beinu brautina og getum notað spöldin sem samnefnara til þess að einfalda kerfi sem er staðnað og hefur ekki náð nægjanlegri útbreiðslu í daglegri notkun. Nauðsynlegt er þó að númera áverkamatsspöldin þar sem sama númer komi fram á lituðum hliðum spjaldsins til þess að auðvelda skráningarmanni starfið. Samræma þarf skráningarblað nýju spöldunum og jafnvel að prenta leiðbeiningar aftan á eyðublaðið. Heildarsamræming þarf að eiga sér stað milli Landlæknisembættis og Ríkislögreglustjóra varðandi þessi atriði og í reynd þolir það litla bið. Því er brýnt að settur sé saman vinnuhópur til þess að klára samræmingarferlið og koma með tillögur um hvernig best sé að dreifa boðskapnum.

Þáttur heimamanna.

- Langan tíma tók að faxeskráningarblöð í fjöldahjálparstöð og til aðgerðarstjórnar. Annað sem úrskaiðis fór í skráningu má segja að sé afleiðing af kerfi sem er ekki fullmótað.

**Steinar Steinarsson flugstjóri**  
**Rannsóknarnefnd flugslysa**  
**Hópstjóri, Rannsókn / Skráning**

# Fjarskipti



# Flugslysæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Fjarskipti**

**Hópstjóri: Jónína S. Sigurðardóttir**

## Lögreglan

Ljóst er að búnaður lögreglunnar er gamall og ekki hægt að treysta á hann á ögurstundu þegar líf manna er í hættu og ekki sá búnaður sem lögreglumenn þurfa að hafa við vinnu sína. Eins og kerfið er í dag þá geta þeir lögreglumenn sem eru að starfa úti á vettvangi ekki talað við hvorn annan án þess að einn maður sé bundinn inni á stöð til þess að bera boð á milli. Það eiga allir að geta verið úti ef verkefni krefjast þess og þá eiga allir að geta talað sín í milli í gegnum talstöðvarnar.

Þegar lögregluliðið er svona fámennst eins og í Vestmannaeyjum er mikilvægt að hægt sé að loka stöðinni og síminn stilltur í 112 þannig að allir lögreglumenn geti verið úti að vinna á sama tíma að krefjandi verkefni og allir í eðlilegu talstöðvarsambandi við hvorn annan. Einnig kom í ljós að þær sex handstöðvar sem lögreglan hefur til umráða eru ekki allar eins forritaðar með sömu rásirnar. Það er mjög mikilvægt að þær séu allar eins forritaðar þannig að allar rásir sem lögreglan þarf á að halda séu í öllum stöðvunum þannig að það skipti ekki máli hvaða stöð lögreglan grípur með sér þegar farið er í útkallið. Móðurstöðin sem er staðsett á lögreglustöðinni er mjög gömul lampastöð og er löngu úrelt og ekki margir sem kunna að gera við slíkar stöðvar í dag ef þær bila.

## Slökkviliðið

Stöðvarnar hjá þeim eru of fáar og ekki heldur nógu öflugar til þess að vinna við þær aðstæður sem þeir þurfa oft að takast á við. Þeir hafa aðeins eina stöð sem er með almannavarnarrásunum inni. Almannavarnarrásirnar þurfa að vera inni í öllum þeirra stöðvum.

## Björgunarfélagið

Þeir eru nokkuð vel búnir hvað varðar fjarskiptamál. Eru með stöðvar í bílunum, í stjórnstöð og nokkuð af handstöðvum. Þessi búnaður þjónar nokkuð vel félaginu en þyrfti að endurnýja hluta hans og fjölga stöðvum.

## Sjúkrahúsið

Þar er ekki neinn fjarskiptabúnaður. Það þarf nauðsynlega að setja þar upp fasta talstöð og hafa tvær handtalstöðvar með vara rafhlöðum til að grípa til fyrir lækna þegar þeir fara út á vettvang til starfa.

## Niðurstaða

Æfingin gekk vel hvað varðar fjarskiptabáttinn, miðað við þann fjarskiptabúnað sem öryggisaðilar hafa yfir að ráða. Ekki komu fram neinir verulegir hnökur á meðan á æfingunni stóð nema að gæslustjórinn varð sambandslaus vegna stöðvarinnar sem hann hafði. Var brugðist skjótt við og fékk hann aðra stöð og komst þá í eðlilegt samband. Eins og fram hefur komið þá var ekki hægt að gera miklar væntingar til búnaðarins. Nauðsynlegt er að fara yfir allan búnaðinn og endurnýja hann eins og kostur er. Þarf að samræma forritun hans og sjá til þess að hver viðbragðsaðili fyrir sig, hafi allir sinn búnað eins forritaðann. Einnig þurfa allar stöðvar hjá öllum aðilum að vera með almannavarnarrásir inni, auk þess að hafa sameiginlegar rásir sem þeir geta allir unnið á, við sameiginlega vinnu sína á vettvangi.

Fjarskiptakerfi viðbragðsaðila í eyjunni reyndist ekki það öryggiskerfi sem þessir aðilar þurfa að hafa til umráða við þær aðstæður sem íbúar eyjunnar búa við.

Þarf að finna leiðir til að koma á viðræðum við stjórnvöld til að fjármagn fái til þess að koma þessum málum til betri vegar, því miðað við þann búnað sem er fyrir hendi í dag, þá geta viðbragðsaðilar í Vestmanneyjum ekki sinnt störfum sínum fullkomlega vegna vanbúnaðar á fjarskiptabúnaði.

**Virðingarfyllst**

**Jónína Sigurðardóttir**

## Flugslysaaefing í Vestmannaeyjum 1. nóvember 2003

### Helstu tímatilkynningar

- Kl. 13.13.01 Jón slökkviliðst. kallar að vél hafi brotlent á vellinum
- Kl. 13.14.55 Tækjabíll flugvallar slökkviliðsins á vettvang
- Kl. 13.15.15 Stjórnstöðvarbíll á vettvang með teppi, börur og fl.
- Kl. 13.16.55 Byrjað að slökkva elda
- Kl. 13.17.20 Stjórnstöðvarbíll af vettvangi
- Kl. 13.20.08 Tilkynning frá flugturni að 48 manns hafi verið í áhöfn
- Kl. 13.21.02 Lögreglan á vettvang, byrjar að setja upp lokanir
- Kl. 13.24.32 Tækjabifreið slökkviliðsins á vettvang
- Kl. 13.26.00 Kallar aðgstj í björgunarsveitir
- Kl. 13.26.45 Björgunarsveitir svara og tilkynna að menn frá þeim séu á vettvangi
- Kl. 13.28.53 Kemur sendibifreið frá slökkviliði á vettvang
- Kl. 13.29.40 Kemur meira lið frá lögreglu á vettvang
- Kl. 13.30.20 Kemur stjórnstöðvarbíll aftur á vettvang
- Kl. 13.30.48 Tilkynning frá flugturni að 51 séu á lista yfir farþeg í vélinni
- Kl. 13.34.00 Læknir tilkynnir sig á vettvangi
- Kl. 13.35.02 Tilkynnt að vettvangsstjóri tekur til starfa
- Kl. 13.36.18 Bjstj. kallar í vettvangstj.
- Kl. 13.36.57 Vettvstj. kallar í flugturn og óskar eftir frekari upplýsingum um fjölda í vélinni
- Kl. 13.37.05 Kallaðar út upplýsingar um að í vélinni hafi verið 19 karlar, 26 konur, 3 í áhöfn- 2 börn og eitt ungabarn
- Kl. 13.37.38 Bjstj, óskar eftir að 7 slasaðir verði fluttir frá vettvangi
- Kl. 13.39.11 Tilkynnt að fólk hafi hlaupið inn á slysavettvanginn- aðstandendur
- Kl. 13.41.00 Fólk sem var á flugbrautinni flutt burtu af lögreglu
- Kl. 13.41.27 Tilkynnt að búið sé að tryggja svæðið og megi hleypa björgunaraðilum inn á það
- Kl. 13.44.00 Beiðni um að útvega lista yfir neyðarblóðgjafa í Vestmannaeyjum hjá Blóðbankana og láta faxes hann til Eyja
- Kl. 13.48.00 Tilkynnt frá flugturni. Ein flugvél tilbúinn í sjúkraflug tekur 2 sjúklinga
- Kl. 13.49.10 Vettvstj. kallar á flutningstj. Kannar með stöðu mála
- Kl. 13.50.39 Björgunstj. kallar vettvstj. Tilkynnt að einn slökkviliðsmaður eigi dóttur í vélinni.  
**Fram kemur að lélegt samband er frá bjstj.**
- Kl. 13.52.47 Vettstj. kallar flutnstj. Og kannar með farartæki til flutnings
- Kl. 13.54.09 Sjúkrabifreið kemur á vettvang
- Kl. 13.55.58 Vettvstj. kallar á aðhlynstj. Og tilkynnir að flugvél sé tilbúin til flutnings fyrir tvo sjúklinga
- Kl. 13.56.18 Faðirinn kominn í áfallahjálp
- Kl. 13.56.00 Aðhlynstj. biður vettvstj, um fleiri bíla til flutnings
- Kl. 13.58.00 Verið að flytja einn farþega á söfnunarsvæði
- Kl. 14.00.00 Aðhlystj. biður vettvangstj. um frekari upplýsingar um fjölda farþega og fjölda slasaðra
- Kl. 14.01.08 Vettvangsstjóri gefur upp töluna 51 farþega
- Kl. 14.05.38 Vettvangsstjóri biður bjstj. um stöðuskýrslu
- Kl. 14.07.10 Stöðuskýrsla frá bjstj, eldur hafi kveiknað aftur á einum stað í vélinni og sé verið að slökkva þar, klippivinna í gangi á einum stað og verið að bjarga fólki út á þremur stöðum úr flakinu
- Kl. 14.08.30 Aðhlystj. tilkynnir vettvangstj, að sjúklingar séu ekki tilbúnir til flutnings
- Kl. 14.09.10 Fjórir sendibílar komnir inn á svæðið til aðstoðar við flutning á fólki
- Kl. 14.10.01 Bjstj, kallar vettvangstj, tilkynnir að búið sé að flytja 7 slasaða og 5 óslasaða frá vettvangi
- Kl. 14.11.52 Vettvangstj, biður flutningstj. um stöðuskýrslu
- Kl. 14.12.07 Bjstj. Biður vettvangstj. um meiri mannskap með börur og teppi út af flakinu
- Kl. 13.12.47 Vettvanstj, kallar í flutningstj. og ítrekar að fá stöðumat
- Kl. 14.13.08 Tilkynnt að einn slasaðu sé kominn í flugvél og annar á leiðinni
- Kl. 14.15.00 Vettvangstj. tilkynnir tvær þyrlur frá Landhelgisgæslu og áætlaður landingatíma annarrar um kl. 14.44
- Kl. 14.16.53 Bjstj. kallar í aðhlynstj, sem svarar ekki

- Kl. 14.17.40 Bjstj. kallar í vettvangstj.
- Kl. 14.18.58 Flutnstj. biður um meiri mannskap við burð á fólki
- Kl. 14.19.20 Bjstj. biður um greiningu á sjúklingum fyrir flutning
- Kl. 14.21.32 Flugturn tilkynnir vettvanstj, lendingu ORF kl. 14.35
- Kl. 14.24.06 Aðhlynstj. kallar á vettvangstj og biður um lyf
- Kl. 14.24.30 Flugturn tilkynnir vettvangstj að raunverulegt flug sé að hefjast eftir 5 mínútur
- Kl. 14.25.00 Vettvangstj. kallar út til allra að raunverulegt flug verði um brautina eftir 5 mínútur
- Kl. 14.26.18 Vettvangstj, svarar aðhlynnstj, og lætur þá vita að þeir þurfi að sjá sjálfir um að útvega lyf
- Kl. 14.27.02 Gæslustj. biður um sjúkrabifreið
- Kl. 14.28.45 Sjúkrabifreið fer frá vettvangi með sjúklinga
- Kl. 14.29.20 Sjúkrabifreið fer frá vettvangi með sjúklinga
- Kl. 14.30.00 Aðhlynstj. kallar á vettvangstj, og spyr hvað líði blóði fyrir sjúklinga. Vettvangstj. segir að 20 einingar af blóði muni lenda eftir 20 mínútur
- Kl. 14.34.00 Sjúkrabifreið fer frá vettvangi með sjúklinga
- Kl. 14:35.10 Flugturn tilkynnir komu Fokkers 50 kl. 14.45
- Kl. 14.36.00 Vettvangstj. tilkynnt að búið sé að flytja 21 slasaða og 11 óslasaða frá vettvangi
- Kl. 14.37.18 Flugturn tilkynnir vettvangstj. að tvær vélar séu tilbúnar að flytja slasaða frá velliðum
- Kl. 14:39.53 Reynir aðhlstj, marg oft að kalla í vettvangstj, sem svarar ekki
- Kl. 14.40.34 Flugturn tilkynnir vettvanstj. að TF LIF sé að lenda
- Kl. 14.41.59 Tilkynnt að TF LIF sé tilbúin að taka sjúklinga
- Kl. 14.44.55 Aðhlystj. biður vettvangstj, að sjá um að útvega vökva frá spítala á vettvang
- Kl. 14.45.20 Biður vettvangstj. flutningstj, um stöðuskýrslu
- Kl. 14.46.10 Tilkynnir flutningstj. vettvangstj, að búið sé að flytja 33 frá vettvangi
- Kl. 14.48.00 Bjstj, tilkynnir að verið sé að klippa þá þrjá síðustu út úr flakinu os é það síðast klippuvinnan
- Kl. 14.49.10 Aðhlynstj. gefur stöðuskýrslu: 1 skjúkravél farin með sjúklinga, verið að koma sjúklingum fyrir í aðra vél, búið aðflytja eitt barn á sjúkrahús
- Kl. 14.50.03 Lendir Fokker á velliðum- tilkynnt að Victor sé að fara í loftið
- Kl. 14.51.00 Tilkynnt að brautin sé lokað vegna raunverulegs flugs
- Kl. 14.54.00 Tilkynnir aðhlynstj. til vettvangstj, að 6 rauðir séu farnir með þyrlu og skjúkrabifreið sé á leiðinni á sjúkrahús með slasaða
- Kl. 14:55.44 Tilkynnir vettvangstj, til aðhlynstj. að með vélinni hafi verið 51 alls með farþegum og áhöfn, þar af 19 karlar, 26 konur, 2 börn, 1 ungarbarn og þrír í áhöfn. 33 komnir greindir af vettvangi
- Kl. 14.59.18 Vettvangstj. óskar eftir 6 mönnum í greiningarstöð
- Kl. 15.02.03 Bjst. kallar vettvangstj, og kveðst hafa sent 6 slökkviliðsmenn í greiningarstöð
- Kl. 15.04.19 Flugturn kallar vettvangstj, og óskar eftir upplýsingum um látna. Vettvangstj. tilkynnir að ekki séu neinar tölur um látna enn
- Kl. 15.06.13 Bjstj. Tilkynnir að búið sé að flytja alla slasaða af vettvangi og það séu aðeins látinir eftir
- Kl. 15.08.30 Ítrekað að búið sé að flytja 41 af vettvangi og það séu aðeins 10 látinir eftir
- Kl. 15.08.55 Gæslustjóri kallar vettvangstj, og tilkynnir að vettvangsvinna sé að verða búin en það verði einn slökkvibíll eftir. **Gæslustjóri fékk lánaða stöð hjá sunnanmanni eftir að stöð hans var óvirk**
- Kl. 15.11.00 Tilkynnir vettvangsstjóri að búið sé að afhenda Tryggva rannsóknarlögreglumanni og flugslysanevnd vettvang
- Kl. 15.13.08 Vettvangstj. biður greiningstj, um tölu á þeim sem komnir eru í hús frá vettvangi
- Kl. 15.14.10 Er ítrekað að það séu komnir 43 í hús frá vettvangi
- Kl. 15.15.00 Er leiðrétt frá greiningarstöð að það séu 42 komnir í hús
- Kl. 15.16.30 Aðhlystj. kallar vettvangstj. og kannar hvort að það sé ekki öruggt að allir séu komnir í hús
- Kl. 15.17.52 Staðfest að 42 séu komnir í hús
- Kl. 15.19.40 Vettvangstj. biður aðhlynstj. um að það þurfi að endurtelja þar sem tölur stemmi ekki
- Kl. 15.20.25 Aðhlynstj. kallar vettvangstj, og tilkynnir að 43 séu komnir í hús við endurtalningu
- Kl. 15.22.03 Flutningstj, tilkynnir vettvangstj. að 43 hafi verið fluttir frá vettvangi ásamt 8 líkum
- Kl. 15.22.50 Tilkynnir flutningstj. að hann yfirgefi vettvang
- Kl. 15.23.20 Vettvangstj. kallar aðhlystj. óskar eftir endanlegar tölur á þeim sem hafa verið sendir á sjúkrahús

- Kl. 15.34.00 Óskað eftir 6 manns ásamt flutningstækjum á vettvang og gefa sig fram við flugslysanevnd til að safna saman líkum og sjá um flutning á þeim frá vettvangi
- Kl. 15.38.02 Vettvangstj, kallar flutningstj, biður um flutning með sjúkrabifreið frá sjúkrahúsi út á flugvöll til að senda með sjúkraflugi
- Kl. 15.40.00 Aðstandendur hættir að leika
- Kl. 15.45.00 Rannsóknarvinnu lokið á vettvangi
- Kl. 17.08.00 Æfingin blásin af

# **Fjölmiðlar**



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

**Hópur: Fjölmíðlar**

**Hópstjóri: Heimir Már Pétursson**

## Skýrsla um fjölmíðlahóp á flugslýsaæfingu í Vestmannaeyjum

Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar

Heimir Már Pétursson frá Flugmálastjórn og Þórir Guðmundsson frá Rauða krossi Íslands, skipulögðu áreiti á björgunaraðila. Fengu þeir vanan fréttamann í Reykjavík til að leika blaðamann og Bandaríkjamann sem býr á Íslandi til að leika bandarískan blaðamann. Heimir Már og Þórir hringdu líka í tiltekna aðila, þar sem þeir léku sjálfa sig.

Almennt fengust yfirveguð og góð svör frá starfsfólki í flugturni í Vestmannaeyjum, hjá flugstjórn, lögreglunni í Vestmannaeyjum, aðgerðarstjórn og vettvangsstjórn. Menn gáfu upp það sem þeir gátu og vísuðu eftir atvikum á aðra aðila.

Þá hélt sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum blaðamannafund ásamt framkvæmdastjóra sjúkrahússins og bæjarstjóra. Þeir komu vel undirbúnir til fundarins, en Heimir Már og Þórir léku blaðamenn og ritstjóri Eyjafréttta tók þátt í fundinum. Almennt stóðu menn sig vel og gáfu greinargóð svör og viðurkenndu fúslega ef þeir vissu ekki eitthvað. Þeir voru þó króaðir af með nokkra punkta og ýmislegt sem blaðamenn höfðu áhuga á kom þeim nokkuð á óvart. Framkvæmdastjóri sjúkrahússins tók sig þá til og sagði að þeir hefðu ekkert meira að segja að sinni og sleit fundinum með því að ganga út. Það var líka eðlilegt.

Þetta var í fyrsta skipti sem þáttur fjölmíðla var æfður eins ýtarlega og sýndi æfingin að það er full þörf á því. Ekki var æfður sá hluti að senda út fréttatilkygningar og mætti bæta þeim hluta við á seinni æfingum. Viðbragðsaðilar fengu samt nasabefinn af því hvað myndi gerast í raunveruleikanum og tel ég að menn hafi lært töluvert af því.

### **Samantekt Steingríms Ólafssonar sem lék fréttamann í Reykjavík:**

Flugslýs í Vestmannaeyjum 01.11.2003 Hringt frá FRÉTTUM

#### **Kl.:13:36 Vestmannaeyjaflugvöllur**

481 1969

Sá sem ansaði benti strax á lögreglu. Hann staðfesti þó að flugslýs hefði orðið, en ítrekaði að lögregla gæti upplýsingar. Auðvelt að heyra að það var eitthvað að.

#### **Kl.: 13:38 Lögreglan í Vestmannaeyjum**

481 1666

Ansað og sagt: “Augnablik.” Viðkomandi var að tala í annan síma og/eða talstöð. Auðvelt að heyra: “viðbúnaður á vellinum,” “suðurendi brautarinnar”, “búið að ná þeim sem hljóp niður völinn” o.þ.h. Þegar hann kom í símann sagði viðkomandi að ég fengi engar upplýsingar þarna, afsakaði sig aftur, leitaði að einhverjum Bjarna, kom svo aftur í símann og gaf upp símanúmerið 898 1067 hjá aðgerðarstjóra á vettvangi, þar sem upplýsingar hjá honum væru takmarkaðar.

#### **Kl.: 13:42 Aðgerðarstjóri, Karl Gauti.**

Fyrst var á tali. Í þriðju tilraun ansaði. Karl Gauti staðfesti að flugslýs hefði átt sér stað. Gaf síðan upp eftirfarandi án þess að ég spyrdi frekar: Vél frá Reykjavík sem ætti í hlut, hefði hlekkst á í lendingu. 48 farþegar um borð, 3 í áhöfn. Eldur væri í vélinni en hann hefði að mestu verið slökktur. Lögregla og slökkvilið væru á staðnum, búið væri að girða af vettvang og björgunarsveit væri á staðnum.

S.s. greinargóðar upplýsingar án þess að það þyrfti að spyrja. Ég spurði þá um meiðsli en hann sagði að á þeim tíma væri ekki vitað um meiðsli, né hvað nákvæmlega hefði gerst. Þó bætti hann við að vélinni hefði hlekkst á við suðurenda brautarinnar (004), skilyrði hefðu verið mjög góð miðað við árstíma. Flugvöllurinn væri opinn fyrir sjúkraflogi. Ég spurði þá hvenær hann hefði fengið fregnir af

slysinu og hann sagði 10 mínútur yfir 1. Aðspurður hvaðan, nefndi hann flugturninn og neyðarlínuna. Ég spurði hvenær hann fengi frekari fregnir og hann sagði að ný tíðindi væru stanslaust að berast en ef ég vildi hringja aftur eftir 15 mínútur fengi ég frekari upplýsingar um meiðsli og hvort einhverjir hefðu látist.

**Kl.: 13:50 Íslandsflug í Vestmannaeyjum**

481 3300

Aðspurður um hvort hann gæti staðfest að flugslys hefði orðið, var svarað: “Ég gef ekkert upplýsingar um málið.” Ég spurði þá hvort það væri vél frá Íslandsflugi sem hefði lent í flugslysinu var svarað: “Jú, en ég segi ekkert meir.” Ég spurði þá hvort það væru margir slasaðir, og þá svarað: “Ekki heyrt af því, en þú færð ekkert meir frá mér.” Ég spurði þá hvort vélin hefði verið að koma frá Reykjavík og svar: “Já, en þú færð ekkert meir frá mér.” Það var s.s. ljóst að ég gæti fengið frekari upplýsingar þar.

Símtali lauk 13:52 og þá hafði ég allar nauðsynlegustu upplýsingar í höndunum og gat áður en klukkan yrði 14:00 fengið frekari upplýsingar um tölu slasaðra og látinna, en lét hér staðar numið.

# **Viðaukar**



# Flugslýsaæfingin Eyjar 2003

Keyrslustjórn

Kristján Torfason

## Rýnifundur 2.11.2003 kl. 12:10 í Akogeshúsinu í Vestmannaeyjum

**Árni Birgisson æfingastjóri** setti fundinn og þakkaði fyrir samstarfið og æfinguna. Hann kynnti síðan dagskrá fundarins og rifjaði upp tilgang æfingarinnar. Einnig fór hann yfir tímasetningar á upphafi æfingarinnar:

- 13:10 Eldar hitaðir.
- 13:12 Gefin heimild til að ræsa.
- 13:13 Boðun flugturns lokið.
- 13:13 Slökkvibíll á flugvelli ekur út.
- 13:13 Stjórnstöðvabíll ekur út.
- 13:14 Slökkvistörf hafin.
- 13:18 Lögreglubíll á vettvang.
- 13:21 Slökkvibíll (1) á vettvang.
- 13:23 Slökkvibíll (2) og sjúkrabíll á vettvang.
- 13:24 Björgunarsveitabíll o.fl. á vettvang.

**Víðir Reynisson Almannavarnadeild RLS** var á vettvangi og sagði hann að þar hafi öll vinna gengið fumlaust. Vettvangsstjóri hafi á stuttum tíma verið búinn að skipuleggja sig. Hann velti upp spurningu um hvort vettvangsstjórabíll hefði átt að vera nær vettvangi, en taldi að sennilega hafi hann verið vel staðsettur. Í bílnum voru 4 menn og voru vinnubrögð skipulögð. Öll samskipti í bílnum voru tekin upp á segulband og öll skráning var í lagi. Betra upplýsingastreymi hefði mátt vera í báðar áttir. Í heildina sagðist Víðir ánægður með störf á vettvangi.

**Jón Friðrik Jóhannsson SHS** sagði að heilt yfir hafi allir aðilar fengið lærdóm út úr æfingunni og allir hafi unnið skipulega. Flugvallarslökkvilið hafi fengið æfingu í að nota byssu á þaki og síðan línu. Björgunarstjóri setti sig í samband við flugvallarslökkvilið og gott upplýsingastreymi var þar á milli. Björgunarstjóri staðsetti sig á einum stað utan innri lokunar og notaðist við hlaupara til að koma boðum til sinna manna. Einhverjir hnókrar voru á fjarskiptum.

Slökkvistarf gekk mjög vel en um var að ræða stóran vettvang. Lausir slökkviliðsmenn hefðu mátt tala við sjúklinga. Eitthvað hik var við klippivinnu en hún gekk vel eftir að hún komst í gang. Það er galli að slökkviliðið í Vestmannaeyjum sinnir ekki sjúkraflutningum og skortir því menntun á því sviði hjá slökkviliðsmönnum. Samstarf björgunarsveita og slökkviliðs var mjög gott og voru menn jákvæðir og áhugasamir.

**Bára Benediktsdóttir Landspítala** hafði eftirlit með SSS og sagði hún að bráðaflokkun hafi gengið vel. Fyrstu sjúklingar komu kl. 14:43 á SSS. Skráning gekk mjög vel þrátt fyrir misvísandi skilaboð frá sérfræðingum í æfingastjórn.

**Ágúst Svansson lögreglunni í Reykjavík** sagði að vinna við gæslu hafi verið fumlaus og skipulögð og allir vel undirbúnir. Einhverjir hnókrar voru á fjarskiptum og gekk gæslustjóra illa að ná sambandi við vettvangsstjórn. Hann taldi að best væri að Neyðarlínan sæi um að boða lögreglumenn með SMS.

**Atli Már Markússon Slysavarnafélaginu Landsbjörg** sagði að flutningar af skaðasvæði hafi gengið ótrúlega vel miðað við tiltækar bjargir. Fjórir sendibílar voru notaðir við flutningana. Kl. 14:10 var búið að flytja 12 sjúklinga af vettvangi, kl. 14:25 var búið að flytja 22 sjúklinga og kl. 15:20 var svo búið að flytja alla sjúklingana af vettvangi. Vinnubrögð voru öguð en það vantaði fleira fólk í burð og í bílana með sjúklingunum. Fjarskipti þarf að laga.

**Vigdís Agnarsdóttir RKÍ** sá um sjálfboðaliða. Hún sagði að illa hafi gengið að fá leikara. Þeir sem léku aðstandendur hefðu mátt vera fleiri en þeir mættu allir nema tveir. Ansi kalt var á vettvangi og þurfti að taka nokkra leikara úr hlutverki vegna þess. Almennt voru “sjúklingarnir” ánægðir með

meðferðina á sér en nokkrir voru þó ekki sáttir t.d. með að lífsmörk (sem voru á spjaldi) voru ekki tekin og sumir voru ekki fluttir í börum.

**Friðfinnur F. Guðmundsson Slysavarnafélaginu Landsbjörg** var staðsettur í aðgerðarstjórn og sagði að heilt yfir hafi öll vinna þar gengið vel en menn væru greinilega á misjöfnu þjálfunarstigi. Upplýsinga streymi frá vettvangsstjórn var ekki nógu gott. Öllum beiðnum var sinnt fljótt og vel og samskipti við björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð gengu vel.

**Steinar Steinarsson RNF** sagði æfingalegs eðlis væru hnökrar s.s. *Björgunarsveitarmenn telja út af vettvangi og inn á SSS og út af SSS* Sjúklingar á SSS hafi blandast og væri það einnig æfingalegs eðlis. Þróa þarf nýja skráningaformið. Úrvinnsla RKÍ ekki kláruð þar sem hún væri of tímafrek.

**Guðbjörg Pálsdóttir Landspítala** sagði að útkall vakthafandi læknis hafi borist allt of seint. Greiningasveit hafi farið úr húsi frá tveim stöðum og farið á tveim bílum. Það sem vel gekk var að allur undirbúningur var mjög góður og boðun starfsfólks gekk mjög vel. Öll umönnun sjúklinga var til fyrirmyndar. Það sem þarf að laga er að það vantar talstöð á sjúkrahúsið. Einnig þarf að bæta samskipti milli hæða og aðeins hluti af inngöngum sjúkrahússins var læstur.

Skráning innanhúss var ábótavant og svo virtist sem sumir starfsmenn þekktu ekki sín hlutverk skv. hópslysaáætlun sjúkrahússins. Jafnframt þarf að huga betur að og skipuleggja umönnun aðstandenda þar sem meðlimir áfallateymis sjúkrahússins var ekki til staðar til að sinna þeim þætti starfseminnar.

**Margrét Blöndal Landspítala** hafði eftirlit með áfallahjálpar og sálsgæslu. Hún sagði það jákvætt að áfallahjálparteymi væri til á sjúkrahúsinu en skrifa þyrfti áætlun um hvernig það á að vinna í útkalli. Einnig vantaði RKÍ fólk inn í teymið. Annar presturinn fékk ekki boð og gervi prestar úr Reykjavík komi ekki. Auka þarf fræðslu um áfallahjálpar og sálsgæslu. Björgunarsveitarmaður sem átti ættingja í slysinu átti að fá að klára æfinguna.

**Vigdís Agnarsdóttir RKÍ** talaði um fjöldahjálpar (í fjarveru Herdísar). RKÍ rak fjöldahjálparstöð í Arnardrangi. Þar var úrvinnsla skráningar, umönnun óslasaðra og söfnunarsvæði aðstandenda. Skráning barst seint og illa og þyrfti RKÍ fólk að sækja upplýsingar eftir óhefðbundnum leiðum. RKÍ annaðist SSÓ en þeir sem voru óslasaðir (merktir grænir) fóru ekki á SSÓ. Það sem þarf að gera er að yfirfara neyðarvarnaráætlun, fjölga í boðun og ákveða hvar SSA á að vera.

**Heimir Már Pétursson FMS** hafði eftirlit með fjölmiðlum. Hann sagði að fjölmiðlaþátturinn hafi gengið bæði vel og illa. Keyrt hafi verið eins raunverulega og hægt væri en æfa þyrfti þennan þátt betur. Hann sagðist hafa heyrt að of lítið áreiti hafi verið frá fjölmiðlafólki en í raun hafi verið um töluvert áreiti að ræða t.d. í aðgerðarstjórn. Fjölmiðlafólk komst að vettvangi úr suðri og gat lokið sér af þar. Boðun barst ekki til upplýsingafulltrúa FMS. Hann hringdi í alla aðila og var áberandi hvað menn voru öruggir og kurteisir.

**Jónína Sigurðardóttir fjarskiptamiðstöð RLS** sagði að það vantaði fleiri tæki og að þau væru orðin gömul og þreytt. Einnig þyrfti að samræma tækin, forrita þau eins og mynda heildarstefnu um innkomu eininga að slysi. Of miklar truflanir voru á endurvarpanum á Sæfelli. Fjarskiptin gengu vel miðað við þann búnað sem til var en auka þarf þjálfun í notkun tækja og í samvinnu. Samhæfing var góð.

Fjarskipti ganga ekki bara út á að tala og hlusta heldur einnig að koma inn á réttum tíma t.d. ef fjarskipti eru í gangi verður að leyfa þeim að klárast en ekki að koma inn á milli. Gera þarf einn eða tvo aðila ábyrga fyrir því að tækin séu í lagi og virki.

**Steinar Steinarsson RNF** sagði að boðun til RNF hafi gengið vel, náðst hafi í 4 af 5 aðilum. Vegna einhverja mistaka voru lík ekki skráð inn. Skilgreina þarf hvenær vettvangur er afhentur til rannsóknaraðila. Steinar benti á að völlurinn væri ekki rolluheldur og auðvelt væri að komast inn á flugbrautirnar.

**Karl Gauti** var aðgerðarstjóri. Hann sagði að vinna í aðgerðarstjórn hafi gengið vel og hafi verið reynt að sýna frumkvæði. Ekki hafi alveg verið unnið samkvæmt SÁBF. Boðun gekk vel að mestu leyti en það fengu ekki allir boð. Gangi þarf frá hverjir eiga að sitja í aðgerðarstjórn. Fjarskipti gengu ekki vel í byrjun. Illa gekk að fá upplýsingar frá vettvangsstjórn. Notkun á GSM kerfinu flækti málið og er

spurning hvort eigi að nota það. Prufað var að nota MSN og gekk það mjög vel og er spurning hvort eigi að þróa notkun á því. Samskipti við björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð gengu ágætlega en nokkrar beiðnir voru ekki afgreiddar.

**Halldór Sveinsson** var vettvangsstjóri. Hann sagði að öll vinna á vettvangi hafi gengið vel fyrir sig fyrir utan fjarskipti sem gengu misvel og sum tækin virkuðu ekki. Of mikið áreiti var á SSS og gekk ekki vel að koma sjúklingum þar í gegn og skráning er viðamikil og erfið. Færa köllun eftir björgum t.d. flutningstækjum, af vettvangsstjórn yfir á aðgerðarstjórn þar sem mikið áreiti er á vettvangsstjórn í upphafi.

Nýr vettvangsstjórabíll sem Rauði krossinn gaf kom sér sérstaklega vel og þakkað Halldór Rauða krossinum fyrir bílinn og Bjarna Sighvatssyni fyrir vinnu við að standsetja bílinn. Einnig þakkaði Halldór fyrir mjög góða fyrirlestra sem voru vel undirbúnir og fyrir samstarfið.

**Hermann Einarsson Rauða krossinum í Vestmannaeyjum.** Hann sagði að þessi æfing hafi verið betur skipulögð en æfingin fyrir 5 árum. Öll tjá- og samskipti voru skilvirk. Hins vegar gerðist það aftur að botninn datt úr æfingunni þegar reyna fór á fjöldahjálpinu. Þá gagnrýndi Hermann að óslasaðir voru innanum slasaða á SSS. Hann lagði til að leikarar væru í álpokum til að halda að sér hita og vildi skoða hvort hægt væri að nota tölvur við frumskráningu. Hann gagnrýndi aðskilnað SSA og fjöldahjálparstöðvar. Einnig sagði hann að allur akstur að og frá SSS ætti að vera undir einni stjórn. Hann fagnaði þátttöku í æfingunni og vonaði að allir hafi haft gagn af og fagnaði því einnig að gamli Rauða kross bíllinn sem deildin í Vestmannaeyjum gaf var kominn í notkun sem vettvangsstjórabíll

**Adolf Þórsson Björgunarfélagi Vestmannaeyja** sagði að verið væri að keyra eftir nýju skráningarkerfi og að setja þyrfti skráningarnúmerið á hvern lit á skráningarspjaldinu. Fjarskipti þarf að laga og einnig samstarf við aðra aðila.

**Stefán slökkviliði Vestmannaeyja** var björgunarstjóri. Hann sagði að menn þyrftu að vera duglegir að afla sér fræðslu og læra eitthvað nýtt s.s. greiningu. Hann sagðist ánægður með samskiptin við alla aðila og þakkaði sérfræðingunum í æfingastjórninni fyrir samstarfið.

**Hjörtur Kristjánsson læknir** sagði að einhvers misskilnings hafi gætt á SSS þar sem óslasaðir voru innanum þá sem voru mikið slasaðir. Endurskoða þyrfti hvar SSS á að vera. Einnig lagði hann til að Almannaavarnanefnd Vestmannaeyja boðaði alla aðila að æfingunni til úrvinnslufundar og var það samþykkt.

**Björn Már Jónsson Neyðarlínunni** sagði að boðun hófst kl. 13:12 og kl. 13:13 var SMS boðun lokið. Hann tók fram að lögreglan sæi um boðun á lögreglumönnum og vakthafandi lækni en áhugi væri fyrir hendi að láta Neyðarlínuna sjá um þessa boðun.

**Ólafur Egilsson Lögregluskólanum** þakkaði fyrir að fá tækifæri á að vera á þessari æfingu og sagði ástæðu þess að hann ásamt Þorleifi Njáli Ingólfssyni hefðu sóst eftir að vera með á æfingunni væri að rannsóknarvinna væri kennd við Lögregluskólann. Einnig sagði hann að rígur milli aðila þyrfti ekki endilega að vera neikvæður hann gæti líka verið bætandi.

**Jón Baldursson læknir Landspítala** þakkaði fyrir góða æfingu og sagði það eðlilegt að hlutirnir gengu stundum hægt fyrir sig, þegar sjúklingar væru svo margir. Hann sagði að ákveða þyrfti, hvort nota ætti borða eða spjöld við bráðaflokkun á vettvangi í framtíðinni.

**Guðný Bogadóttir** sagði undirbúninginn og æfinguna hafa verið mjög gagnlega og margt hægt að læra af þessu. Skráningafólk var óhressst með nýju skráningarspjöldin.

**Karl Gauti** sagðist aldrei hafa heyrt það fyrr að samstarf væri ekki gott milli aðila og taldi hann það einmitt mjög gott bæði við björgunarsveitir og aðra aðila. Hann þakkaði síðan sínu fólki fyrir samvinnuna.

**Frosti Gíslason Almannaavarnanefnd Vestmannaeyja** þakkaði fyrir góða æfingu og sagði að koma þyrfti fram ákveðið netfang þar sem allir aðilar gætu komið sínu sjónarmiði á framfæri.

**Árni Birgisson æfingastjóri** upplýsti að þeir sem vildu koma sínum sjónarmiðum á framfæri ættu að senda póst á netfangið hjá Kristjáni Torfasyni hjá Flugmálastjórn, kristjan@caa.is. Þá sagði hann að það sem gerðist næst væri að skrifuð væri lokaskýrsla og fór hann yfir formið á henni. Lagði hann til að hópstjórar sendu draft af sínum skýrslum á tengiliði sína í Vestmannaeyjum og þeir bæru saman bækur sínar áður en skýrslan væri svo send til Flugmálastjórnar.

**Ingimar Eydal Slökkviliði Akureyrar** sagði að mikill kulda hafi herjað á leikarana og benti á að ef til raunverulegs slyss kæmi væri þetta miklu meira vandamál.

**Árni Birgisson æfingastjóri** þakkaði mjög gott samstarf og sagði að þetta hafi í alla staði verið mjög fróðlegt og nú væri bara að nota allan þennan fróðleik inn í næstu æfingar.

**Fundi slitið**

**Kristján Torfason**  
**fundarritari**



## AÐGERÐARSKÝRSLA Samhæfingarstöðvarinnar í Skógarhlíð

**Hvað:** **Æfing - Flugslys Vestmannaeyjum**

**Tegund atburðar:** Æfing-Flugslys á Vestmannaeyjaflugvelli  
**Hver tilkynnir:** Neyðarlínan  
**Hvar:** Flugvöllinum á Vestmannaeyjaflugvelli  
**Hæsta stig aðgerðar:** Neyðarstig  
**Fjöldi fólks í hættu:** 51  
**Hvers er óskað:** Sjúkraflutningar með loftbrú frá Vey-Rvík., sjúkragögn og greiningarsveitir.

### Lýsing:

Tilkynning kom í gegnum Neyðarlínu að flugslys hefði orðið á Vestmannaeyjarflugvelli. Fljótlega kom í ljós að þörf yrði á loftbrú og var hún virkjuð fyrir sjúkraflutninga úr Vey. Sjá nánari útlístun í dagbók og undir helstu niðurstöður / lærdómur.

### Helstu niðurstöður / lærdómur:

1. Í þessari æfingu tóku aðeins tveir starfsmenn almannavarnadeildar. HJ. fylgdist með framkvæmd æfingarinnar og fól GÁH stjórnun hennar. Þessi fjöldi mönnunar er raunhæfur miðað við fækkun starfsmanna á deildinni. Mönnun á stjórnunarpóstana Á,B,F voru settir landsstjórnarmenn sem voru tveir í aðgerðinni. Þeim var falin verkefnið Bjargir (Einar Dan) og Framkvæmdir (Hörður). Enginn var settur í hlutverkið Áætlun. Þeir þurftu jafnframt að sinna hlutverki sínu sem landsstjórnarmenn. Mannfæð var nokkur í þessari æfingu en það kom enginn frá FMS en mikil þörf var fyrir fulltrúa frá þeim sér í lagi þegar loftbúin var virkjuð. Tveir fulltrúar komu frá landlækniseimbættinu og tveir frá RKÍ.
2. Gátlista í samhæfingarstöð þarf að aðlaga breyttum aðstæðum.
3. Nauðsyn er að gerða viðbragðs- og boðunaráætlun fyrir loftbrú.
4. Þjálfun og kennsla:
  - a) Kennslu í SÁBF fyrir áhöfn.
  - b) Þjálfun áhafnar í framhaldi.
  - c) Upplýsingagjöf og upplýsingastreymi innan samhæfingarstöðvar.
  - d) Þörf á kennslu til 112 og FML um hlutverk þeirra í samhæfingarstöð:
    - Almennt boðun og aðstoð við bjargir.
    - Símtalsmóttaka og flutningar.
5. Mannlegi þátturinn:
  - a) Við móttöku beiðna er mikilvægt að skrá alltaf hvaðan beiðnin kom.
  - b) Þegar loggað er, er nauðsynlegt að skrifa skýrt mál til að forðast misskilning.
  - c) Þegar tekið er á móti tölum um fórnarlömb í gegnum síma þarf alltaf að staðfesta tölur og leggja saman áður en símtali lýkur og upplýsingar eru settar í aðgerðalogg.

6. Aðgerðastjórinn:
  - a) Aðgerðastjórinn virkaði mjög illa í æfingunni og einnig er aðkallandi að aðlaga forritið að þörfum almannavarna.
  - b) Mikil þörf er á að fá loftbrúnna skrifaða inn í aðgerðastjórann með myndrænu útliti.
  - c) Vantar glugga með utanumhaldi yfir fórnarlömb og stöðu þeirra.
  - d) Spurning um að hafa síprentun fyrir aðgerðalogg ef rafmagn fer af eða tölvubúnaður virkar ekki.
7. Þörf er á að útfæra aðstöðu betur til að auðvelda starfsstöðvum að tala saman t.d. vegna sjúkraflutninga með loftbrú.
8. Upplýsingastreymi frá AS til samhæfingarstöðvar var ófullnægjandi.
9. Skráning upplýsinga frá VS er varðaði slasaða voru ófullnægjandi.

**Dagbók:**

1.11.2003 13:33	stjornun	Stjórnandi	* Gyða tók að sér Command
1.11.2003 13:33	stjornun	Stjórnandi	* Hörður tók að sér Operations
1.11.2003 13:33	stjornun	Stjórnandi	* Einar Daníels tók að sér Resources
1.11.2003 13:34	land_ed	Bjargir	Athugað með loftflutninga. Þyrlan Líf með pláss f. 6 börur. Fokker m. pláss f. 10-12. 40 mín viðbragðstími
1.11.2003 13:37	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Vilborg og Anna Björg komnar í stjórnstöð
1.11.2003 13:37	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Ingibjörg og Marinó mætt fyrir RKÍ
1.11.2003 13:38	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH. Hefur samband við Aðgerðastjórnstöð Vestmannaeyjum. Eru að koma sér af stað en töld að 48 farþega r væru um borð í vélinni/ EKKI STAÐFEST
1.11.2003 13:39	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Hringt í Landspítala Fossvogi og tilkynnt um slysið. Sá sem er ábyrgur fyrir heilbrigðisþjónustu í aðgerðarstjórn beðinn að hringja hingað.
1.11.2003 13:40	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Hringt í aðgerðarstjórn í Vestmannaeyjum og tilkynnt hvernig hægt að ná í sjúkraþjónustu í Björgunarmiðstöð.
1.11.2003 13:45	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Hringt í Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum, tilkynnt um að við erum hér til að aðstoða ef þau þurfa mannafla, búnað eða aðstoð við að flytja fólk milli stofnana.
1.11.2003 13:48	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Greiningarsveit hefur sótt eina greiningarsveit af Landspítala
1.11.2003 13:48	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH hefur samband við Aðgerðarstjórn Vestmannaeyjum ('Arróru) Staðfest að \$8 hafi verið um borð og þar af 6 útlendingar. Vantar Greiningarsveit bæði á vetvang og á sjúkrastofnun í eyjum
1.11.2003 13:54	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Búið er að gera klára aðstöðu fyrir óslasaða í húsi deildarinnar að Arnardranga og aðstandendur hafa aðstöðu í safnaðarheimili.
1.11.2003 13:54	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH hefur samband við Aðgerðastjórn (Áróru) Upplýst um pylufugeftir 40 mín. óskar eftir stöð slasaðra.
1.11.2003 13:56	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Beðið um aðra greiningarsveit frá Landspítala Fossvogi
1.11.2003 13:57	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Rauða kross deildin er komin með nafnalista farþeganna og er að faxa hann æu stjórnstöð
1.11.2003 13:57	land_ed	Bjargir	Fí Tilbúið komnir eftir 60 mín til Eyja með Fokker. Strippaða vél með pláss f. 14 börur.
1.11.2003 13:57	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Hringt í Blóðbanka beðið um 20 einingar af blóði. Vaktsími Blóðbanka sem gefinn var upp af Landspítala Fossvogi svara ekki. Skýrt frá því að lögregla verði beðinað koma og sækja blóðið. Blóðið tilbúið eftir 10 mínútur.

1.11.2003 13:59	framkvaemd	Framkvæmdir	Áróra Aðgerastjórn óskar eftir upplýsingum hvaða þyrla kæmi LÍF eð SIF / ekki enn kominn staðfesting á stöðu slasaðra.
1.11.2003 13:59	land_ed	Bjargir	Flugf. Ernir tilbúnir eftir 40 mín með pláss f. 2 börur.
1.11.2003 14:01	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Sendi farþegalistann í stórnstöð landsskrifstofu RKÍ Efstaleiti
1.11.2003 14:01	land_ed	Bjargir	Íslandsflug með pláss f. 4 börur . Tilbúnir eftir 60 mín í loftið
1.11.2003 14:08	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Landspítali Fossvogi látinn vita að Lögregla komi eftir um 10 mínustur til að taka greingarsveitina og greiningarsveitin á að taka með 20 einingar af blóði sem lögregla kemur með.
1.11.2003 14:09	land_ed	Bjargir	Lögreglan sér um flutning á greiningarsv. frá Fossvogi og blóð frá Blóðbanka fara með á Þyrluna
1.11.2003 14:09	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Hringt frá aðgerðarstjórn og beðið um lista yfir alla blóðgjafa í Vestmannaeyjum. Beðið um að hann sé faxesaður á xxxxxx
1.11.2003 14:10	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH hafði samband við Aðgerðastjórn (Áróru) 7 slasaðir // Um borð voru 19 karlar, 26 konur, 2 börn, 1 ungabarn, 6 útlendingar ( líklegast f´ra USA)
1.11.2003 14:13	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Blóðbankinn beðinn um lista yfir alla blóðgjafa í Eyjum. Það þarf að kalla út annan starfsmann og mun því taka um 30 mínútur. Einnig beðið um 5 einingar af blóði O+ verður tilbúið eftir 5 mínútur
1.11.2003 14:14	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH áframhald við fyrra samtal/3 voru áhöfn
1.11.2003 14:19	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Aðgerðarstjórn látin vita að það taki um 30 mínútur að senda listann. Einnig spurt hvort þau 7 sem eru greind slösuð þurfi flutning á sjúkrahús utan Eyja. Sjúkrahúsið getur tekið við 10 slösuðum en síðan fer eftir áverka hvort þeir þurfa aðstoð utan svæðis. Læknir í aðgerðarstjórn veit ekki frekar um ástand sjúklinganna.
1.11.2003 14:23	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Talað við RKÍ um hvort þeir viti af hvaða þjóðerni útlendingar nír eru. RKÍ í Eyjum er að athuga það.
1.11.2003 14:25	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Aðstandendur voru með ófrið á flugvellinumvellingum og lögreglan hjálpaði til við að fara með þá í Safnaðarheimilið
1.11.2003 14:28	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH hefur samband við Aðgerðastjórn (inngi) Eldur á þessar stundu slöktur að mestu/ Hlut farþega frá Vestmannaeyjum / einn Björgunarsveitarmaður kallaður úr aðgerða þar sem dóttir hans var um borð. Fjöldahjálparstöð sett af stað í safnaðarheimilinu.

1.11.2003 14:37	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Talað við hjúkrunarfræðing á sjúkrahúsinu. Enginn slasaður kominn í hús. Áfallahjálparteymi komið til starfa. Munu láta aðgerðarstjórn vita ef þau þurfa aðstoð.
1.11.2003 14:41	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH samband við Aðgerðastjórn (Áróra) Tafir á upplýsingum frá vettvangi á þessari stundu.
1.11.2003 14:41	stjornun	Stjórnandi	Stöðufundur með landlækni, framkv. og björgum eftir 3 min
1.11.2003 14:52	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Haft samb v LSH látið vita að 21 slasaður og að Veyja geta annað ca 10. LSH metur getu sína og hefur samband við sjþj'n. vn b'rdar
1.11.2003 14:53	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Talað við aðgerðarstjórn. Spurt um ástand þessara 21 slösuðu. Hafa engar upplýsingar um ástand slasaðra vita ekki til þess að neinn sé kominn á sjúkrahúsið. Allir 11 óslasaðir komnir af vettvangi. Þyrlan lent
1.11.2003 14:54	framkvaemd	Framkvæmdir	Áróra aðgerðastjórn Vestmannaeyjum lætur vita að 21 séu slasaðir og 11 ósslasaðir.
1.11.2003 14:59	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Talað við Guðnýju hjúkrunarfræðing á sjúkrahúsinu. Eitt barn komið á sjúkrahúsið í Eyjum. Þau telja sig geta sinnt barninu.
1.11.2003 15:00	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Hringt frá Landspítala hafa 12 pláss á gjörgæslu
1.11.2003 15:05	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Beiðni um 30 lítra Ringer Acetat og 30 lítra af NaCl Haft samband við Landspítala Fossvogi þeir muni útvega þetta innan 10 mínútna
1.11.2003 15:10	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Óskað eftir 2 prestum af landi. 1 prestur tilbúinn eftir 10 mín í Rvík og annar eftir 30 mín
1.11.2003 15:10	land_ed	Bjargir	Flugvél VEJ með 2 slasaða, einn í börum einn sitjandi lendir í R. vík kl. 1508
1.11.2003 15:12	land_ed	Bjargir	Flugvél OAF lendir kl. 1515 í Reykjavík með 2 slasaða í börum
1.11.2003 15:12	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Talað við aðgerðarstjórn. Gunnar veit af 4 sem eru á leiðinni en veit ekki af 6 sem eru á leiðinni. Hann veit af barninu á sjúkrahúsinu. Veit að sjúklingar eru á leiðinni frá vettvangi.
1.11.2003 15:16	land_ed	Bjargir	Þyrlan Líf lendir í Reykjavík kl. 15.30 með 6 mikið slasaða
1.11.2003 15:19	land_ed	Bjargir	beiðni um 20 björgunarsveitarmenn til Eyja.
1.11.2003 15:20	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH haft samband við aðgerðastjórn (Áróra) Reynt að skýra samskiptaleiðir milli aðgerðastjórnar og samræmingarstöðvar, vettvangi.
1.11.2003 15:20	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Vantar vökva og landlæknir látið vita Aðgerðarstjórn biður um meiri vökva fyrir sjúkrahúsið. Veit ekki hvað mikið eða hvaða tegund.
1.11.2003 15:22	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Talað við Guðnýju hjúkrunarfræðing á sjúkrahúsinu vegna óljósrar beiðni um

1.11.2003 15:24	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	vökva. Guðný segir að þetta sé sama beiðnin og við vorum búin að afgreiða.
1.11.2003 15:24	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Aðgerðarstjórn látin vita að vökvabeiðnin var sú sama og við höfðum afgreitt 15 mínútum áður og að hún er á leiðinni
1.11.2003 15:28	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Skv. fjöldahjálparstjóranum eru enginn enn kominn í fjöldahjálparstöðina. Það virðist vera einhver flöskuháls á flugvellinum sem þau fá ekki skýringar á.
1.11.2003 15:28	land_ed	Bjargir	Talað við Gunnar í aðgerðarstjórn. Hann spurður um áfallahjálpinu og hann staðfesti að beiðnin um prestana kom frá áfallahjálparteyminu.
1.11.2003 15:32	framkvaemd	Framkvæmdir	haft samband við svæðisstjórn - 20 bjsv. m tilbúnir efir 30 mín á flugvelli
1.11.2003 15:35	land_ed	Bjargir	Áróra hafði samband og skýrði frá því að flugvélar VEV fór 14:54 með 2 slasaða ORF fór með 4 14:45 með 4 slasaða LÍF fór 15:02 með 6 slasaða. Allir mikið slasaðir.
1.11.2003 15:36	framkvaemd	Framkvæmdir	Áætlað að fokker Landhelgisgæslu fari kl. 16.00 með 20 björgunarsv. menn og 2 prestar.
1.11.2003 15:37	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	HMH hafði samband við Aðgerðastjórn (Áróru) og kannaði hverjir hefðu farið með í flug til að sinna slösuðum. 'Araóra ætlar að kanna þetta mál og hafa samband um leið og hún hefur þessar upplýsingar.
1.11.2003 15:39	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Landspítali staðfestir að alir slasaðir eigi að koma í Fossvog.
1.11.2003 15:45	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	2 prestar í Rvík mæta í flug hjá flugskýli landhelgisgæslunnar rétt f. kl. 16
1.11.2003 15:46	framkvaemd	Framkvæmdir	Hringt í sjúkrahúsið. Þangað eru komnir 14 sjúklingar, sumir mjög mikið slasaðir og verða sumir þeirra fluttir til Reykjavíkur. Ekki vitað hverjir eða hve margir.
1.11.2003 15:50	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH hefur samband við Aðgerðastjórn (Áróru) Áróra kann hver óskaði eftir björgunarlið. Björgunarlið og prestar sem fara átti/ settir í bið
1.11.2003 15:51	gestur2	Fjarskipti	HMH hefur samband við Aðgerðastjórn (Frosti) Kanna með stöðu útlendinga og þjóðerni / hvar þeir eru og hvort allir séu frá BNA (USA)
1.11.2003 15:57	land_ed	Bjargir	Fréttatilkynning - 1 send fjölmiðlum aðgerðastjórnin í Eyjum afþakkar björgunarsveitarmenn sem eru á standby á Reykjavíkurflugvelli. Einnig eru 2 prestar sem eru þar afþakkaðir.
1.11.2003 16:00	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH hefur samband við aðgerðastjórn (INGI) kanna fjölda slasaðra og hvar þeir eru niður komnir/ til Reykjavíkur eru komni 12 /

			upplýsingar eru um 11 óslasaðra. og kannað með áframhaldandi flug frá eyjum
1.11.2003 16:06	framkvaemd	Framkvæmdir	Áróra hefur sambandið. Gefur upplýsingar. Ekki er nýjar upplýsingar
1.11.2003 16:10	rki	Umsjón fjöldahjálpar	11 óslaðir mættir í fjöldahjálparstöð í Vestmannaeyjum. Nokkuð gott ástand á fólki
1.11.2003 16:11	land_ed	Bjargir	Pála hjá Aðgerðastjórn i Eyjum tilkynnir stöðu. 30 slasaðir, ( 20 mikið og 10 minna) 8 látir. 13 óslasaðir
1.11.2003 16:11	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Blóðgjafarlistinn kominn, staðfest af aðgerðarstjórn
1.11.2003 16:15	framkvaemd	Framkvæmdir	Áróra hefur samband 15 á sjúkrahúsi í Vestmannaeyjum 5 Rauðir 3 Gulir 8 Grænir. Fokker sett í biðstöðu þar sem 3 af þeim 5 rauðu eiga að fara um borð í fokkerinn. 31 slasaðir 12 óslasaðir og 8 látir. Frekari upplýsingar verða sendar. Staðfest að ekki er þörf á björgunarliði frá reykjavík og ekki en ljóst hvort þörf er á Prestum
1.11.2003 16:17	stjornun	Stjórnandi	* Hafþór tók við hlutverkinu Command af Gyða
1.11.2003 16:21	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	15 sjúklingar á sjúkrahúsinu í Eyjum 5 rauðir, 3 gulir, 7 grænir. 3 af rauðum munu frá með Fokernum til Rvk. Vestmanneyjar eru að athuga hvort þarf utanaðkomandi aðstoð varðandi áfallahjálpar
1.11.2003 16:24	framkvaemd	Framkvæmdir	Áróra lætur vita að það sé staðfest að 9 séu um borð með fokkernum í Eyjum og gætum orðið 12 ætlaði að láta vita þegar hún veit töluna og vélin fer í loftið
1.11.2003 16:25	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Talað við Landspítala, Sigurð. Beðinn að hafa samband við áfallahjálparteymi á Landspítala v. allra þessara slösuðu..
1.11.2003 16:27	rki	Umsjón fjöldahjálpar	rætt milli Landlæknis og RKÍ hvort virkja ætti fjöldahjálparstöð fyrir aðstandenda slösuðu þegar þau koma á spítalann. Ákveðið var að við myndum hafa herbergi á spítalanum fyrir þá og virkja bæði áfallateymi spítalans og Rauða krossins til að hlú að þeim
1.11.2003 16:30	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Beðið um upplýsingar um látna,
1.11.2003 16:31	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH hefur samband við Aðgerðastjórnstöð ( Áróru) Staðfest að 9 eru um borð í Fokkernum og hann farinn. Síðan óskað eftir að kannað með Látina, umbúnað og flutning; málið sett í vinnslu í Eyjum.
1.11.2003 16:34	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Upplýsingum komið til Landspítala að Fokker muni lenda 16.53 með 9 sjúklinga sem allir fara í Fossvog

1.11.2003 16:36	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	'afallahjálparteymi hefur verið virkja (pappír) á Landspítala. Þar er búið að opna kennslustofu sem aðstöðu fyrir áfallahjálpinu. Verið að skoða hvort óskað verður eftir því að RKÍ komi þar inn, til að styðja aðstandendur þeirra sem koma á Landspítala.
1.11.2003 16:40	landlaeknir	Umsjón sjúkraliðs	Landspítali greinir frá því að þeir geti vel tekið við þeim 9 slösuðu sem eru á leiðinni með Fokker, því að búið er að kalla út mikinn mannskap á Landspítala.
1.11.2003 17:03	stjornun	Stjórnandi	Fréttatilkynning - 2 send fjölmiðlum
1.11.2003 17:05	stjornun	Stjórnandi	Fjölmiðlun send fréttatilkynning - 2
1.11.2003 17:17	rki	Umsjón fjöldahjálpar	Ákveðið að hætta hér en deildin í Vestmannaeyjum ætlar að bíða eftir nafnalista. símtal við Hermann formann.
1.11.2003 17:19	framkvaemd	Framkvæmdir	HMH farin aðgerð lokið
1.11.2003 17:21	stjornun	Stjórnandi	Að höfðu samráði við aðgerðastjórn VM er aðgerðum lokið í samhæfingarstöð

**Skýrslu þessa skráði:** Gyða Árný Helgadóttir